

# *Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2025-2040*

FORSENDU- OG UMHVERFISMATSSKÝRSLA



Tillaga til auglýsingar  
skv. 31. gr. skipulagslaga og 15. gr laga um umhverfismat  
Apríl 2026

**ATA**

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b>	<b>4</b>	<b>6. Atvinnulíf og grunnkerfi</b>	<b>66</b>
1.1 Efni skýrslunnar	5	6.1 Þróun atvinnulífs	67
1.2 Kaflar skýrslunnar	5	6.2 Orkuframleiðsla og -flutningur	76
<b>2. Efni aðalskipulagstillögu</b>	<b>6</b>	6.3 Veitur og fjarskipti	79
2.1 Stefnusvið og viðfangsefni	7	6.4 Úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfi	82
2.2 Uppbygging stefnu og skipulagsákvæða	7	<b>7. Samræmi við umhverfisviðmið</b>	<b>84</b>
2.3 Tengsl við aðrar áætlanir	8	7.1 Inngangur	85
<b>3. Nálgun við umhverfismat</b>	<b>9</b>	7.2 Loftslag og náttúruvá	87
3.1 Umhverfisþættir og viðmið	10	7.3 Vatn	89
3.2 Umhverfismat á tveimur stigum	10	7.4 Land og jarðvegur	91
3.3 Gátlisti fyrir umhverfismat	11	7.5 Líffræðileg fjölbreytni og tegundir og búsvæði sem njóta verndar	93
<b>4. Vistkerfi og auðlindir</b>	<b>17</b>	7.6 Landslag, víðerni, jarðmyndanir og menningarminjar	95
4.1 Loftslag og náttúruvá	18	7.7 Íbúar og heilbrigði, slysaætta, loftgæði, hljóðvist	97
4.2 Vatn og strandsjór	26	7.8 Efnisleg verðmæti	100
4.3 Land og jarðvegur	31	<b>8. Helstu breytingar í þéttbýli</b>	<b>103</b>
4.4 Lífríki og landslag	35	8.1 Breytingar sem eiga við alla landnotkunarflokka	104
<b>5. Byggð og samfélag</b>	<b>41</b>	8.2 Mörk þéttbýlisuppdráttar	104
5.1 Íbúar, húsnæði og lýðheilsa	42	8.3 Íbúðarbyggð	104
5.2 Byggðarmynstur og bæjarmynd	47	8.4 Miðsvæði	104
5.3 Samgöngur og umferð	51	8.5 Verslun og þjónusta	104
5.4 Þjónusta, verslun og menningarlíf	59	8.6 Samfélagsþjónusta	105
5.5 Útivist, íþróttir og leikir	63	8.7 Íþróttasvæði	105
		8.8 Afþreyingar- og ferðamannasvæði	105
		8.9 Opin svæði	105
		8.10 Athafnasvæði	105
		8.11 Iðnaðarsvæði	105
		8.12 Hafnarsvæði	105

8.13 Sérstök not haf- og vatnssvæða	106
8.14 Strandsvæði	106
8.15 Veitur	106
8.16 Þjóðvegur í þéttbýli	106
<b>9. Helstu breytingar í dreifbýli</b>	<b>120</b>
9.1 Breytingar sem eiga við alla landnotkunarflokk	121
9.2 Óbyggð svæði, landbúnaðarsv., strandsv. og skógr.sv.	121
9.3 Íbúðarbyggð	122
9.4 Verslun og þjónusta og afþreyingar- og ferðamannasv.	122
9.5 Efnistöku- og efnislosunarsvæði	123
9.6 Þjóðvegur 1	123
9.7 Náttúruvá	123
9.8 Skýringar við skipulagsákv. um íbúðarhúsn. í dreifbýli	126
<b>Viðauki:</b>	<b>135</b>
Umhverfismatsskýrsla fyrir tillögu að nýjum VP-reit í landi Byrgis í Borgarhöfn	135

A1609-179-U06

Tillaga til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga, sbr. fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar 18.2. og 8.4.2026 og skv. afgr. bæjarstjórnar 9.4.2026

Ljósmyndir eru frá Alta, Sigurjóni Andræssyni bæjarstjóra, Þorsteini Roy Jóhannssyni ljósmyndara og af vef sveitarfélagsins.

# *1. Inngangur*



## 1.1 Efni skýrslunnar

**Þessi forsendu- og umhverfismatsskýrsla er hluti af tillögu að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2025-2040 en önnur skipulagsgögn eru:**

- Skipulagsgreinargerð sem skiptist í stefnuhluta og landnotkunar-/skipulagsákvæðahluta.
- Einn skipulagsuppdráttur fyrir þéttbýlið á Höfn og Nesjahverfi í mkv. 1:10.000.
- Fjórir skipulagsuppdrættir fyrir dreifbýli; þ.e. þrír fyrir sveitir í mkv. 1:60.000 og einn fyrir fjallendi í mkv. 1:150.000.
  1. Öræfi
  2. Suðursveit og Mýrar
  3. Nes og Lón
  4. Fjallendi A, B og C

**Forsendu- og umhverfismatsskýrslan er í senn:**

- **Skýringar við stefnu aðalskipulagstillögunnar** um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál, í samræmi við 5. mgr. 28. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- **Mat á því hvort stefnan stuðlar að sjálfbærri þróun**, heilnæmu umhverfi og umhverfisvernd, í samræmi við 1. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

## 1.2 Kaflar skýrslunnar

**Uppbyggingin skýrslunnar er þessi:**

- **Í 2. kafla er yfirlit yfir efni** aðalskipulagstillögunnar og tengsl hennar við aðrar áætlanir.
- **Í 3. kafla er gátlisti** með spurningum sem leiða mat á því hvort tillagan stuðli að sjálfbærri þróun.
- **Í 4., 5. og 6. kafla eru skýringar** við markmið aðalskipulagstillögunnar, sbr. kafla með sömu númer og heiti í skipulagsgreinargerð. Útskýrt er af hverju hvert markmið er sett fram, með því að fjalla um:
  - Forsendur sem snúa að núverandi ástandi og líklegri þróun umhverfis-, efnahags- og samfélagsþátta.
  - Árangur og áhrif sem markmiðið getur stuðlað að. Þar er gátlisti í 3. kafla hafður til hliðsjónar
- **Í 7. kafla er gerð grein fyrir samræmi markmiða** aðalskipulagsins við viðmið um sjálfbæra þróun, sbr. 3. kafla.
- **Í 8. kafla er listi yfir helstu breytingar í þéttbýli** frá fyrra aðalskipulagi. Þar eru jafnframt metnir valkostir um legu þjóðveggar í gegnum þéttbýlið, sem er eina verulega skipulagsbreytingin sem gert er ráð fyrir..
- **Í 9. kafla er fjallað um breytingar í dreifbýlinu** og eru forsendur skipulagsákvæða um íbúðarbyggð sérstaklega dregnar fram.
- **Í 10. kafla verður samantekt** skýrslunnar.

## 2. Efni aðalskipulagstillögu



## 2.1 Stefnusvið og viðfangsefni

**Viðfangsefni aðalskipulagsins<sup>1</sup> eru flokkuð** undir þrjú stefnusvið sem samsvara þremur stöðum sjálfbærrar þróunar og á hverju þeirra eru nokkur meginviðfangsefni:

### **Vistkerfi og auðlindir**

- Loftslag og náttúruvá
- Vatn og strandsjór
- Land og jarðvegur
- Lífríki og landslag

### **Byggð og samfélag**

- Íbúar, húsnæði og lýðheilsa
- Byggðarmynstur og bæjarmynd
- Samgöngur og umferð
- Þjónusta, verslun og menningarlíf
- Útivist, íþróttir og leikir

### **Atvinnulíf og grunnkerfi**

- Þróun atvinnulífs
- Orkuframleiðsla og orkuflutningur
- Veitur og fjarskipti
- Úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfi

<sup>1</sup> gr. 4.3.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013

## 2.2 Uppbygging stefnu og skipulagsákvæða

**Fyrir hvert stefnusvið aðalskipulagsins** er sett fram sýn sem lýsir framtíðarmynd og fyrir hvert viðfangsefni eru sett fram tvö til fimm meginmarkmið sem síðan eru útfærð með nánari markmiðum og leiðum að þeim.

**Leiðirnar lýsa** hvernig markmiðum verði náð með:

- **Áherslum við ákvarðanir** um landnotkun og mannvirkjagerð sem og um takmarkanir, s.s. vegna náttúruverndar, vatnsverndar, minjaverndar eða náttúruvár.
- **Almennum ákvæðum** fyrir hvern landnotkunarflokk út frá skilgreiningu í skipulagsreglugerð.<sup>2</sup> Ákvæðin segja til um áherslur við deiliskipulagsgerð og afgreiðslu bygginga- og framkvæmdaleyfa.
- **Sértækum skipulagsákvæðum** fyrir einstaka landnotkunarreiti innan hvers landnotkunarflokks.

**Leiðir að markmiðum snúast jafnframt sumar um verkefni** á sviði umhverfis- og skipulagsmála sem stefnt er að ráðast í á skipulagstímabili aðalskipulagsins, í þeim tilgangi að ná þeim árangri sem stefnt er að og lýst er í meginmarkmiðum og framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið.

<sup>2</sup> Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

## 2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

**Við mótun markmiða aðalskipulagstillögunnar** var tekið mið af viðeigandi áætlunum á landsvísu. Áætlanirnar voru rýndar m.t.t. hlutverks og viðfangsefna aðalskipulags og til að tryggja samræmi við þær var útbúin gátlisti sem jafnframt er er nýttur við umhverfismat skipulagstillögunnar, sjá næsta kafla. Áætlanirnar eru þessar:

### Skipulagsmál

- Landsskipulagsstefna 2024-2038 ásamt aðgerðaáætlun.<sup>3</sup>

### Loftslagsmál

- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030.
- Í ljósi loftslagsvárs - Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum.

### Vatn, land og skógur

- Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 og aðgerðaáætlun.
- Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031 og aðgerðaáætlun 2022-2026.

### Byggða-, atvinnu- og samgöngumál

- Samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.
- Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036.
- Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030.
- Landbúnaðarstefna til ársins 2040.
- Matvælastefna Íslands til ársins 2030.
- Ferðamálstefna og aðgerðaáætlun til ársins 2030.
- Húsnæðisstefna 2024–2038 og aðgerðaáætlun 2024–2028.

### Náttúruvernd<sup>4</sup>

- Náttúruminjaskrá og Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013.

### Orkumál og orkuflutningur

- Sjálfbær orkuframtíð. Orkustefna til ársins 2050.
- Kerfisáætlun Landsnets. Langtímaáætlun 2021-2030 og áætlun um framkvæmdaverk 2022-2024.<sup>5</sup>

### Veitur og fjarskipti

- Stefna í fjarskiptum fyrir árin 2019–2033 og Fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019–2023.

### Úrgangs- og mengunarmál

- Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2020.
- Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum 2016-2027.

### Mannvirkjagerð, menningararfur og minjar

- Aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023–2026.
- Byggjum grænni framtíð, vegvísir að vistvænni mannvirkjagerð 2030.
- Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi 2021.
- Menningarstefna í mannvirkjagerð 2014.
- Menningarstefna 2013.

### Lýðheilsumál

- Lýðheilsustefna til ársins 2030. Lýðheilsustefna 2016 og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi.
- Heilbrigðisstefna til ársins 2030.
- Stefna í geðheilbrigðismálum til ársins 2030.

<sup>3</sup> Landsskipulagsstefna 2024-2038 og 5 ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028

<sup>4</sup> Fyrir liggja drög að stefnu og markmiðum um líffræðilega fjölbreytni til ársins 2030

<sup>5</sup> Fyrir liggja drög að langtímaáætlun 2025-2034 og framkvæmdaáætlun 2026-2028

### *3. Nálgun við umhverfismat*



### 3.1 Umhverfispættir og viðmið

Í lögum um umhverfismat eru tilgreindir umhverfispættir sem meta skal hvort og hvernig verða fyrir áhrifum af viðkomandi áætlun. Þessir þættir eru:

- Íbúar og heilbrigði manna.
- Líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar.
- Land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag,
- Efnisleg verðmæti og menningarmínjar.
- Næmi framkvæmdar eða áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum.
- Samspil þeirra þátta sem taldir eru upp að ofan.

Út frá þessum lista var hver umhverfispáttur skilgreindur nánar með undirþáttum. Einnig var dregin fram helsta vistkerfisþjónusta sem umhverfispátturinn veitir, í þeim tilgangi að minna á mikilvægi slíkrar þjónustu fyrir tilveru og lífsgæði mannfólks.

Til að meta áhrif á viðkomandi umhverfispátt var settur fram gátlisti með matsspurningum. Þær eru samdar út frá Heimsmarkmiðunum og stefnuskjölum á landsvísu (sbr. kafla 2.3) og lýsa viðmiðum um sjálfbæra þróun. Jákvætt svar segir að viðkomandi skipulagsmarkmið er í samræmi við stefnuna og eru áhrif á umhverfispáttinn þá metin jákvæð og í átt að sjálfbærri þróun. Þessi nálgun við umhverfismat kallast markmiðaleidd (e. objective-led environmental impact assessment) og er gjarnan beitt á áætlunarstigi.

### 3.2 Umhverfismat á tveimur stigum

Umhverfismat aðalskipulagstillögunnar er annarsvegar á stefnustigi og hinsvegar landnotkunarstigi. Framangreindur gátlisti, sem birtur er í næsta kafla var:

- **Hafður til hliðsjónar við ritun skýringa** við einstök markmið til að draga saman helstu áhrif markmiða á hverju stefnusviði (sjá kafla 4-6).
- **Nýttur við að meta valkosti** um þjóðveg í þéttbýli en þar var hann útfærður nánar m.t.t. viðfangsefnanna (sjá kafla 8).

Gátlistanum er svo einnig ætlað að nýtast við framfylgd markmiða og ákvæða aðalskipulagsins, þ.e. við vinnslu og afgreiðslu aðalskipulagsbreytinga, deiliskipulags og umsókna um framkvæmda- og byggingaleyfi.

### 3.3 Gátlisti fyrir umhverfismat

Eftirfarandi gátlisti var nýttur við umhverfismat aðalskipulagsins en skal jafnframt nota við mótun aðalskipulagsbreytinga, deiliskipulags og deiliskipulagsbreytinga, sem og við vinnslu og afgreiðslu leyfisumsókna þar sem við á.

Umhverfisþættir sem skipulagsáætlun getur haft áhrif á		Efniviður í matsspurningar	Matsspurningar sem leiða mat á áhrifum skipulagsáætlunar	
Umhverfisþættir <sup>6</sup> sem meta skal hvort og hvernig verða fyrir áhrifum af áætluninni.	Undirþættir sem skilgreina nánar hvað þarf að skoða við mat á áhrifum.	Vistkerfisþjónusta sem umhverfisþátturinn veitir. Listinn dregur fram að neikvæð áhrif áætlunar á þessa þjónustu skaðar á endanum tilveru og lífsgæði mannfólks.	Heimsmarkmið (HM) <sup>7</sup> og stefnuskjöl á landsvísu sem innihalda viðmið um sjálfbæra þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd, sem umhverfismati er ætlað að stuðla að.	Matsspurningar til að meta áhrif einstakra skipulagsmarkmiða á viðkomandi umhverfisþátt. Þær eru samdar út frá Heimsmarkmiðum og stefnuskjölum á landsvísu. Jákvætt svar segir að viðkomandi skipulagsmarkmið er í samræmi við stefnuna og eru áhrif á umhverfisþáttinn þá metin jákvæð.
<b>Loftslag og náttúruvá</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Veður</li> <li>• Snjóflóð, aurskriður</li> <li>• Vatnsflóð, sjávarflóð</li> <li>• Jarðskjálftar, eldgos</li> <li>• Þurrkar, gróðureldar</li> <li>• Vá af völdum loftslagsbreytinga, s.s. hækkun sjávarborðs, landris, úrkomuákefð, þurrkar, óveðratíðni, tíðni eldgosa, bráðnun sífrera í fjallendi, land- og farvegabreytingar</li> <li>• Aðgerðir gegn loftslagsbr., binding og losun kolefnis</li> <li>• Aðlögun að loftslagsbreytingum</li> </ul>	<b>Temprun og stjórnun á ferlum:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Loftslagsstjórnun, á heims- og svæðisvísu (hiti, kuldi, raki/úrkoma, þurrkar)</li> <li>• Kolefnisbinding í jarðvegi, gróðri og berggrunni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• HM 7 Sjálfbær orka</li> <li>• HM 11 Sjálfbærar borgir og samfélag</li> <li>• HM 13 Aðgerðir í loftslagsmálum</li> <li>• Landsskipulagsstefna 2024–2038.</li> <li>• Í ljósi loftslagsvárs - Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum</li> <li>• Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til 2031</li> <li>• Byggjum grænni framtíð, vegvísir að vistvænni mannvirkjagerð 2030</li> <li>• Samgönguáætlun 2020-2034</li> <li>• Stefnumótandi byggðaáætlun 2022-2036</li> </ul>	<p>Stuðlar skipulagsmarkmiðið að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Aðlögun að loftslagsbreytingum</b> og áhrifum þeirra á umhverfi og náttúruvá?</li> <li>• <b>Kolefnishlutleysi</b>, þ.e. aukinni bindingu og minni losun, s.s. með aukinni hlutdeild endurnýjanlegrar orku?</li> <li>• <b>Samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda</b> vegna samgangna?</li> <li>• <b>Aukinni kolefnisbindingu og minni losun</b> gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði?</li> <li>• <b>Tilliti til annarrar náttúruvárs</b> og aðgerðum til að koma í veg fyrir röskun vistkerfa, slyss, manntjón og eignatjón vegna hennar?</li> </ul>

<sup>6</sup> Skv. 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þættirnir eru flokkaðir saman eftir því sem þykir eiga best við út frá uppbyggingu aðalskipulagsins

<sup>7</sup> Hér eru dregin fram þau Heimsmarkmið sem helst tengjast umhverfisviðmiðinu en í einhverjum tilvikum geta fleiri tengst en þau sem eru nefnd

Umhverfisþættir sem skipulagsáætlun getur haft áhrif á			Efniviður í matsspurningar	Matsspurningar sem leiða mat á áhrifum skipulagsáætlunar
<b>Vatn</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Grunnvatn</li> <li>• Yfirborðsvatn, vatnshlot</li> <li>• Votlendi</li> <li>• Strandsjór, strandhlot</li> <li>• Jarðhitavatn</li> </ul>	<p><b>Grunnþjónusta:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hringrás vatns</li> </ul> <p><b>Temprun og stjórnun á ferlum:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vatnsstjórnun/-miðlun, binding vatns í jarðvegi, gróðri og berggrunni.</li> </ul> <p><b>Hráefni/aðföng:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Ferskvatn; drykkjarvatn, iðnaðarvatn</li> <li>• Orka/eldsneyti (lífmassi, jarðhiti, vatnsorka, vindorka, sólarorka, sjávarföll)</li> <li>• Lífefni, erfðaefni, náttúrulyf og efni í lyf</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• HM 6 Hreint vatn og hreinlætisaðstaða</li> <li>• HM 7 Sjálfbær orka</li> <li>• HM 14 Líf í vatni</li> <li>• HM 15 Líf á landi</li> <li>• Landsskipulagsstefna 2024–2038</li> <li>• Vatnaáætlun Íslands 2022-2027</li> <li>• Sjálfbær orkuframtíð. Orkustefna til ársins 2050</li> <li>• Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031</li> </ul>	<p>Stuðlar skipulagsmarkmiðið að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Auknum gæðum</b> vatns og strandsjávar, m.a. með því að styðja við getu vistkerfa til að hreinsa vatn?</li> <li>• <b>Nægu framboði á vatni</b> til neyslu og atvinnustarfsemi og betri nýtingu þess?</li> <li>• <b>Vernd og endurheimt vatnstengdra vistkerfa</b> og góðri umgegni um þau?</li> <li>• <b>Vörnum gegn hættu af vatnsflóðum, jökulhlaupum og hækkun sjávar</b>, þ.m.t. með náttúrumiðuðum lausnum?</li> <li>• <b>Sjálfbærri nýtingu vatnsorku?</b></li> </ul>
<b>Land og jarðvegur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Berggrunnur</li> <li>• Jarðvegur</li> <li>• Jarðhiti</li> <li>• Landrof</li> </ul>	<p><b>Grunnþjónusta:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hringrás vatns</li> <li>• Hringrásir næringarefna kolefni, köfnunarefni/nitur, brennisteinn/sulfur, fosfór)</li> <li>• Jarðvegsmyndun</li> <li>• Frumframleiðsla</li> <li>• Framleiðsla súrefnis</li> <li>• Ljóstíllífun</li> <li>• Bús væði</li> <li>• Líffræðileg fjölbreytni</li> <li>• Framleiðsla lífmassa</li> </ul> <p><b>Temprun og stjórnun á ferlum:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hreinsun vatns, jarðvegs og lofts (loftgæði, vatnsgæði, jarðvegsgæði)</li> <li>• Jarðvegsvernd</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• HM 11 Sjálfbærar borgir og samfélag</li> <li>• HM 15 Líf á landi</li> <li>• Landsskipulagsstefna 2024–2038</li> <li>• Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til 2031</li> </ul>	<p>Stuðlar skipulagsmarkmiðið að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Getu vistkerfa</b> til að hreinsa jarðveg sem best?</li> <li>• <b>Stöðvun jarðvegseyðingar</b> og verndun og endurheimt jarðvegs, þ.m.t. landgræðsla og endurheimt vistkerfa á röskuðu landi?</li> <li>• <b>Kolefnisbindingu</b> í jarðvegi?</li> </ul>

Umhverfiþættir sem skipulagsáætlun getur haft áhrif á	Efniviður í matsspurningar	Matsspurningar sem leiða mat á áhrifum skipulagsáætlunar		
		<p><b>Hráefni/aðföng:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fæða (plöntur, ber, dýr, landbúnaður, veiðar o.fl.) og ýmiskonar hráefni (timbur, trefjar)</li> <li>• Land sem styður við matvæla- og fóðurframleiðslu</li> <li>• Orka/eldsneyti (lífmassi, jarðhiti, vatnsorka, vindorka, sólarorka, sjávarföll)</li> <li>• Lífefni, erfðaefni, náttúrulyf og efni í lyf</li> </ul>		
<p><b>Líffræðileg fjölbreytni og tegundir og búsvæði sem njóta verndar</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Búsvæði</li> <li>• Vistgerðir</li> <li>• Gróður</li> <li>• Dýralíf</li> <li>• Mikilvæg fuglasvæði</li> <li>• Skógar</li> </ul>	<p><b>Temprun og stjórnun á ferlum:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Frævun/frjóvgun, frædreifing</li> </ul> <p><b>Hráefni/aðföng:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fæða (plöntur, ber, dýr, landbúnaður, veiðar o.fl.) og ýmiskonar hráefni (timbur, trefjar)</li> <li>• Lífefni, erfðaefni, náttúrulyf og efni í lyf</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• HM 14 Líf í vatni.</li> <li>• HM 15 Líf á landi.</li> <li>• Landsskipulagsstefna 2024–2038</li> <li>• Náttúruminjasrá og Náttúruverndaráætlun 2004–2008 og 2009–2013</li> <li>• Samningur um vernd líffræðilegrar fjölbreytni</li> <li>• Líffræðileg fjölbreytni: Stefna og markmið til ársins 2030</li> <li>• Alþjóðasamþykkt um fuglavernd</li> <li>• Ramsarsamningurinn um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf</li> <li>• Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu</li> <li>• Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030</li> <li>• Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036</li> </ul>	<p>Stuðlar skipulagsmarkmiðið að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Verndun, endurheimt og sjálfbærri nýtingu vistkerfa</b> þ.m.t. viðhald og styrking líffræðilegrar fjölbreytni?</li> <li>• <b>Verndun svæða á grundvelli lífríkis og annars náttúrufars?</b></li> <li>• <b>Tilliti til lífríkis og annars náttúrufars</b> við staðsetningu og hönnun mannvirkja?</li> <li>• <b>Náttúruvernd</b> til stuðnings byggðarþróun?</li> <li>• <b>Verndun landsvæða sem skilgreind eru í verndarflokki</b> í rammaáætlun eða annarra svæða sem hafa hátt verndargildi skv. tillögum verkefnisstjórnar sem hafa ekki verið afgreiddar af Alþingi?</li> </ul>

Umhverfisþættir sem skipulagsáætlun getur haft áhrif á			Efniviður í matsspurningar	Matsspurningar sem leiða mat á áhrifum skipulagsáætlunar
<b>Landslag, víðerni, jarðmyndanir og menningarminjar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Víðerni og aðrar landslagsgerðir</li> <li>• Jarðminjar</li> <li>• Fornleifar</li> <li>• Byggingararfur</li> <li>• Verndarsvæði</li> </ul>	<b>Menning og lífsgæði:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Menntun, þekking, vísindi.</li> <li>• Útivist, ferðalög, vellíðan, lýðheilsa, félagsleg samskipti, staðarvitund, andleg upplifun, fagurfræðileg upplifun, innblástur.</li> <li>• Hefðbundin not, s.s. beit, veiði</li> <li>• Menningararfur, menningarlandslag</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• HM 3 Heilsa og vellíðan</li> <li>• HM 7 Sjálfbær orka</li> <li>• HM 11 Sjálfbærar borgir og samfélag</li> <li>• Landsskipulagsstefna 2024–2038</li> <li>• Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi 2021</li> <li>• Menningarstefna í mannvirkjagerð 2014</li> </ul>	Stuðlar skipulagsmarkmiðið að: <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Verndun svæða á grundvelli landslagsverðmæta</b>, þ.m.t víðerna?</li> <li>• <b>Tilliti til landslagssérkenna</b> við staðsetningu og hönnun mannvirkja?</li> <li>• <b>Verndun sérstæðra jarðmyndana og jarðfræðilegrar fjölbreytni?</b></li> <li>• <b>Verndun fornleifa og verðmæts menningar- /búsetulandslags?</b></li> <li>• <b>Verndun landsvæða sem skilgreind eru í verndarflokki</b> í rammaáætlun eða annarra svæða sem hafa hátt verndargildi skv. tillögum verkefnisstjórnar sem hafa ekki verið afgreiddar af Alþingi?</li> </ul>
<b>Íbúar og heilbrigði, slyshætta, loftgæði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Búsetuskilyrði</li> <li>• Byggðarmynstur</li> <li>• Bæjarmynd</li> <li>• Samfélagsþjónusta</li> <li>• Útivist og afþreying</li> <li>• Hreinleiki umhverfis, þ.m.t. loftgæði og hljóðvist</li> <li>• Umferðaröryggi og annað öryggi</li> </ul>	<b>Temprun og stjórnun á ferlum:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Temprun/stjórnun hljóðvistar, gæði hljóðvistar</li> <li>• Hreinsun lofts, vatns og jarðvegs (loftgæði, vatnsgæði, jarðvegsgæði)</li> <li>• Sjúkdómavarnir</li> <li>• Varnir gegn náttúruvá.</li> </ul> <b>Menning og lífsgæði:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Menntun, þekking, vísindi</li> <li>• Útivist, ferðalög, vellíðan, lýðheilsa, félagsleg samskipti, staðarvitund, andleg upplifun, fagurfræðileg upplifun, innblástur</li> <li>• Hefðbundin not, s.s. beit, veiði</li> <li>• Menningararfur og -landslag</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• HM 3 Heilsa og vellíðan.</li> <li>• HM 4 Menntun fyrir alla</li> <li>• HM 11 Sjálfbærar borgir og samfélag</li> <li>• Landsskipulagsstefna 2024–2038</li> <li>• Samgönguáætlun 2020-2034</li> <li>• Húsnæðisstefna 2024–2038</li> <li>• Í ljósi loftslagsvár- Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum</li> <li>• Lýðheilsustefna til ársins 2030</li> <li>• Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi, 2016</li> <li>• Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2020</li> <li>• Stefnumótandi byggðaáætlun 2022-2036</li> <li>• Aðgerðaáætlun í málefnum</li> </ul>	Stuðlar skipulagsmarkmiðið að: <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Húsnæði</b> fyrir alla?</li> <li>• <b>Aðgengi</b> fyrir alla?</li> <li>• <b>Umferðaröryggi og öðrum slysavörnum?</b></li> <li>• <b>Heilsueflandi og barnvænu, hreinu og öruggu búsetumhverfi</b> þar sem beitt er umhverfisvænum eða náttúrumiðuðum lausnum þar sem við á?</li> <li>• <b>Miklum gæðum bygginga og bæjarrýma</b> og styrkingu sérkenna og staðaranda?</li> <li>• Jákvaðum efnahags-, félags- og umhverfislegum tengslum milli þéttbýlis og dreifbýlis?</li> <li>• <b>Traustum samfélagslegum innviðum</b> sem styðja við íbúa- og atvinnuþróun og hafa viðnámsþrótt gagnvart loftslagsbreytingum?</li> <li>• <b>Aðgengi að verslun og þjónustu</b> á dreifbýlum svæðum fjarri stórum þjónustukjarna?</li> <li>• <b>Öruggum og aðgengilegum grænum svæðum og öðrum almenningsrýmum</b>, sem eru hluti kerfis</li> </ul>

Umhverfisþættir sem skipulagsáætlun getur haft áhrif á			Efniviður í matsspurningar	Matsspurningar sem leiða mat á áhrifum skipulagsáætlunar
Íbúar og heilbrigði, frh.			<p>hönnunar og arkitektúrs 2023–2026</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Menningarstefna í mannvirkjagerð 2014</li> <li>• Menningarstefna 2013</li> <li>• Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi 2021</li> <li>• Heilbrigðisstefna til 2030</li> <li>• Stefna í geðheilbrigðismálum til 2030</li> </ul>	<p>grænna innviða og sem hvetja til útiveru og hreyfingar, veita tækifæri til að stunda íþróttir og matjurtaræktun og bjóða upp á náttúruupplifun?</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Samræmingu útivistar við aðra landnotkun, s.s. skógrækt og landbúnað?</b></li> <li>• <b>Tækifærum fyrir ólíka félagshópa til að hafa áhrif</b> á ákvarðanir um nærumhverfi sitt?</li> <li>• <b>Vitund um menningararf</b>, verndun hans og nýtingu, til að styrkja sérkenni, staðaranda og sögulegt samhengi hins byggða umhverfis?</li> <li>• <b>Fjölbreyttu menningarstarfi</b>, sem er aðgengilegt öllum og styður við atvinnulíf?</li> <li>• <b>Lífsstíl sem byggir á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar?</b></li> </ul>
Efnisleg verðmæti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Atvinnulíf, atvinnusköpun</li> <li>• Samgöngumannvirki</li> <li>• Orkuframleiðsla- og flutningur</li> <li>• Veitur</li> <li>• Fjarskipti</li> <li>• Úrgangur</li> </ul>	<p><b>Hráefni/aðföng:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fæða (plöntur, ber, dýr, landbúnaður, veiðar o.fl.) og ýmiskonar hráefni (timbur, trefjar)</li> <li>• Land sem styður við matvælaframleiðslu, fóður</li> <li>• Ferskvatn; drykkjarvatn, iðnaðarvatn</li> <li>• Orka/eldsneyti (lífmassi, jarðhiti, vatnsorka, vindorka, sólarorka, sjávarföll)</li> <li>• Lífefni, erfðaefni, náttúruleg og efni í lyf</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• HM 7 Sjálfbær orka</li> <li>• HM 8 Góð atvinna og hagvöxtur</li> <li>• HM 9 Nýsköpun og uppbygging</li> <li>• HM 11 Sjálfbærar borgir og samfélag</li> <li>• HM 12 Ábyrg neysla og framleiðsla</li> <li>• Landsskipulagsstefna 2024–2038.</li> <li>• Í ljósi loftslagsvárs - Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum</li> <li>• Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030</li> <li>• Byggðaáætlun 2022-2036</li> <li>• Landbúnaðarstefna til 2040</li> <li>• Matvælastefna Íslands til 2030.</li> <li>• Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til 2031.</li> <li>• Ferðamálastefna til 2030</li> <li>• Aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin</li> </ul>	<p>Stuðlar skipulagsmarkmiðið að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Nýtingu auðlinda til neyslu og framleiðslu</b> sem er umhverfisvæn, gengur ekki á náttúruna, dregur ekki úr líffræðilegum fjölbreytileika og miðar að minnkandi kolefnisspori?</li> <li>• <b>Nýtingu auðlinda ferðaþjónustunnar</b> sem er umhverfisvæn, gengur ekki á náttúruna og miðar að minnkandi kolefnisspori?</li> <li>• <b>Fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarsvæða</b> sem byggir á rannsóknnum og vöktun á beitarlandi, gróðri og jarðvegi?</li> <li>• <b>Verndun verðmæts landbúnaðarlands</b>, sem er vel fallið til ræktunar matvæla og fóðurs?</li> <li>• <b>Sjálfbærni skóga</b>, þ.m.t. stöðvun skógareyðingar, endurheimt hnignandi skóga, verulegrar sjálfbærrar nýskógræktar og endurræktunar skóga?</li> <li>• <b>Sjálfbærri ferðaþjónustu</b> sem skapar störf og leggur áherslu á einstaka upplifun og staðbundna menningu og menningararf?</li> <li>• <b>Uppbygging ferðaþjónustu, samgöngukerfis og ferðaleiða</b> miði að því að ferðafólk dreifist til að</li> </ul>

Umhverfiþættir sem skipulagsáætlun getur haft áhrif á		Efniviður í matsspurningar	Matsspurningar sem leiða mat á áhrifum skipulagsáætlunar
Efnisleg verðmæti, frh.		<p>2023–2026</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Menningarstefna í mannvirkjagerð 2014</li> <li>• Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi 2021</li> <li>• Lög um um verndar- og orkunýtingaráætlun og áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun)</li> <li>• Sjálfbær orkuframtíð. Orkustefna til ársins 2050</li> <li>• Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku.</li> <li>• Stefna í fjarskiptum 2019–2033</li> <li>• Sjálfbær orkuframtíð. Orkustefna til 2050</li> <li>• Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum 2016-2027</li> <li>• Byggjum grænni framtíð, vegvísir að vistvænni mannvirkjagerð 2030</li> </ul>	<p>draga úr álagi á náttúru einstakra áfangastaði og að neikvæð áhrif á náttúrulegt landslag, víðerni og óbyggðaupplifun verði í lágmarki?</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Gæðum mannvirkja og traustum innviðum ferðaþjónustunnar</b> sem styðja við lífskjör og hagsæld íbúa?</li> <li>• <b>Góðu aðgengi að hálendinu/þjóðgarði</b> og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta ásamt lágmarksáhrifum á víðerni og óbyggðaupplifun?</li> <li>• <b>Greiðum og öruggum samöngum innan vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna</b>, þannig að sem flestir íbúar komist til næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund, þ.m.t. gott aðgengi að almenningssamgöngum, stígum fyrir virka ferðamáta og innviðum fyrir vistvæn ökutæki?</li> <li>• <b>Greiðri og öruggri umferð í þéttbýli</b> og innviðum og umhverfi sem styður við vistvæn ökutæki og virka ferðamáta?</li> <li>• <b>Skýrum ferðamannaleiðum og reglum um vegi í náttúru Íslands</b>, utan þjóðvegakerfis?</li> <li>• <b>Sjálfbærri nýtingu margvíslegra endurnýjanlegra orkugjafa</b> í sátt við náttúru og samfélag?</li> <li>• <b>Öflugum orkuinnviðum</b>, sem tryggja örugga afhendingu raforku og stuðla að orkuskiptum, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru, landslag og aðra landnotkun?</li> <li>• <b>Fjarskiptakerfi</b> sem er öflugt, öruggt, hagkvæmt og umhverfisvænt og styður við búsetugæði og þróun atvinnulífs?</li> <li>• <b>Veitukerfum</b> sem styðja við íbúa- og atvinnuþróun, heilnæmi umhverfis og heilbrigði vistkerfa og geta staðist áfallaþol, s.s. vegna loftslagsbreytinga?</li> <li>• <b>Minni úrgangi og aukinni flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu</b> hráefna?</li> </ul>

## 4. Vistkerfi og auðlindir



## 4.1 Loftslag og náttúruvá



### Þjónusta vistkerfa tengd loftslagi og náttúruvá

Votlendisvistkerfi og skógar binda kolefni og draga þannig úr loftslagsbreytingum af völdum losunar gróðurhúsalofttegunda. Vistkerfi hafa einnig áhrif á nærloftslag, en til dæmis er áberandi stillt og hlýtt veðurfar í skóglendi Skaffafells. Þá eru samlegðaráhrif á milli náttúruverndar og loftslagsaðgerða. Endurheimt votlendis s.s. leira, tjarna eða vatna getur til dæmis skipt miklu máli fyrir verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og á sama tíma dregið úr losun kolefnis frá landi.

Náttúruvá og tjónmætti<sup>8</sup> eykst gjarnan samhliða hnignun vistkerfa. Nefna má að sandfok eykst þegar rof verður á áður grónu landi og grjóthrun og ofanflóð verða frekar úr gróðursnauðum fjallshlíðum en grónum. Framræsla votlendis skerðir getu lands til að hreinsa vatn og getu til að dempa flóðasveiflur með þeim afleiðingum að flóðahætta eykst.

## AÐALSKIPULAGSSTEFNAN Í HNOTSKURN

**Markmið aðalskipulagsins** snúast um kolefnishlutleysi og að draga úr hættu vegna áhrifa loftslagsbreytinga og annarrar náttúruvár.

**Leiðir að markmiðunum** varða land sem bindur kolefni; landgræðslu og skógrækt; innviði vegna orkuskipta; byggðarmynstur; ferðamáta; náttúrumiðaðar lausnir við t.d. meðhöndlun ofanvatns; flóttaleiðir og brunavarnir; fræðslu og gögn. Sjá nánar *markmið og leiðir* LN.1-LN.4 í kafla 4.1 í aðalskipulagsgreinargerð.

## SKÝRINGAR VIÐ MARKMIÐ

**Hvert og eitt markmið um loftslag og náttúruvá** er skýrt með umfjöllun um helstu forsendur og áhrif, á næstu blaðsíðum.

<sup>8</sup> Stjórnarráð Íslands 2023: Náttúruvá, viðauki 2, orðskýringar

## Markmið LN.1 og LN.2 Losun og binding kolefnis

- **Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra** á umhverfi, efnahag og samfélag er stærsta áskorun samtímans, en breytingarnar skýrast m.a. af losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið. Breytingarnar munu setja mark sitt á samfélag, umhverfi og hagkerfi til frambúðar.
- **Breytingar sem orðið hafa á heimsvísu** eru m.a. hlýrri lofthjúpur og höf, bráðnun jökla, hærra sjávarborð og lægra sýrustig sjávar. Einnig hafa öfgar í veðurfari aukist s.s. hitabylgjur, þurrkar, flóð, fellibyljir og gróðureldar. Þessar breytingar hafa síðan haft áhrif á útbreiðslu ýmissa dýrategunda á landi og í sjó, sem og gróður og ræktun.<sup>9</sup>
- **Á Íslandi hafa m.a. orðið breytingar** á hita- og sýrustigi sjávar og stöðu sjávarborðs, umfangi jökla og náttúrufari. Til dæmis hafa stofnar sjófugla víða minnkað vegna umhverfisbreytinga í hafi. Loftslagsbreytingar hafa einnig töluverð áhrif á útbreiðslu bæði gróður- og dýrategunda, en meðal annars hafa þær gert innfluttum skordýrategundum kleift að ná fótfestu á Íslandi.<sup>10</sup>
- **Við lok aldarinnar er búist við frekari breytingum á Íslandi**, til dæmis stefnir í að veðurfar verði gjörólíkt því sem verið hefur frá landnámi og hugsanlega án fordæma síðan síðasta jökulskeiði lauk fyrir um tíu þúsund árum. Til dæmis gæti aftakaúrkoma aukist um 5 til 15% eða 4 til 15 mm á sólarhring frá núverandi úrkomu fyrir flest svæði. Slíkar breytingar á

veðurfari breyta náttúrufari og skilyrðum fyrir lífríki, auk möguleikum til landnotkunar.<sup>11</sup>

- **Meðal áhrifa loftslagsbreytinga sem gætir nú þegar** í Sveitarfélaginu Hornafirði eru breyttar aðstæður vegna hörfunar jökla, aukin hætta á skriðuföllum og berghlaupum, og landris. Haldist breytingar stöðugar út öldina verður landris meira en metri við suðausturströnd landsins. Landrisið veldur m.a. sandfoki og þörf fyrir dýpkun innsiglingar. Á næstu blaðsíðu eru dæmi um loftslagsvá í sveitarfélaginu Hornafirði sem líklegt er að muni gæta til framtíðar.
- **Loftslagsbreytingar valda einnig auknum breytileika í veðri og aukinni óveðratíðni** auk þess sem þær hafa áhrif á ýmsar tímasetningar t.d. upphaf leysinga og vorflóða. Flóð kunna að verða tíðari yfir haust og vetrarmánuði en færri að vori og að sumarlagi.<sup>12</sup> Þessa þróun þarf sérstaklega að hafa í huga í Sveitarfélaginu Hornafirði en þar einkennist veðurfar af mikilli meðaltalsúrkomu, hvassviðri undir Öræfajökli og við brattar fjallsrætur og fremur háum ársmeðalhita. Breytileiki innan svæðisins er jafnframt talsverður.<sup>13</sup>

<sup>9</sup> Veðurstofa Íslands 2023: Fjórdá samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar

<sup>10</sup> Veðurstofa Íslands 2023: Fjórdá samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar

<sup>11</sup> Veðurstofa Íslands 2023: Fjórdá samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar

<sup>12</sup> Veðurstofa Íslands 2023: Fjórdá samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar

<sup>13</sup> SASS 2018: Veðurathuganir á Suðurlandi

Dæmi um áhrif	Dæmi um afleiðingar	Dæmi um áhrif á samfélag
Purrkadögum kann að fjölga	Tíðari gróður- og skógareldar	Mannslíf í hættu, mannvirki brenna
Úrkomuákefð eykst	Flóðahætta eykst	Tjón á mannvirkjum og innbúi
Landris	Sandfok, innsigling hafnar grynkar	Endurskipulag byggðar
Rúmmál jökla minnkar	Breyting á árfarvegum og legu jökullóna og þar með breyting á flóðahættu	Tjón á vegum og brúm og öðrum mannvirkjum
Hlýnun veðurfars	Ágengar tegundir lífvera breiðast út	Aukin smitsjúkdomahætta vegna sníkjudýra og örvera, ofnæmisvaldar
Bráðnun sífrera	Skriðuföll aukast	Mannslíf í hættu, tjón á mannvirkjum
Súrnun og hlýnun sjávar	Breytingar á lífríki sjávar	Breytt aflasamsetning, minni tekjur af sjávarfangi
Vindstyrkur eykst	Vindhviður aukast og færast til, sandfok eykst	Samgönguraskanir, tjón á mannvirkjum

Dæmi um loftslagsvá og áhrif sem líklegt er að muni gæta í Sveitarfélaginu Hornafirði til framtíðar. Taflan er fengin úr skýrslu Loftslagsráðs frá 2020: „Að búa sig undir breyttan heim“ með viðbótum um landris og vind vegna sérstakra aðstæðna í Sveitarfélaginu Hornafirði.

**Ætla má að þær breytingar á veður- og náttúruferjum sem við höfum þegar orðið vör við muni halda áfram á næstu öldum og jafnvel stigmagnast**

-  Meðalhiti hækkar yfir allt árið
-  Sumur verða hlýrri og þurrari
-  Vetur verða mildari og blautari
-  Aftakaúrkoma gæti orðið ýktari og tíðari, bæði að vetri og sumri
-  Sjávarstaða mun breytast
-  Snjór og frostakafar sjaldgæfari
-  Veðurfar áfram breytilegt og verður jafnvel enn breytilegra

Úr glærakynningu Veðurstofu Íslands á vinnustofu um aðlögun sveitarfélaga að loftslagsbreytingum. Vinnustofan var hluti verkefnis sem unnið er á grundvelli byggðaáætlunar.<sup>14</sup>

- **Þörf er á að draga úr breytingunum** eins og unnt er til að forðast afdrifaríkar afleiðingar fyrir land, vatn, lífríki og fólk, á heimsvísu jafnt sem staðbundið.
- **Ísland hefur undirgengist alþjóðlegar skuldbindingar** og sett sér markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, sem og aukna kolefnisbindingu. Markmiðin kalla á umfangsmiklar og kerfislægar breytingar og endurhugsun á umhverfi okkar og innviðum.<sup>15</sup>
- **Sveitarfélagið hefur sett sér markmið um að stuðla að kolefnishlutleysi** og auknum viðnámsþrótti byggðar, umhverfis

<sup>14</sup> Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036

<sup>15</sup> Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2024: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

og samfélags gegn loftslagsbreytingum.<sup>16</sup>

- **Skipulagsáætlanir geta gegnt mikilvægu hlutverki** við að draga úr loftslagsáhrifum byggðar og landnotkunar, með því að stuðla að aukinni bindingu kolefnis og samdrætti í losun þess. Sveitarfélagið hefur þess vegna m.a. sett stefnu um að forðast eigi að raska svæðum sem binda umtalsvert magn af koltvísýringi, s.s. votlendi.<sup>17</sup>
- **Mismunandi landnotkun hefur einnig áhrif** á getu jarðvegs og gróðurs til að binda kolefni og þarf að horfa til þess í skipulagi. Til dæmis er hægt að beita skipulagi til að vernda votlendi og land með kolefnisríkum jarðvegi og gróðri. Með því er hægt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landi, en losun Íslands árið 2022 var langmest frá landnotkun og skógrækt, eða 62% af heildarlosuninni.<sup>18</sup> Þar er stærsti orsakavaldurinn útblástur koltvísýrings frá framræstu votlendi en ræktarland losar einnig umtalsvert magn koltvísýrings.<sup>19</sup>
- **Aðrar aðgerðir til aukinnar bindingar kolefnis** eru t.d. landgræðsla, verndun og ræktun skóga í dreifbýli og trjárækt í þéttbýli.
- **Reikna má með aukinni eftirspurn eftir landi** fyrir kolefnisbindingu og sölu vottaðra kolefniseininga. Mikilvægt er að undirbúa þær aðgerðir vel til að ávinningur fyrir lífríki og landslag verði mikill, og ekki verði tap á líffræðilegum

<sup>16</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður 2021: Hornafjörður - náttúrulega! Umhverfis- og loftslagsstefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

<sup>17</sup> Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038

<sup>18</sup> Umhverfisstofnun 2024: Landsskýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda 1990-2022

<sup>19</sup> Umhverfisstofnun 2024: Landsskýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda 1990-2022

fjölbreytileika, samhliða ávinningi fyrir kolefnisbúskap. Gróðurbreytingar vegna hlýnandi loftslags ásamt áformum um stóraukna ræktun skóga á Íslandi, sem mótvægisáðgerð gegn loftslagsbreytingum, getur falið í sér umfangsmikið búsvæðatap fyrir vaðfugla og mófugla. Aukin endurheimt votlendis gæti hins vegar komið vaðfuglum til góða.<sup>20</sup>

- **Skipulagsáætlanir geta einnig stuðlað að byggðarmynstri** sem hvetur til virkra ferðamáta og skapar góðar aðstæður fyrir innviði vegna orkuskipta og almenningssamgöngur, en vegasamgöngur eru ein stærsta uppspretta gróðurhúsalofttegunda frá íslensku samfélagi.<sup>21</sup> Skipulag getur stutt við göngu, hjólreiðar og rafskútur sem ferðamáta, einkum í þéttbýli. Þá má draga úr ferðapörf með því að koma byggð þannig fyrir að vegalengdir á milli þjónustu, atvinnustaða og íbúða séu sem stýstar.
- **Meðvitund um loftslagsmál hefur aukist** jafnt og þétt á öllum sviðum samfélagsins. Styðja má við þá vitundarvakningu með markvissri fræðslu og upplýsingagjöf um loftslagsáhrif hins byggða umhverfis og um loftslagsvænan lífsstíl.
- **Mikilvægt er að skipulagsákvæðanir séu byggðar á bestu** fáanlegu gögnum um viðfangsefnið hverju sinni<sup>22</sup>, og upplýsingum sem fást með vöktun og eftirliti með breytingum. Veðurstofa Íslands vinnur nú að gerð svokallaðs Loftslagsatlas, sem verður formlegur farvegur viðurkenndra sviðsmynda um

<sup>20</sup> Veðurstofa Íslands 2023: Fjórdá samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar

<sup>21</sup> Umhverfisstofnun 2024: Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, samantekt og

Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038

<sup>22</sup> Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038

áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi. Markmiðið með honum er að miðla grunnupplýsingum um líklegar sviðsmyndir til að auðvelda stefnumótun og ákvarðanatöku.<sup>23</sup> Skortur er á slíkum gögnum eins og er.

### Markmið LN.3 Aðlögun að loftslagsbreytingum

- **Aðgerðir til aðlögunar að loftslagsbreytingum** eru nauðsynlegar en þær felast í að undirbúa byggð, innviði, atvinnuvegi, lífríki og mismunandi hópa samfélagsins undir að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga og efla varnir og viðnámsþrótt gagnvart aukinni náttúruvá. Aðlögun getur líka leitt til þess að samfélög verði loftslagsvænni og að auðlindir séu nýttar á sjálfbæran hátt.<sup>24</sup>
- **Nú þegar gætir áhrifa loftslagsbreytinga** á ýmsa byggða innviði s.s. samgönguinnviði, vatns- og fráveitu og orkuinnviði. Minni veitur eins og þær sem þjóna íbúum sveitarfélagsins Hornafjarðar eru berskjaldaðri fyrir áhrifum.<sup>25</sup>
- **Aðlögunaraðgerðir eru staðbundnar** og geta falist í skammtímaviðbrögðum en einnig þróun til langtíma, og því er mikilvægt að hugað sé að þörfum komandi kynslóða. Aðgerðirnar geta svo ýmist verið til forvarnar s.s. varnargarðar og blágrænar ofanvatnslausnir, eða verið viðbrögð við hættuástandi eins og að tryggja viðbúnað og flóttaleiðir.<sup>26</sup>

<sup>23</sup> [Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2023: Loftslagsþolið Ísland](#)

<sup>24</sup> [Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál, umhverfismatsskýrsla; Veðurstofa Íslands 2023: Fjórhá samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar](#)

<sup>25</sup> [Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038](#)

<sup>26</sup> [Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál, umhverfismatsskýrsla](#)

- **Aukin náttúruvá vegna loftslagsbreytinga**, svo sem vegna aukinnar úrkomu, hvassviðra, hörfunar jökla og óstöðugra hlíða sem koma undan jökli, hættu á flóðum í ám og úr jaðarlónum, sjávarflóða, tíðari eldgosa og gróðurelda,<sup>27</sup> kallar á að áhættustýring sé í stöðugri endurskoðun og taki mið af sviðsmyndum.
- **Loftslagsbreytingar valda því að náttúruvá færast til og breytist.** Hætta á jökulhlaupum breytist þegar lega jökla breytist og þar með staðsetning jökullóna. Eldri lón geta minnkað og horfið og þar af leiðandi hætt að hlaupa, en ný lón geta líka myndast. Breytingar í úrkomu og rennslisáttum áa breyta líka flóðahættu.<sup>28</sup>
- **Mikilvægt er að beita náttúrumiðuðum lausnum** hvar sem hægt er en það kallast aðgerðir sem standa samtímis vörð um vistkerfi og stuðla að fjölbreytni þeirra.<sup>29</sup> Náttúrumiðaðar lausnir hafa gjarnan í för með sér aðra kosti, en til dæmis geta þær stuðlað samtímis að aðlögun að loftslagsbreytingum, samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og eflingar líffræðilegrar fjölbreytni.<sup>30</sup> Því fylgir því yfirleitt lítil áhætta að ráðast í slíkar aðgerðir.
- **Aðalskipulag getur falið í sér aðlögunaraðgerðir**, til dæmis með því að stuðla að því að landnotkun og mannvirkjagerð taki tillit til aukinnar náttúruvár með það að markmiði að varna

<sup>27</sup> [Veðurstofa Íslands 2024: Náttúruvá og hættumat - staða](#)

<sup>28</sup> [Veðurstofa Íslands 2024: Náttúruvá og hættumat - staða](#)

<sup>29</sup> [Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2021: Í ljósi loftslagsvá, stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum](#)

<sup>30</sup> [Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2022: Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa](#)

slysum og tjóni.<sup>31</sup> Í Hornafirði þarf sérstaklega að horfa til svæða sem koma undan ís en á þeim getur verið aukin skriðuhætta.

- **Umfjöllun í aðalskipulagi, sem og fræðsla á deiliskipulags- og leyfisstigi**, um afleiðingar loftslagsbreytinga vekur jafnframt athygli á mikilvægi þess að taka mið af þeirri þróun við alla landnotkun og mannvirkjagerð.<sup>32</sup>
- **Unnið er að leiðarvísi um aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga**. Fimm sveitarfélög, þ.m.t. Hornafjörður taka þátt í verkefninu sem er unnið á grundvelli byggðaáætlunar.<sup>33</sup> Verkefninu er ekki lokið en vinnan hingað til bendir til þess að viðkvæmni sveitarfélagsins gagnvart rigningarflóðum, vindstrengjum, skriðuföllum og landrasi sé há eða meðalhá. Ein afurð verkefnisins verður aðgerðaáætlun til að takast á við núverandi og komandi afleiðingar loftslagsbreytinga og bæta stöðu sveitarfélagsins gagnvart flóðum, vindhviðum og skriðuföllum.<sup>34</sup>

#### Markmið LN.4 Tillit til annarrar náttúruvár

- **Í sveitarfélaginu er margskonar náttúruvá**. Hún felst meðal annars í aftakaúrkomu, hvassviðri, hættu á flóðum úr ám og jaðarlónum, sjávarflóðum, eldgosum, gróðureldum og berghruni.<sup>35</sup>
- **Náttúruvá veldur margvíslegu tjóni**. Vindmögnum undir

<sup>31</sup> Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038

<sup>32</sup> Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2024: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

<sup>33</sup> Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036

<sup>34</sup> Ríkislögreglustjórinn, almannavarnadeild 2011: Áhættuskoðun almannavarna. Veðurstofa Íslands 2024: Náttúruvá og hættumat - staða

<sup>35</sup> Veðurstofa Íslands 2019: Náttúruvá og skipulag

bröttum fjallshlíðum eins og þekkist sunnan Vatnajökuls er algengasta veðurvæn á Suðurlandi og þykir með þeim mannskæðustu. Rigningarflóð eru sú náttúruvá sem hefur valdið mestu tjóni á mannvirkjum síðustu ár, t.a.m. á vegum og brúm í dreifbýli. Höfn er mikið til byggð á landfyllingu og jarðvegurinn tekur ekki við miklu vatni. Næturfrost, þurrkar, sandfok og ísing hafa einnig valdið tjóni og samgönguröskunum og skapað áskoranir fyrir landbúnaðinn.

- **Skipuleggja þarf trjáræktun vel**, t.d. í nýjum frístundabyggðum, landbúnaði og skógrækt meðal annars vegna hættu á gróðureldum. Hætta á gróðureldum er þegar fyrir hendi t.d. í Örafum og Lóni og getur aukist samfara loftslagsbreytingum og meiri útbreiðslu skóga.<sup>36</sup>
- **Gera þarf ráð fyrir flóttaleiðum og brunavörnum** við deiliskipulagsgerð og áætlanir í skógrækt. Einnig þarf að huga að rýmingu og flóttaleiðum vegna eldgosa og flóða.
- **Jarðskjálftar mælast reglulega á Vatnajökulssvæðinu** og hafa fundist í umdæminu. Helsta hætta vegna þeirra er hrún.<sup>37</sup>
- **Ein alvarlegasta hættan í sveitarfélaginu er eldgos** með tilheyrandi öskufalli og jökulhlaupum en Esjufjöll og Örafajökull eru virkar eldstöðvar, auk þess sem ein virkasta eldstöð landsins, Grímsvötn, er við norðvesturmörk sveitarfélagsins.<sup>38</sup> Frá Grímsvötnum geta komið jökulhlaup bæði vegna eldgosa og jarðhita.<sup>39</sup> Í Örafum er hætta vegna jökulhlaupa við eldgos í

<sup>36</sup> Veðurstofa Íslands 2019: Náttúruvá og skipulag

<sup>37</sup> Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030

<sup>38</sup> Íslensk eldfjallavefsíða

<sup>39</sup> Ríkislögreglustjóri. Almannavarnir 2024: Jökulhlaup

Öræfajökli. Slík hlaup geta valdið algjörri eyðingu mannvirkja og gróðurlendis á áhrifasvæði sínu og því geta áhrif á innviði og efnahag svæðisins orðið mikil. Án rýmingar er einnig líklegt að verði manntjón. Hætta er til staðar á stærstum hluti láglandis milli Skaftafellsár og Breiðár austur fyrir Kvíárjökul (340km<sup>2</sup>). Að öllum líkindum fer hlaup aðeins yfir lítinn hluta svæðisins í hverju gosi en mjög fáir staðir teljast öruggir. Bæirnir í Svínafelli, Hofi og Hnappavöllum liggja rétt utan hættusvæðis. Hins vegar eru Hofsnæs, Freysnæs og Fagurhólsmýri ótryggir staðir. Þéttriðið mælanet við Öræfajökul mælir skjálftavirkni, vatnshæð og rennsli, leiðni, gasstyrk og þenslu. Öruggt vöktunar- og viðbragðskerfi er forsenda áframhaldandi byggðar og uppbyggingar ferðamennsku og atvinnustarfsemi í Öræfasveit. Í slíku kerfi felst nákvæm vöktun eldfjallsins auk uppsetningar viðeigandi viðvörðunarkerfis og gerð viðbragðsáætlana sem uppfærðar eru með reglulegu millibili. Rýmingaráætlanir eru nauðsynlegar og þurfa að taka til bæði heimamanna og ferðafólks en fjöldi ferðamanna á háannatíma er langt umfram íbúafjölda svæðisins.<sup>40</sup>

- **Hætta er á berghlaupi úr Svínafellsheiði** en ný sprunga uppgötvaðist haustið 2014. Vorið 2018 uppgötvaðist önnur sprunga sem liggur skáhallt niður vesturhlíð Svínafellsheiðar. Myndgreining hefur sýnt að hlíðin (0,5-1 km<sup>2</sup> svæði) skríður fram og magn efnis sem er á hreyfingu er gróflega áætlað um 60-100 milljónir rúmmetra. Mögulegt berghlaup yrði eitt stærsta berghlaup sem vitað er af frá því að land byggðist. Þá gæti

<sup>40</sup> Jarðvísindastofnun HÍ, Veðurstofa Íslands og Ríkislögreglustjóri 2016: Jökulhlaup í Öræfum og Markarfljóti vegna eldgosa undir jökli

jarðefnið hlaupið út á Svínafellsjökul eða út í jökullónin með þeim áhrifum að úr verði hlaup sem samanstendur af jarðefnum, vatni og ís en slíkt hlaup getur ferðast langar leiðir og dreift úr sér. Veðurstofan telur líklegt að slíkur atburður myndi eiga sér aðdraganda sem hægt er að greina. Svæðið er vaktað allan sólarhringinn með síritandi mælitækjum og Veðurstofan birtir mánaðarlegar skýrslur um stöðuna.<sup>41</sup>

- **Drög að hættumati vegna mögulegs berghlaups** úr Svínafellsheiði<sup>42</sup> voru kynnt í sveitarfélaginu í lok árs 2020. Kynningarfundur um uppfært hættumat var haldinn 27. mars 2025.<sup>43</sup> Áður höfðu fundir verið haldnir með íbúum, fyrst árið 2018 og aftur vorið 2021. Samráð og samtöl hafa farið fram síðan við Veðurstofu, Almannaávarnir, Náttúruhamfaratryggingar, Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneyti. Uppfærða hættumatið var gefið út í júní 2025.<sup>44</sup> Gerð nánari grein fyrir hættumatinu í kafla 9.7 og 9.8 í þessari forsendu- og umhverfismatskýrslu þar sem fjallað er um landnotkunarbreytingar frá fyrra aðalskipulagi.
- **Hornafjarðarós er ein hættulegasta innsigling á landinu.** Þar er hætta á að skip taki niðri og einnig er hætta þegar siglt er milli skerja inn og út úr Hornafjarðahöfn.<sup>45</sup>
- **Við skipulagsgerð er mikilvægt að nýta tiltækar upplýsingar** um náttúruvá, þ.m.t. nýjustu upplýsingar um loftslagsbreytingar,

<sup>41</sup> Veðurstofa Íslands 2018: Sprunga ofan Svínafellsjökuls og mögulegt berghlaup

<sup>42</sup> Sigríður Sif Gylfadóttir o.fl. 24. september 2020: Hættumat fyrir svæðið neðan Svínafellsjökuls vegna berghlaups úr Svínafellsheiði. Greinargerð með hættumatskortu – DRÖG.

<sup>43</sup> Kynningarfundur á hættumati vegna berghlaups úr Svínafellsheiði. Glærakynning

<sup>44</sup> Sigríður Sif Gylfadóttir o.fl. 2024: Hættumat fyrir svæðið neðan Svínafellsjökuls vegna berghlaups úr Svínafellsheiði. Veðurstofa Íslands

<sup>45</sup> Ríkislögreglustjórinn, almannaávarnadeild 2011: Áhættuskoðun almannaávarna

sem og leiðbeiningar um skipulagsgerð m.t.t. þeirra.<sup>46</sup> Með vandaðri skipulagsgerð má draga úr hættu á tjóni og slysum til dæmis undir óstöðugum fjallshlíðum. Einnig er brýnt að taka tillit til sjávarstöðubreytinga við skipulag.

- **Dæmi um skipulagsaðgerðir vegna náttúruvár** eru skilgreining svæða þar sem þarf að meta hættu vegna flóða, skriðu- og jökulhlaupa sem og bráðnunar sífrera og bregðast við niðurstöðum hættumats með viðeigandi hætti.

---

<sup>46</sup> Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038

## 4.2 Vatn og strandsjór



### Þjónusta vistkerfa tengd vatni og strandsjó

Vistkerfi tryggja hringrás vatns, flæði þess og geymslu. Vistkerfi hjálpa einnig til við að halda ástandi vatns sem bestu. Votlendi eru dæmi um vistkerfi sem hreinsa vatn en þau sía mengunarefni úr vatni og örverur brjóta þau síðan niður. Auk þess miðla votlendi vatni og votlendi við sjó og árbakka draga úr flóðahættu. Einnig er líklegt að framræsla votlendis auki rennissveiflur í ám, og þar með líkur á landrofi og tjóni.<sup>47</sup>

Votlendi eru mikilvæg búsvæði lífvera, t.d. fugla, og yfir 90% íslenskra fugla utan sjófugla byggja afkomu sína að hluta á votlendi. Endurheimt votlendis getur líka aukið útivistargildi svæða, t.d. aukið möguleika til fuglaskoðunar. Þessi vistkerfi gegna lykilhlutverki þegar kemur að líffræðilegum fjölbreytileika auk þess að geyma mikið magn kolefnis.

## AÐALSKIPULAGSSTEFNAN Í HNOTSKURN

**Markmið aðalskipulagsins** snúast um hreinleika vatns, framboð á neysluvatni, heilbrigði vatnstengdra vistkerfa og varnir gegn náttúruvá af völdum vatns.

**Leiðir að markmiðunum** varða vatnsból og vatnsverndarsvæði, meðhöndlun ofanvatns með fráveitu og blágrænum ofanvatnslausnum, hreinsun skólps, áhrif á vatnshlot, vernd og endurheimt votlendis og mat á hættu vegna flóða, skriðu- og jökulhlaupa og bráðnunar sífrera og viðbrögð við henni. Sjá nánar markmið og leiðir VS.1 - VS.4. í kafla 4.2 í aðalskipulagsgreinargerð.

## SKÝRINGAR VIÐ MARKMIÐ

**Hvert og eitt markmið um vatn og strandsjó** er skýrt með umfjöllun um helstu forsendur og áhrif, á næstu blaðsíðum.

<sup>47</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2016. Endurheimt votlendis, aðgerðaáætlun

## Markmið VS.1 Framboð á vatni og vatnsgæði

- **Vatnsauðlindin er forsenda lífs á jörðinni.** Mikilvægt er að halda ástandi vatns sem bestu svo það nýtist áfram komandi kynslóðum.<sup>48</sup> Vatn er í stöðugri hringrás um jörðina en nýtanlegur vatnsbúskapur ræðst m.a. af bindingu vatns í gróðri, jarðvegi og berggrunni. Loftslagsbreytingar munu líklega valda því að sumarmánuðir verða hlýrri og þurrari en vetrarmánuðir blautari og mildari en áður. Hlýnun loftslags hefur neikvæð áhrif á vatnsbúskap þar sem meira vatn gufar upp með hækkandi hita. Þetta veldur áskorunum fyrir landbúnað og vatnsöflun.
- **Jarðvegur í sveitarfélaginu Hornafirði er nokkuð sendinn og heldur illa vatni,** og er vatnsbúskapurinn því viðkvæmur fyrir þurrkum. Það gæti kallað á auknar áveituframkvæmdir í landbúnaði.
- **Vatnafar sveitarfélagsins** einkennist af jökulám, jökullónum, tjörnum, mýrlendi og leirum auk tæplega 1700 km<sup>2</sup> strandsjávarsvæðis.<sup>49</sup>
- **Vatnsauðlindin er nýtt á margvíslegan hátt,** af einstaklingum, við matvælaframleiðslu, við landbúnað, fiskvinnslu og í ferðabjónustu, en einnig sem viðtaki fyrir mengun.<sup>50</sup>
- **Mikilvægt er að tryggja hreinleika og framboð af vatni til nýtingar.** Draga þarf úr losun mengandi efna, óhreinsaðs skólps og fráveitu til að draga úr mengun yfirborðsvatns og

strandsjávar. Auka má náttúrulega hreinsun vatns með því að beita blágrænum ofanvatnslausnum hvar sem hægt er og ekki síst í þéttbýli.

- **Níu vatnsból eru skilgreind í gildandi aðalskipulagi** og eru vatnsverndarsvæði afmörkuð í kringum fjögur þeirra í þeim tilgangi að tryggja gæði vatns og nægt framboð grunnvatns til neyslu og nýtingar. Ekki liggja fyrir heildstæð kortagögn yfir einkavatnsból fyrir einn eða fleiri bæi.

## Markmið VS.2 Koma í veg fyrir mengun vatns

- **Það er til mikils að vinna að varðveita hreinleika vatns** þar sem afar kostnaðarsamt og erfitt er að bæta ástandið eftir að það er orðið slæmt.<sup>51</sup>
- **Lög um stjórn vatnamála**<sup>52</sup> hafa það að markmiði að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Einnig að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.
- **Til þess að fylgjast með álagi á vatn** hefur vatni á Íslandi verið skipt upp í stjórnsýslueiningar sem kallast vatnshlot. Þau eru misstór að flatarmáli en til dæmis getur stöðuvatn verið eitt vatnshlot, og strandsjórinn sem nær frá Lóni að Dyrhólaey er líka eitt vatnshlot. Innan Sveitarfélagsins Hornafjarðar eru fjölmörg vatnshlot en sveitarfélagið er einnig innan vatnshlota

<sup>48</sup> Umhverfisstofnun, 2022: Vatnaáætlun 2022-2027

<sup>49</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, 2006: Náttúrufar og náttúruminjar umhverfis Vatnajökul.

Náttúrufræðistofnun Íslands, vistgerðakort, Veðurstofa Íslands, vatnavefsíja

<sup>50</sup> Umhverfisstofnun, 2022: Vatnaáætlun 2022-2027

<sup>51</sup> Umhverfisstofnun, 2022: Vatnaáætlun 2022-2027

<sup>52</sup> Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála

sem ná yfir á önnur sveitarfélög.<sup>53</sup>

- **Stór hluti flatlendis í sveitarfélaginu** er innan grunnvatnshlotsins Suðursandar sem nær frá Hornafirði til Víkur. Þar er gropinn vatnsveitir með mikið grunnvatnsstreymi. Það sama á við um grunnvatnshlotið Lón.<sup>54</sup>
- **Samkvæmt vatnavefsja**<sup>55</sup> er álag á fjögur vatnshlot vegna öskuhauga eða sorplosunar.
- **Skólphreinsun er ábótavant í sveitarfélaginu.** Skólp frá um 70-80% íbúa sveitarfélagsins fer út í Hornafjörð eftir aðeins eins þreps hreinsun. Á nokkrum stöðum fer óhreinsað skólp út í viðtaka. Álag er á strandsjávarhlot við sveitarfélagið, Lón að Dyrhólaey, vegna skólpfráveitu án hreinsunar og sorplosunar eða öskuhauga.<sup>56</sup> Samkvæmt reglugerð<sup>57</sup> skal hreinsa skólp með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri hreinsun áður en því er veitt í viðtaka. Við staðarval fráveitu og umfang þarf að taka tillit til umhverfispátta s.s. lífríki sjávar og viðkvæmni viðtakans. Áhersla er lögð á að ástand vatnshlota uppfylli markmið og kröfur í Vatnaáætlun og lögum um stjórn vatnamála.<sup>58</sup>
- **Uppbygging fráveitukerfis Hafnar í Hornafirði** hófst árið 2015 og á verkinu að ljúka 2026. Við það fer mestöll fráveita að hreinsistöð í Óslandi. Sjá ítarlegri umfjöllun í kafla 6.3 um veitur

<sup>53</sup> [Umhverfisstofnun, 2022: Vatnaáætlun 2022-2027](#)

<sup>54</sup> [Veðurstofa Íslands, vatnavefsja](#)

<sup>55</sup> [Veðurstofa Íslands, vatnavefsja](#)

<sup>56</sup> [Veðurstofa Íslands, vatnavefsja](#)

<sup>57</sup> [Reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skólp](#)

<sup>58</sup> [Reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skólp](#), [Reglugerð nr. 982/2010 um fráveitur sveitarfélaga](#), [Lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna](#), [Umhverfisstofnun, 2022: Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#), [Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála](#)

og fjarskipti.

- **Í þéttbýli má beita blágrænum ofanvatnslausnum** til að hreinsa mengunarvalda úr yfirborðsvatni. Þær draga einnig úr magni ofanvatns sem blandast fráveitum sem auðveldar skólphreinsun.

### Markmið VS.3 Vernd og endurheimt votlendis

- **Áætlað er að votlendi þekji allt að helming gróins flatlendis** í sveitarfélaginu sem er hátt hlutfall. Votlendi eru dýrmæt vistkerfi af nokkrum ástæðum og því leggja íslensk stjórnvöld ríka áherslu á verndun og endurheimt þeirra í hinum ýmsu stefnum<sup>59</sup> og lögum.<sup>60</sup>
- **Endurheimt votlendis miðar að því að koma vatnsbúskap svæðis sem næst því sem áður var**, þannig að lífríki þróist til fyrra horfs, jöfnuður gróðurhúsalofttegunda verði jákvæður, vatnsbúskapur batni og hætta á flóðum, sveiflum í vatnsrennsli og jarðvegsrofi minnki.<sup>61</sup> Endurheimt votlendis dregur þannig úr losun gróðurhúsalofttegunda, á sama tíma og hún eykur viðnámsþrótt náttúru og byggðar gegn flóðum.
- **Votlendi gegna lykilhlutverki þegar kemur að líffræðilegum fjölbreytileika.** Leirur í Hornafirði, Skarðsfirði, Lóni og víðar

<sup>59</sup> [Matvælaráðuneytið 2022: Land og líf, stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031](#), [Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2016: Endurheimt votlendis, aðgerðaáætlun Landskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038](#), [Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2022: Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa](#), [Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2021: Í ljósi loftslagsvárs, stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum](#), [Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2024: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum](#)

<sup>60</sup> [Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 61. grein](#)

<sup>61</sup> [Matvælaráðuneytið 2022: Land og líf, stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031](#), [Stjórnarráð Íslands 2022: Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026](#)

eru mjög mikilvægar fyrir ýmsar fuglategundir, sérstaklega á fartíma. Yfir 90% íslenskra fugla utan sjófugla byggja afkomu sína að hluta á votlendi.

- **Votlendi eru einnig mikilvæg fyrir hreinsun mengunar úr yfirborðsvatni.** Vatn flytur salt af götum, olíu, slit af dekkjum, leifar af áburði, og aðra mengun með sér út í viðtakann. Vatlendi sía þungmálma og önnur mengunarefni úr vatni og gróður og örverur í jarðvegi vistkerfisins brjóta þau niður að miklu leyti.<sup>62</sup> Þannig vernda votlendi vatnsgæði.
- **Um helmingi votlendis á Íslandi hefur verið raskað.** Rask hefur neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni og hringrásir næringarefna, vatns og orku, eykur hættu á útbreiðslu ágengra tegunda, og dregur úr viðnámsþrótti vistkerfa.<sup>63</sup>
- **Losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstu votlendi** er umtalsverð og talið er að endurheimt og stöðvun framræslu votlendis og mýrlendis sé árangursríkasta aðferðin til að draga úr losun vegna landnotkunar.<sup>64</sup>
- **Enn er nokkuð um óheimila framræslu votlendis** þrátt fyrir áherslur stjórnvalda um verndun þess og þrátt fyrir að votlendi, sjávarfitjur og leirur njóti sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum<sup>65</sup> en þar er kveðið á um að forðast beri að raska slíkum vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til.

<sup>62</sup> Muthanna, T. M., Viklander, M., Giesdahl, N. & Thorolfsson, S. T. (2007) *Water Air Soil Pollution, Heavy metal removal in cold climate bioretention*

<sup>63</sup> Matvælaráðuneytið 2022: Land og líf, stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031

<sup>64</sup> Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2024: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

<sup>65</sup> Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 61. gr.

- **Viða hefur dregið úr nýtingu framræsts lands** í sveitarfélaginu og því kjörið að koma vatnsbúskap og lífríki þessara svæða aftur í sitt upprunalega horf með endurheimt votlendis. Tiltölulega auðvelt er að endurheimta stóran hluta þess votlendis sem hefur verið raskað hérlendis.<sup>66</sup>

#### Markmið VS.4 Náttúruvá af völdum vatns

- **Vatn er afgerandi og síkvikur þáttur í náttúruferi og landslagi** sveitarfélagsins og kallar á sérstaka athygli m.t.t. loftslagsbreytinga og náttúruvá. Stórar jökulár flæmast um sanda og jökullón stækka og ný lón myndast samfara hörfun jökla.
- **Aftakaúrkoma, rigningarflóð og flóð úr ám, jaðarlónum og sjávarflóðum** er náttúruvá sem takast þarf á við í sveitarfélaginu.
- **Nokkuð tíðir flóðaviðburðir** hafa sett sinn svip á byggðarmynstur sveitarfélagsins en á áhrifasvæðum þeirra eru bæjarstæði gjarnan á lágum holtum sem standa upp úr flatlendinu eða hlémegin við hóla.
- **Vatn veldur margvíslegu tjóni.** Jökulárnar breytast ótt og títt og færa farvegi sína sem verður til þess að ýmsir innviðir, t.d. brýr missa tilgang sinn. Hlaup geta orðið úr jökullónum. Rigningarflóð hafa valdið miklu tjóni (atburðir 1989-1990 og 2017), meðal annars á Hringvegi. Rigningarflóð hafa auk þess valdið lokun Hringvegjar og innsiglingarinnar til Hafnar. Þéttbýlið

<sup>66</sup> Land og skógur: vefur um votlendi

á Höfn er viðkvæmt fyrir flóðum þar sem það er mikið til byggt á landfyllingu og jarðvegurinn tekur ekki við miklu vatni.

- **Loftslagsbreytingar valda því að náttúruvá færirst til og breytist.** Hætta á jökulhlaupum breytist þegar lega jökla breytist og þar með staðsetning jökullóna. Eldri lón geta minnkað og horfið og þar af leiðandi hætt að hlaupa, en ný lón geta líka myndast. Breytingar í úrkomu og rennslisháttum áa breyta líka flóðahættu. Úrkomuákefð mun aukast með hlýnun loftslags, með aukinni tíðni rigningarflóða.
- **Gróður er víða lítil sem enginn á söndum og aurum** vegna jökulánna sem hafa flætt um. Við ströndina veldur ágangur sjávar því að lítið er um gróður. Á síðustu árum hafa verið reistir varnargarðar víða til að minnka það svæði sem jökulárnar flæða um. Árangur af þessu hefur verið góður og þarf aðalskipulag að veita sveigjanleika til að reisa slík varnarmannvirki um leið og sett eru viðeigandi ákvæði um gögn og málsmeðferð.
- **Hægt er að draga úr tjóni með náttúrumiðuðum lausnum.** Votlendi við sjó og árbakka draga úr flóðahættu vegna þess að votlendi haga sér eins og svampur og geta dregið til sín mikið vatn. Blágrænar ofanvatnslausnir í þéttbýli hægja á flæði vatns og draga úr flóðahættu og álagi á fráveitukerfi. Vel grónar fjallshlíðar draga úr skriðuhættu.
- **Þróun byggðar þarf að taka tillit til flóðahættusvæða,** bæði við staðsetningu mannvirkja og uppbyggingu varnargarða. Skilgreina þarf þau svæði þar sem þarf að meta hættu vegna flóða og jökulhlaupa á fyrirhuguðum byggðar- og framkvæmdasvæðum, og bregðast við niðurstöðum hættumats með viðeigandi hætti.

## Markmið VS.5 Vatn til orkunýtingar

- **Öruggt aðgengi að endurnýjanlegri raforku og varma,** stuðlar að lífsgæðum íbúa og stuðlar að öfluglu atvinnulífi auk þess að vera grundvöllur þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.<sup>67</sup>
- **Vatnsföll hafa lengi nýst Hornfirðingum** við gerð heimarafstöðva og stærri vatnsaflsvirkjana. Sjö vatnsaflsvirkjanir eru innan sveitarfélagsins en fimm þeirra eru heimarafstöðvar gangsettar á árunum 1925-1959. Þær eru á Svínafelli, Svínafelli 2 og 3, Hofi Austurhús, Litla Hofi 3 og Kvískerjum og er uppsett afl á bilinu 3-15kW. Auk þeirra eru tvær stærri vatnsaflsvirkjanir, Smyrlabjargaárvirkjun, gangsett 1969 (uppsett afl 1000kW) og Setbergsvirkjun, gangsett 2019 (uppsett afl 37kW). Þrjátíu aðrar heimarafstöðvar hafa á einhverjum tímapunkti verið gangsettar og skráðar en síðan verið aflagðar.
- **Haustið 2021 var gangsett hitaveita á Höfn og í Nesjum** með heitu vatni frá jarðhitasvæði í Hoffelli. Skipulögð leit að virkjanlegum jarðhita fyrir þéttbýlið hófst árið 1990. Hitaveita er einnig í Skaftafelli og Breiðabólstaðartorfunni.
- **Lítið er um jarðhita á yfirborði** í sveitarfélaginu. Engin háhitasvæði eru innan sveitarfélagsins en eitthvað er af lághitasvæðum. Laugar eru á þremur stöðum í það minnsta, þ.e. í Vandræðatungum á Viðborðsdal, í Vatnsdal í Heinabergsfjöllum og í Jökulfelli í Morsárdal.

<sup>67</sup> Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2020: Sjálfbær orkuframtíð, orkustefna til ársins 2050, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2024: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

## 4.3 Land og jarðvegur



### Þjónusta vistkerfa tengd landi og jarðvegi

Vistkerfi sjá um myndun jarðvegs, næringarhringrás í jarðvegi, frumframleiðslu lífmassa, vörn gegn jarðvegsrofi og sjá um frjóvgun og frævun og að viðhalda gróðurþekju. Kjarr í fjallshlíðum bindur vatn og jarðveg og dregur úr líkum á aurskríðum og flóðum.<sup>68</sup>

Jarðvegurinn, fyrir tilstilli fjölbreyttra lífvera, flytur efni og orku á milli bergs, lofts, vatns og lífríkis. Jarðvegurinn er þannig meginhlekkur í hringrás næringarefna og vatns á yfirborði jarðar.<sup>69</sup> Moldin er undirstaða ræktunar matvæla og annarra nytjaplantna, geymir mikið magn kolefnis, og hefur að geyma stærstan hluta líffjölbreytileika á landi. Moldin geymir auk þess sögu þjóðarinnar og landsins með því að varðveita fornminjar og upplýsingar um náttúrufar.<sup>70</sup>

<sup>68</sup> [Umhverfisráðuneytið 2008. Líffræðileg fjölbreytni, Stefnumörkun Íslands](#)

<sup>69</sup> [Ólafur Arnalds 2023: Mold ert þú - jarðvegur og íslensk náttúra](#)

<sup>70</sup> [Ólafur Arnalds 2023: Mold ert þú - jarðvegur og íslensk náttúra](#)

## AÐALSKIPULAGSSTEFNAN Í HNOTSKURN

**Markmið aðalskipulagsins** snúast um verndun jarðfræðilegrar fjölbreytni, skynsamlega nýtingu jarðefna og jarðvegsvernd.

**Leiðir að markmiðunum** varða gögn með skipulags- og leyfisumsóknum, hverfisvernd, gróður- og jarðvegsverndvernd, landgræðslu og landbrot. Sjá nánar markmið og leiðir LJ.1 - LJ.4.

## SKÝRINGAR VIÐ MARKMIÐ

**Hvert og eitt markmið um land og jarðveg** er skýrt með umfjöllun um helstu forsendur og áhrif, á næstu blaðsíðum.

## Markmið LJ.1 Vernd jarðminja og jarðfræðilega merkilegra svæða

- **Í Sveitarfélaginu Hornafirði er einstök og fjölbreytt jarðfræði.** Þar er meðal annars að finna fornar megineldstöðvar (til dæmis í Lónsöræfum) virka megineldstöð í Öræfajökli, fjölda stórra innskota, djúpbergssinnskot, steingervinga, jökulgarða og landslag mótað af jökulum en hvergi á landinu má sjá dýpra inn í jarðskorpuna.
- **Jarðfræðilega sérstaðan og fjölbreytnin er dýrmæt** til kennslu og rannsóknarstarfs auk útivistar og ferðapjónustu, því er það stefna sveitarfélagsins að vernda þessa þætti.
- **Stór hluti sveitarfélagsins nýtur verndar**, á einn eða annan hátt, enda er náttúra og landslag sveitarfélagsins stórbrotið, og verndargildi svæða og einstaka náttúruminja hátt.<sup>71</sup> M.a. kveður 61. grein náttúruverndarlaga<sup>72</sup> um sérstaka vernd ákveðinna jarðminja.
- **Vatnajökulsþjóðgarður** nær yfir nær allan fjallendishluta sveitarfélagsins og á nokkrum stöðum niður á láglandið. Meðal svæða innan þjóðgarðsins eru Skaftafell, Jökulsárlón og Breiðamerkursandur. Þjóðgarðurinn var samþykktur á heimsminjaskrá 2019 og þar með viðurkenndur sem staður sem hefur einstakt gildi á heimsvísu vegna samspils flekaskila, möttulstróks og hveljökuls sem skapar einstök átök elds og íss.<sup>73</sup>
- **Önnur verndarsvæði** í sveitarfélaginu eru skilgreind sem

<sup>71</sup> [Náttúrufræðistofnun Íslands 2005. Náttúrufar og náttúruminjar sunnan Vatnajökuls](#)

<sup>72</sup> [Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd](#)

<sup>73</sup> [Vatnajökulsþjóðgarður.is: Heimsminjaskrá](#)

náttúruvætti (Háalda og Díma í Lóni, fólkvangur (Ósland) eða friðland (Stafellsfjöll/Lónsöæfi, Ingólfshöfði, Salthöfði og Salthöfðamýrar).<sup>74</sup> Fjöldi svæða er einnig á C-hluta náttúruminjaskrár, sem er skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða.<sup>75</sup>

- **Kröfur til gagna og greininga** á deiliskipulags- og framkvæmdastigi er leið til að gætt verði sem best að verðmætum jarðminjum og tekið sé tillit til jarðfræði við hönnun.

## Markmið LJ.2 Efnisnám og haugsetning

- **Talsverð þörf er fyrir jarðefni** til mannvirkjagerðar í sveitarfélaginu. Mörg og fjölbreytt efnistökusvæði eru nauðsynleg vegna lengdar vegakerfisins, mikilvægra varnarvirkja við fallvötn og strendur og vegagerðar, s.s. breytinga á Hringvegi í Öræfum.
- **Æskilegt er talið að aðgengi að efni sé í öllum sveitum** svo ekki þurfi að flytja efni um langan veg með tilheyrandi kostnaði og útblæstri, um leið og þess er gætt að nýting jarðefna sé skynsamleg og virði landslagssérkenni, minjar og lífríki.
- **Dýpkun Hornafjarðarhafnar og innsiglingar** að henni er viðvarandi verkefni og þarf því að gera ráð fyrir að koma jarðefnum úr sjó fyrir, ýmist tímabundið eða til landmótunar. Í gegnum tíðina hefur efni m.a. verið nýtt í landfyllingar á Höfn.<sup>76</sup>

<sup>74</sup> [Umhverfisstofnun: Náttúruminjaskrá, Austurland](#)

<sup>75</sup> [Umhverfisstofnun: Náttúruminjaskrá, Austurland](#)

<sup>76</sup> [Sjá gamlar loftmyndir í aðalskipulagsvefsjá](#)

### Markmið LJ.3 Jarðvegs- og gróðurvernd

- **Jarðvegurinn, fyrir tilstilli fjölbreyttra lífvera, flytur efni og orku** á milli bergs, lofts, vatns og lífríkis. Jarðvegurinn er þannig meginhlekkur í hringrás næringarefna og vatns á yfirborði jarðar.<sup>77</sup> Moldin er undirstaða ræktunar, geymir mikið magn kolefnis, og hefur að geyma stærstan hluta líffjölbreytileika á landi.<sup>78</sup>
- **Jarðvegsrof er ein helsta umhverfisáskorun landsins** og aðalorsök þess er ósjálfbær landnýting. Með ósjálfbærri landnýtingu er átt við að gengið er á auðlindir hraðar en þær endurnýjast eða að virkni vistkerfis skerðist vegna landnýtingar.<sup>79</sup> Jarðvegsrof, þegar mold færir frá upprunastað, veldur stórfelldri hnignun vistkerfa og er það í raun það ferli sem veldur hvað mestu tjóni á vistkerfum jarðar.<sup>80</sup>
- **Gróðurfar tengist verndun og endurheimt jarðvegs.** Þar sem ástand gróðurs er gott verður sjaldan mikið rof og eftir því sem gróðurhulan er meiri og þekur landið yfir fleiri mánuði ársins, því minni hættu er á rofi. Til dæmis verða miklar breytingar á vistkerfum þar sem land er friðað fyrir beit.<sup>81</sup>
- **Með því að stöðva jarðvegseyðingu** og vernda og byggja upp gróður og jarðveg er hægt að draga úr kolefnislosun frá jarðvegi og í staðinn binda kolefni í mold. Losun frá þurrlendi vegna hnignunar vistkerfa er ein stærsta uppspretta

<sup>77</sup> Ólafur Arnalds 2023: Mold ert þú - jarðvegur og íslensk náttúra

<sup>78</sup> Ólafur Arnalds 2023: Mold ert þú - jarðvegur og íslensk náttúra

<sup>79</sup> Reglugerð nr. 670/2024 um sjálfbæra landnýtingu

<sup>80</sup> Ólafur Arnalds 2023: Mold ert þú - jarðvegur og íslensk náttúra

<sup>81</sup> Ólafur Arnalds 2023: Mold ert þú - jarðvegur og íslensk náttúra

gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.<sup>82</sup>

- **Mikilvægt er að nýting lands sé sjálfbær** en til þess þarf nýtingin m.a. að taka mið af ástandi lands, viðhalda jarðvegi og byggja hann upp, ekki síst m.t.t. jarðvegs sem er með mikinn kolefnisforða og möguleika til að bæta kolefnisbúskap.<sup>83</sup> Með markmiðum og ákvæðum í aðalskipulagi má stuðla að sjálfbærri nýtingu við deiliskipulag, ákvarðanir um skógrækt og aðra landnýtingu, sem og á framkvæmdastigi.<sup>84</sup> Reglur um beit eru ekki hluti aðalskipulags en þær gegna hlutverki við að lágmarka álag á gróður og jarðveg og stuðla til landgræðslu og endurheimt vistkerfa.<sup>85</sup>

### Markmið LJ.4 Landbrot og flóðavarnir

- **Landbrot á sér stað við jökulár og við strönd** Hornafjarðar, af völdum aftakaúrkomu og rigningarflóða, flóða úr ám, jaðarlónum og sjávarflóðum. Sérstaklega er mikilvægt að verja jökulölduna og innviði við Jökulsárlón, þar sem bæði náttúruverndargildi og mikilvægir innviðir ferðamennsku eru í húfi.
- **Á síðustu árum hafa verið reistir varnargarðar víða** til að minnka það svæði sem jökulárnar flæða um. Árangur af þessu hefur verið góður. Landgræðslan hefur einnig unnið að vörnum gegn landbroti við margar árnar. Mikilvægt er að aðalskipulag heimili varnaraðgerðir þar sem þeirra er þörf í því lífandi

<sup>82</sup> Ólafur Arnalds og Jón Guðmundsson 2020: Loftslag, kolefni og mold

<sup>83</sup> Reglugerð nr. 670/2024 um sjálfbæra landnýtingu

<sup>84</sup> Lög nr. 155/2018 um landgræðslu

<sup>85</sup> Ólafur Arnalds 2023: Mold ert þú - jarðvegur og íslensk náttúra

landslagi sem einkennir sveitarfélagið. Engu að síður þarf að vanda til verka og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á náttúrufar og landslag.

## 4.4 Lífríki og landslag



Þjónusta vistkerfa tengd lífríki og landslagi

Ákveðin vistkerfi, s.s. votlendi, búa yfir fjölbreyttu lífríki og mikilli frjósemi.

Landslag sveitarfélagsins er aðdráttarafli fyrir fjölda ferðamanna og er því efnahagslega mikilvægt samfélaginu. Landslagið veitir einnig menningartengda þjónustu sem felur í sér t.d. upplifanir og þekkingu. Landslag er hluti af menningararfi og staðaranda og því getur fólk upplifað breytingar á landslagi sem missi. Landslag veitir fólki einnig fegurð og kyrrð og fólk nýtir landslag til útivistar og ferðalaga.

### AÐALSKIPULAGSSTEFNAN Í HNOTSKURN

**Markmið aðalskipulagsins** snúast um að vernda og styrkja vistkerfi, líffræðilega fjölbreytni og náttúrufars- og landslagssérkenni sem og að standa vörð um Vatnajökulsþjóðgarð.

**Leiðir að markmiðunum** varða náttúrumiðaðar lausnir, votlendi, náttúrulega birkiskóga, framandi tegundir, skógrækt, beit, nýtingu villigróðurs og staðsetningu og hönnun mannvirkja, ásamt þátttöku í stjórnun þjóðgarðs. Sjá nánar markmið og leiðir LL.a og LL.b.

### SKÝRINGAR VIÐ MARKMIÐ

**Hvert og eitt markmið um lífríki og landslag** er skýrt með umfjöllun um helstu forsendur og áhrif, á næstu blaðsíðum.

## Markmið LL.1 Heilbrigði vistkerfa, líffræðileg fjölbreytni og náttúrufarssérkenni

- **Líffræðilegri fjölbreytni og heilbrigði vistkerfa** hefur hnignað á heimsvísu á undanförunum áratugum<sup>86</sup> og er talið nær víst að loftslagsbreytingar muni hraða þeirri hnignun. Það er því mikilvægt að draga úr öðrum ógnum við náttúruna s.s. aukinni eftirspurn eftir nýtingu ósnerts lands, ósjálfbærri nýtingu lands og auðlinda, eyðingu búsvæða, mengun og ágengum framandi tegundum. Að þessu þarf að huga í skipulagi þéttbýlis og dreifbýlis sem og allri umgengni við náttúruna. Aðrir álagsþættir á vistkerfi og gróðurfar eru meðal annars rof, hreyfingar skriðjökla, jökulár og landbrot.
- **Endurheimt vistkerfa eða vistheimt** er ferli sem stuðlar að því að endurreisa vistkerfi sem hefur hnignað, skemmst eða eyðilagst. Líffræðileg fjölbreytni vísar til fjölbreytni lífríkis, þ.e. lífvera (dýra, plantna, sveppa, baktería) og búsvæða þeirra.<sup>87</sup> Líffræðileg fjölbreytni er undirstaða heilbrigðs lífríkis sem býr yfir viðnámsþrótti gagnvart til dæmis umhverfisbreytingum.<sup>88</sup>
- **Vernd líffræðilegrar fjölbreytni og vernd og endurheimt vistkerfa** eru meðal brýnustu umhverfis-, loftslags- og velferðarmála sem Ísland og heimurinn allur standa frammi fyrir.<sup>89</sup> Vistheimt stuðlar m.a. að því að tryggja lífsviðurværi fólks

<sup>86</sup> Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2022: Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa

<sup>87</sup> Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2022: Líffræðileg fjölbreytni, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2022: Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa

<sup>88</sup> Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2022: Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa

<sup>89</sup> Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2022: Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa; Áratugur endurheimtar vistkerfa 2021-2030, upplýsingavefur

enda er tilvist og velferð mannkyns háð líffræðilegri fjölbreytni.<sup>90</sup>

- **Á Íslandi er meira en helmingur vistkerfa á landi í röskuðu ástandi**, þrátt fyrir yfir 100 ára sögu af vinnu við stöðvun jarðvegseyðingar og endurheimtar vistkerfa. Enn er því afar langt í land með að öll íslensk vistkerfi séu jafn virk og fjölbreytt og þau gætu verið.<sup>91</sup> Ísland undirritaði samning Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni árið 1994 og tekur þátt í samstarfi um framfylgd hans.<sup>92</sup> Markmið laga um landgræðslu<sup>93</sup> er að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.
- **Á nokkuð stórum hluta landssvæðis innan sveitarfélagsins er mikið rof**, eða lítil stöðugleiki og lítil vistfræðileg virkni.<sup>94</sup> Gróður er lítil sem enginn á söndum og aurum þar sem jökulár hafa flætt um. Við ströndina veldur ágangur sjávar því að lítið er um gróður. Innan skriðjökullandslags er einnig lítið um gróður. Gróin vistkerfi eru einnig víða í hnignuðu ástandi. Inn á milli er þó blómlegt landbúnaðarland. Jarðvegur er víða sendinn og heldur því illa vatni og svæðið er því viðkvæmt gagnvart þurrkum.

## Gróðurfar

- **Láglendi er víða vel gróið** nema þar sem jökulár hafa flætt um á söndum og aurum, sem eru raunar umfangsmikill hluti

<sup>90</sup> Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2022: Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa

<sup>91</sup> Áratugur endurheimtar vistkerfa 2021-2030, upplýsingavefur

<sup>92</sup> Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2022: Líffræðileg fjölbreytni

<sup>93</sup> Lög nr. 155/2018 um landgræðslu; Reglugerð nr. 670/2024 um sjálfbæra nýtingu lands

<sup>94</sup> Gróllind, kortavefsjá

sveitarfélagsins. Birkikjarr er að finna neðarlega í hlíðum og er það víða gróskumikið. Áætlað er að votlendi þekji allt að helming gróins flatlendis sem er hátt hlutfall. Mörg votlendi eru enn ósnortin. Fjallshlíðar eru yfirleitt gróðurlitlar og efsti hluti fjalla er ógróinn sem og svæði sem nýlega eru komin undan jökli. Víða er blómlegt landbúnaðarland.

- **Breytileiki á milli sveita er nokkur.** Í Öræfum, neðan jökuls og fjalllendis, eru eyrar, votlendi og mólendi einkennandi. Í Suðursveit er graslendi, mólendi og votlendi ráðandi, en melar og sandlendi inn á milli, upp við jökul og meðfram ám. Á Mýrum er talsverð fjölbreytni vistgerða; votlendi er mikið í bland við mólendi og graslendi, en einnig eru umfangsmikil tún og akurlendi, auk eyra, mela og sandlendis. Nesin einkennast af túnum og akurlendi en þar eru þó mikil votlendi við Austurfljót og nálægt strönd. Í Lóni eru eyrar Jökulsár áberandi en mólendi og skóglendi með hlíðum. Tún, akurlendi og votlendi eru neðar. Fjöruvistgerðir s.s. sjávarfitjur og leirur eru víða meðfram strandlengjunni.
- **Gróskumiklir birkiskógar** vaxa í Núpsstaðaskógi, Bæjarstaðarskógi, Skaftafelli, Steinadal í Suðursveit, við Hoffelsjökul og í Undirhlíðum í Nesjum svo eitthvað sé nefnt. Á síðustu áratugum hefur birki úr Bæjarstaðarskógi dreift sér um u.þ.b. 35 ferkílómetra stórt svæði á Skeiðarársandi. Fyrir miðja þessa öld gæti þar verið stærsti náttúrulegi birkiskógur landsins. Í lögum um náttúruvernd er sérstök áhersla lögð á verndun náttúrulegra skóga.<sup>95</sup>

<sup>95</sup> Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

- **Í sveitarfélaginu er einnig ræktaður skógur** á nokkrum svæðum, yfirleitt við býli, en einnig í frístundabyggðinni við Hvanngil í Lóni.<sup>96</sup> Ýmsar tegundir eru ræktaðar á þessum svæðum, t.d. birki, reynir, lerki og fura. Stærsta staka svæðið er við Fagurhólsmýri í Öræfum en einnig eru fjögur stór svæði í Nesjum með skömmu millibili.
- **Áætlanir um all umfangsmikla skógrækt** hafa komið fram á síðustu árum sem bendir til að áhugi á henni sé vaxandi. Ætla má að áhugi muni aukast frekar á næstu árum.
- **Mikilvægt er að skoða vel forsendur og áhrif skógræktar áður en framkvæmdaleyfi er veitt.** Við mat á nýjum svæðum þarf m.a. að taka tillit til nágrannasvæða þeirra, dreifingar aðfluttra tegunda og áhrifa á líffræðilega fjölbreytni.

## Dýralíf

- **Fjölbreytt fuglalíf er í sveitarfélaginu** og nokkuð stórt landsvæði sveitarfélagsins er innan mikilvægra fuglasvæða (alls 124.380 ha að ótöldu svæðinu innan Vatnajökulsþjóðgarðs). Nokkrar fuglategundir verpa að mestu eða öllu leyti innan sveitarfélagsins. Til dæmis verpa 90% af skúmum landsins á svæðinu en það eru 36% af öllum skúmum heimsins. Meirihluti þórshana- og helsingjastofna landsins verpa á svæðinu. Leirurnar við Höfn eru mjög mikilvægar fyrir ýmsa vaðfugla s.s. tjaldinn.<sup>97</sup> Sumar fuglategundir (helst mófuglar) þrífast á bersvæði og því er aukin byggð og skógrækt í dreifbýli ógn við

<sup>96</sup> Skógræktin: Skóglendisvefsíá

<sup>97</sup> Náttúrufræðistofnun 2016: Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi, Náttúrufræðistofnun 2006: Náttúrufur og náttúruminjar sunnan Vatnajökuls

búsvæði þeirra.

- **Umfangsmikið votlendi er í sveitarfélaginu** en votlendi eru mikilvæg búsvæði lífvera, en yfir 90% íslenskra fugla utan sjófugla byggja afkomu sína að hluta á votlendi. Endurheimt votlendis getur aukið möguleika til fuglaskoðunar. Leirur í Hornafirði, Skarðsfirði, Lóni og víðar eru mjög mikilvægar fyrir ýmsar fuglategundir, sérstaklega á fartíma. Þessi vistkerfi gegna lykilhlutverki þegar kemur að líffræðilegum fjölbreytileika.
- **Hreindýrahjarðir** halda sig innan sveitarfélagsins frá Jökulsá á Breiðamerkursandi og austur úr. Refur og minkur lifa á svæðinu auk hagamúsar.<sup>98</sup> Bæði landselur og útselur er útbreiddur meðfram strandlengjunni og eru selalátur m.a. á Skeiðarársandi og Breiðamerkursandi.<sup>99</sup>

### Áhrif loftslagsbreytinga á lífríki á landi

- **Loftslagsbreytingar hafa nú þegar áhrif á náttúrufar** á Íslandi, t.d. útbreiðslu tegunda á borð við innfluttar skordýrategundir. Mælingar benda til þess að áhrifin aukist stöðugt og að hlýnun muni auðvelda fleiri innfluttum tegundum að dreifast út fyrir ræktunarsvæði sín. Einhverjar þeirra munu nær örugglega reynast ágengar í íslenskri náttúru.<sup>100</sup>
- **Skilyrði fyrir vaðfugla** munu líklega fara versnandi vegna gróðurbreytinga vegna hlýnunar en einnig vegna búsvæðataps

<sup>98</sup> Náttúrufræðistofnun 2006: Náttúrufar og náttúruminjar sunnan Vatnajökuls

<sup>99</sup> Náttúrufræðistofnun: Kortasjá yfir útbreiðslu selaláttra, Náttúrufræðistofnun 2018: Selalátur við strendur Íslands

<sup>100</sup> Veðurstofa Íslands 2023: Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar

vegna áforma um aukna skógrækt og ræktun orkuplantna sem mótvægisáðgerðir við loftslagsbreytingum. Það er mögulega hægt að koma til móts við búsvæðatapið með endurheimt votlendis.<sup>101</sup>

- **Ref hefur fjölgað** vegna hlýnunar undanfarna áratugi. Erlendis hafa hreindýrastofnar átt erfitt vegna hlýnunar og íslenski stofninn kann að verða fyrir neikvæðum áhrifum þó þau séu ekki komin fram enn.<sup>102</sup>

### Hlutverk skipulags

- **Skipulagsáætlanir geta gegnt mikilvægu hlutverki** við að draga úr álagi á vistkerfi til dæmis með því að takmarka álagsþætti með stefnumörkun og taka tillit til náttúrufars við staðsetningu og hönnun mannvirkja.
- **Mikilvægt er að huga að áhrifum stefnu**, um t.a.m. breytta landnotkun, skógrækt og ræktarlönd, á náttúrufar í stærra samhengi. Slíkum breytingum getur fylgt rask á ósnortnum svæðum og neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika.<sup>103</sup>

### Markmið LL.2 Vernd og styrking landslagssérkenna

- **Helstu landslagsgerðir** í sveitarfélaginu eru jökulsandar, skriðjöklandslag og jökulsorfið fjallendi, graslendar sléttur við strendur, litríkt fjallendi og strandlengja með inndölum.<sup>104</sup> Mikil fjölbreytni er í landslagi og þar sem skriðjökklar eru á stöðugri

<sup>101</sup> Veðurstofa Íslands 2023: Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar

<sup>102</sup> Veðurstofa Íslands 2023: Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar

<sup>103</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál, umhverfismatsskýrsla

<sup>104</sup> Efla 2020: Landslag á Íslandi – flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu

hreyfingu er landslagið síbreytilegt. Skriðjökklar geta hlaupið fram en síðustu ár hafa þeir hörfað vegna hlýnandi loftslags. Gróðurvinjar finnast í lægðum og á fjallshryggjum, bæði gras- og skóglendi.

- **Markmið um vernd landslags** í stefnu stjórnvalda endurspeglar mikilvægi þess fyrir atvinnulíf, umhverfi og sjálfsmynd samfélagsins.<sup>105</sup> Eitt af meginmarkmiðum laga um náttúruvernd er að vernda til framtíðar fjölbreytni landslags.<sup>106</sup> Í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 er lögð áhersla á að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir og að ákvarðanir um nýtingu lands byggist á landslagsgreiningu.<sup>107</sup> Ísland fullgilti Landslagssamning Evrópu árið 2020. Ákvæði samningsins skyldar stjórnvöld til að viðurkenna mikilvægi landslags í löggjöf og setja áætlanir um verndun, stjórnun og skipulag landslags.<sup>108</sup>
- **Huga þarf að vernd víðerna** við framkvæmdir og skipulag á óröskuðum eða lítið röskuðum svæðum.<sup>109</sup> Í árána rás hefur verið gengið á óbyggð víðerni, sem undirstrikar þörf fyrir vernd þeirra. Standa skal vörð um óbyggð víðerni til þess að vernda jarðfræðilegra fjölbreytni og fjölbreytni landslags, og til að viðhalda víðsýni, vernda heildstæð stór vistkerfi og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð

<sup>105</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál, umhverfismatsskýrsla

<sup>106</sup> Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

<sup>107</sup> Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038

<sup>108</sup> Landslagssamningur Evrópu; Stjórnarráð Íslands 2019: frétt um fullgildingu Íslands á Landslagssamning Evrópu

<sup>109</sup> Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038, Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál, umhverfismatsskýrsla

vélknúinna farartækja.<sup>110</sup>

- **Í samræmi við sérstæða náttúru og einstakt landslag**, nýtur stór hluti sveitarfélagsins verndar, á einn eða annan hátt enda er verndargildi svæða og einstaka náttúruminja hátt.<sup>111</sup> Hér er að finna þjóðgarð, náttúruvætti, fólkvang og friðlönd.
- **Markmið um uppbyggingu ferðaþjónustu**, bætt aðgengi að hálendi, orkuskipti og samkeppnishæft atvinnulíf geta stangast á við sjónarmið um náttúruvernd. Náttúruvernd getur þó einnig stutt við byggðapróun enda byggist stór hluti atvinnulífs sveitarfélagsins á náttúru þess og landslagi.
- **Flatlendi sveitarfélagsins er langt og mjótt** þannig að í góðu skyggni sést yfir mjög stórt svæði, sem er þáttur í upplifun fólks af stórfenglegu landslaginu. Við þessar aðstæður geta breytingar á landnotkun, s.s. skógrækt, haft sjónræn áhrif á mjög stóru svæði, langt umfram hefðbundið áhrifasvæði. Því er sérstaklega mikilvægt að hafa landslagssérkenni og sjónræn áhrif í huga við val á landi og trjátegundum til skógræktar.
- **Mannvirki og skógrækt geta lokað sjónlínunum** og breytt yfirbragði svæða. Mikilvægt er því að staðsetja og hanna skóga og mannvirki þannig að þau falli vel að landslagi. Þegar vel tekst til getur hönnun mannvirkja gert fólki kleift að upplifa og öðlast nýja sýn á landslag. Skipulag getur stuðlað að því að þau gæði sem felast í landslagi nýtast notendum mannvirkja, og að mannvirkin sómi sér vel í landi og skapi góða umgjörð um mannlíf á staðnum.

<sup>110</sup> Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

<sup>111</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands 2005. Náttúrufar og náttúruminja sunnan Vatnajökuls

- **Skipulagsáætlanir geta gegnt mikilvægu hlutverki** við að vernda náttúrufars- og landslagssérkenni með því að stuðla að því að tekið sé tillit til náttúrfars og landslags við staðsetningu og hönnun mannvirkja og meta áhrif skipulags og framkvæmda á þau og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum.
- **Vatnajökulsþjóðgarður nær yfir stærstan hluta** óbyggðu svæða sveitarfélagsins og þar gilda lög og reglugerð um hann, ásamt stjórnunar- og verndaráætlun, en samhljómur þarf að vera milli hennar og aðalskipulagsáætlunar. Svæðisráð suðursvæðis er samvinnuvettvangur sveitarfélagsins og þjóðgarðsins og þar eru línur lagðar fyrir báðar áætlanir og samræmi tryggt.

# 5. Bygging og samfélag



## 5.1 Íbúar, húsnæði og lýðheilsa



### Þjónusta vistkerfa tengd íbúum, húsnæði og lýðheilsu

Vistkerfi efla lýðheilsu og bæta búsetuskilyrði m.a. með því að veita tækifæri til útivistar, hreinsa mengunarefni úr vatni og lofti og veita vörn gegn náttúruvá. Bæði útivera og útsýni yfir náttúru eða græn svæði bæta andlega líðan og draga úr streitu. Gróður í þéttbýli getur dregið úr hávaða. Einnig eiga vistkerfi þátt í að draga úr smitsjúkdómum og meindýrum.

## AÐALSKIPULAGSSTEFNAN Í HNOTSKURN

**Markmið aðalskipulagsins** snúast um íbúaþróun, fjölbreytni samfélagsins, að skapa vandað og heilsueflandi búsetuumhverfi og öryggi gegn náttúruvá og slysum.

**Leiðir að markmiðunum** varða húsnæðismöguleika í þéttbýli og dreifbýli, sem og tækifæri til tímabundinnar dvalar í frístundabyggð. Einnig lýðheilsuvænt skipulag sem miðar að hreinu umhverfi, möguleikum fyrir fjölbreytta útivist og virka ferðamáta, aðgengi fyrir alla, hættumat, varnir og aðgengi viðbragðsaðila. Sjá nánar markmið og leiðir ÍL.1 - ÍL.2.

## SKÝRINGAR VIÐ MARKMIÐ

**Hvert og eitt markmið um íbúa, húsnæði og lýðheilsu** er skýrt með umfjöllun um helstu forsendur og áhrif, á næstu blaðsíðum.

## Markmið ÍL.1 Húsnæðismöguleikar fyrir alla

- **Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins**<sup>112</sup> nær til tíu ára í senn<sup>113</sup> en aðalskipulagið horfir jafnframt til þróunar og þarfa út skipulagstímabilið. Mat á eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði er unnið út frá áætlaðri íbúafjölgun og þróun í samsetningu íbúafjöldans m.t.t. aldurs, fjölskyldugerða og félagshópa. Þessar breytur gefa vísbendingar um fjölda íbúða sem þörf verður fyrir ásamt íbúðagerðum og -stærðum. Greiningin miðar við þær áætlanir sem gefnar voru út 2024 eða fyrr.
- **Framboð á fjölbreyttum íbúðum** stuðlar að efnahagslegri sjálfbærni, fjölbreytileika samfélags og félagslegri samheldni.<sup>114</sup> Mikilvægt er því að gera ráð fyrir íbúðum af ýmsum gerðum og stærðum, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Skortur er á litlum hagkvæmum íbúðum í sveitarfélaginu. Blöndun húsaagerða og íbúðastærða innan hverfa stuðlar að blöndun félagshópa, gerir íbúum kleift að stækka eða minnka við sig innan hverfis, og stuðlar að því að þörfum sem flestra sé mætt.
- **Núverandi húsakostur** í sveitarfélaginu er að langstærstum hluta fremur stór sérbyli. Af 904 fullbúnum íbúðum um lok árs 2024 voru 64% einbýli, 9% sérbyli og 27% í fjölbyli. Flestar íbúðir í einbýli og sérbyli voru 110-150 m<sup>2</sup> og flestar í fjölbyli 70-110m<sup>2</sup>. Takmarkað framboð er á litlum íbúðum. Að meðaltali búa 2,8 íbúar í hverri íbúð.<sup>115</sup>

- **Íbúum í sveitarfélaginu** fjölgaði um 230 (úr 2122 í 2447) á árunum 2012 til 2023, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.<sup>116</sup> Íbúum á Höfn fjölgaði um rúmlega 95 frá 2012 til 2023, úr 1655 í 1750. Íbúum í Nesjum og sveitunum fjölgaði umtalsvert hraðar en íbúum Hafnar árin 2012-2023, eða um u.þ.b. 50%, úr 467 í 697.<sup>117</sup> Í dreifbýlinu hefur verið vaxandi þörf fyrir íbúðarhúsnæði án tengsla við búskap, einkum vegna starfa í ferðaþjónustu.
- **Fjölgun starfa í dreifbýli** við annað en landbúnað kallar á fjölbreytta íbúðauppbyggingu í dreifbýli. Væntingar eru um áframhaldandi vöxt ferðaþjónustu og aukinn áhuga og aukna möguleika á fjarvinnu ýmiskonar<sup>118</sup> sem kallar einnig á slíka uppbyggingu. Framboð á íbúðarhúsnæði þar styður jafnframt við þróun hverskonar atvinnulífs og þjónustu.<sup>119</sup>
- **Fólksfjölgun síðustu ára (2012-2023)** hefur að mestu leyti verið vegna fjölgunar einstaklinga, sérstaklega ungs fólks á aldrinum 20-29 ára. Íbúum með erlent ríkisfang hefur fjölgað frá árinu 2013 á meðan íslenskum ríkisborgurum hefur fækkað. Kynjahlutfallið hefur haldist nokkuð stöðugt en barnafólki hefur fækkað lítillega.
- **Reikna má með að árið 2040** verði íbúar sveitarfélagsins á bilinu 2950 til 3350, m.v. mannfjöldaspár<sup>120</sup> og íbúafjölgun á árunum 2012-2023.

<sup>112</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður, Húsnæðisáætlun 2024

<sup>113</sup> Reglugerð nr. 1248/2018 um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga

<sup>114</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál, umhverfismatsskýrsla

<sup>115</sup> Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, mælaborð. Gögn sótt í nóvember 2024

<sup>116</sup> Hagstofa Íslands: Mannfjöldi eftir sveitarfélögum og byggðakjörnum

<sup>117</sup> Hagstofa Íslands: Mannfjöldi eftir sveitarfélögum og byggðakjörnum

<sup>118</sup> Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036

<sup>119</sup> Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038

<sup>120</sup> Hagstofa Íslands: Mannfjöldaspá, Sveitarfélagið Hornafjörður, Húsnæðisáætlun 2024

- **Þörf verður fyrir 130-270 nýjar íbúðir** í sveitarfélaginu öllu árið 2040, m.v. framangreinda íbúafjölgun og að íbúar í hverri íbúð verða 2,86 líkt og húsnæðisáætlun 2024 gerir ráð fyrir.<sup>121</sup> Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir nægjanlegu landi fyrir íbúðarhúsnæði í samræmi við þá fjölgun.
- **Ef íbúasamsetning þróast áfram í sömu átt** og á liðnum áratug, þ.e. fjölgun einstaklinga, fækkun barnafjölskyldna, og hækkandi meðalaldur þjóðarinnar, mun eftirspurn eftir litlum íbúðum aukast, en nú þegar er skortur á litlum hagkvæmum íbúðum í sveitarfélaginu. Um 35% skattgreiðenda eru undir tekju- og eignaviðmiðum fyrir félagslegt húsnæði.<sup>122</sup> Eftirspurn eftir leiguhúsnæði er talsvert meiri en framboð.

### Markmið ÍL.2 Tækifæri til tímabundinnar dvalar

- **Líta má á eigendur frístundahúsa sem „tímabundna íbúa“ sveitarfélagsins**, sem eiga eða mynda tengsl í samfélaginu og láta sig það varða. Einnig nýta þessir „íbúar“ ýmiskonar verslun og þjónustu sem aftur styður við uppbyggingu og rekstur hennar sem eykur búsetugæði.

### Markmið ÍL.3 Heilsueflandi og barnvænt skipulag

- **Lýðheilsa á bæði við heilsuvernd og forvarnir** og snýst um að bæta og viðhalda andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu.<sup>123</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður hefur tekið þátt í verkefni

landlæknis um heilsueflandi samfélag frá árinu 2016<sup>124</sup> og var það viðfangsefni fest frekar í sessi árið 2021 með stefnunni Hornafjörður, náttúrulega.<sup>125</sup> Ennfremur hefur sveitarfélagið sett sér markmið um að vera barnvænt.<sup>126</sup> Þá snýst Heimsmarkmið 3 um heilsu og vellíðan.<sup>127</sup> Þessi stefna á heims-, lands- og svæðisvísu er nú útfærð m.t.t. skipulagsmála í þessu aðalskipulagi enda hefur bæði manngert og náttúrulegt umhverfi mikil áhrif á allar hliðar heilsu.

- **Umhverfi sem styður við og bætir heilsu manna** verður ekki til af sjálfu sér heldur þarf að skipuleggja það og hanna. Skipulag almenningsrýma getur stutt við samveru og samskipti sem bætir félagslega og andlega heilsu. Grænt og fallett umhverfi getur svo stutt enn frekar við allar hliðar heilsu. Með vel útfærðu skipulagi má svo einnig stuðla að hreinu lofti og góðri hljóðvist. Einnig má sjá fyrir góðum rýmum fyrir leik og íþróttir.<sup>128</sup>
- **Hreyfing er mikilvæg forvörn<sup>129</sup> og meðferð** við ýmsum sjúkdómum<sup>130</sup> og eykur almenna vellíðan á öllum æviskeiðum. Áhrif umhverfis á hreyfingu eru vel rannsökuð og með vel útfærðu skipulagi og umhverfi þéttbýlis er hægt að hvetja til hreyfingar í daglegu lífi.<sup>131</sup>

<sup>121</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður: Húsnæðisáætlun 2024

<sup>122</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður: Húsnæðisáætlun 2019-2026

<sup>123</sup> Þingsályktun um lýðheilsustefnu til ársins 2030

<sup>124</sup> Embætti landlæknis: Heilsueflandi samfélag, Hornafjörður: Heilsueflandi samfélag

<sup>125</sup> Hornafjörður, náttúrulega!

<sup>126</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður: Barnvænt sveitarfélag

<sup>127</sup> Heimsmarkmið 3

<sup>128</sup> Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Alta 2020: Lýðheilsa og skipulag, samantekt fyrir Skipulagsstofnun

<sup>129</sup> Heilsuvera: Forvarnir gegn heilabilun

<sup>130</sup> Læknablaðið, 2011: Hreyfing sem meðferðarform

<sup>131</sup> Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Alta 2020: Lýðheilsa og skipulag, samantekt fyrir Skipulagsstofnun

- **Skipulag getur stuðlað að minni kyrrsetu og aukinni hreyfingu** með því að hvetja til virkra ferðamáta svo sem göngu og hjólríða. Byggðarmynstur sem lágmarkar vegalengdir milli heimila og þjónustu í þéttbýli eykur líkur á að fólk gangi eða hjóli á milli staða. Fjölgun íbúða miðsvæðis á Höfn og í göngufæri frá skóla- og íþróttastöðu er liður í því að stuðla að 20 mínútna bæ en það hefur sú skipulagsnálgun verið kölluð sem miðar að því að innan 20 mínútna göngufæris (10 mínútur hvora leið) megi nálgast flest það sem þörf er fyrir dagsdaglega – verslanir, skóla, heilsugæslu, félagsþjónustu og leik-, íþrótt- og útivistarsvæði. Jafnframt að þessir áfangastaðir séu vel tengdir saman með öruggum götum og hjóla- og göngustígum. Það næst með viðeigandi þéttleika byggðar og blöndun landnotkunar í kjörnum og eftir ásum þar sem helstu þjónustu er að finna, sem auðveldar fólki að sinna mörgum erindum í sömu ferð.<sup>132</sup> Sjá nánar í 7. kafla um þéttbýlið á Höfn í skipulagsgreinargerð.
- **Lýðheilsa og umhverfismál eru samtvinnuð.** Ýmsar aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, til verndunar líffræðilegrar fjölbreytni og til viðhalds getu vistkerfa til að hreinsa vatn, loft og jarðveg, hafa beina tengingu við lýðheilsu.<sup>133</sup> Þar hafa skipulagsákvæði um vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði mikilvægu hlutverki að gegna. Í kafla 4 er fjallað um hvernig aðalskipulagið stuðlar að verndun hreinleika vatns, strandsjávar, lands og loft. Í kafla 6 er fjallað um meðhöndlun úrgangs.
- **Tækifæri til tengsla við náttúruna í daglegu lífi** hefur mikla þýðingu fyrir andlega og líkamlega heilsu fólks. Við staðsetningu íbúðarhúsnæðis og hönnun einstakra bygginga er því ástæða til að huga að því að styrkja slík tengsl. Gróður í gördum og á þökum getur laðað að fugla og jafnvel skapað ný búsvæði fyrir utan að bæta loft. Gluggar og svalir geta veitt útsýni í átt að gróðri, náttúrulegum kennileitum eða opnum svæðum.
- **Metnaður við skipulag og hönnun íbúðarhúsnæðis** með tilliti til birtu, loftgæða, aðgengis og fagurfræði og byggingarlistar hefur þýðingu fyrir heilsu og vellíðan.
- **Styrkja má heilsueflandi<sup>134</sup> og barnvænt<sup>135</sup> umhverfi** með því að gera ráð fyrir svæðum í þéttbýli og dreifbýli fyrir hverskonar útiveru og möguleika á hreyfingu, hvíld, leik og samveru. Aðgengi þarf að vera gott fyrir alla, þ.á.m. fólk með fötlun og aldraða. Slíkt umhverfi stuðlar að hreyfingu og samskiptum, og skapar tækifæri til að vinna gegn félagslegri einangrun.
- **Í umhverfismati skipulagstillagna** er ástæða til að meta sérstaklega áhrif á lýðheilsu með það að markmiði að þau verði sem jákvæðust.

<sup>132</sup> Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Alta 2020: Lýðheilsa og skipulag, samantekt fyrir Skipulagsstofnun

<sup>133</sup> Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Alta 2020: Lýðheilsa og skipulag, samantekt fyrir Skipulagsstofnun

<sup>134</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður: Heilsueflandi samfélag

<sup>135</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður: Barnvænt sveitarfélag

## Markmið ÍL.4 Öryggi gagnvart náttúruvá og slysum

- **Öryggi hverskonar** er annar þáttur sem hugað er að í aðalskipulaginu, bæði hvað varðar framboð á öruggu húsnæði og öryggi gegn slysum og náttúruvá.<sup>136</sup> Hvort tveggja er grundvöllur fyrir lýðheilsu og búsetu í sveitarfélaginu.
- **Nánari umfjöllun um náttúruvá** er í kafla 4.1 og um umferðaröryggi er fjallað

---

<sup>136</sup> Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Alta 2020: Lýðheilsa og skipulag, samantekt fyrir Skipulagsstofnun

## 5.2 Byggðarmynstur og bæjarmynd



### Þjónusta vistkerfa m.t.t. byggðarmynsturs og bæjarmyndar

Bæjarstæði Hafnar er einstaklega fagurt þökk sé stórbrotnu landslagi sem skapar sterkan staðaranda. Náttúran hefur frá upphafi haft áhrif á byggðarmynstur og landnotkun í sveitarfélaginu og er hún órjúfanlegur hluti menningarlandslags og sérkenna sveitarfélagsins. Gróður hefur líka áhrif á bæjarmyndina og hefur ásamt öðru lífríki jákvæð áhrif á upplifun íbúa og gesta.

### AÐALSKIPULAGSSTEFNAN Í HNOTSKURN

**Markmið aðalskipulagsins** snúa að því að tengsl dreifbýlis og þéttbýlisins verði sem jákvæðust og að gæði byggðarinnar verði sem mest.

**Leiðir að markmiðunum** varða Höfn sem meginkjarna, bætt vegakerfi, byggarmynstur sveitanna og kröfur til mannvirkjagerðar m.t.t. landslags, sögu, fornleifa náttúrufars og kolefnisspors. Sjá nánar markmið og leiðir BB.1-BB.4.

### SKÝRINGAR VIÐ MARKMIÐ

**Hvert og eitt markmið um byggðarmynstur og bæjarmynd** er skýrt með umfjöllun um helstu forsendur og áhrif, á næstu blaðsíðum.

## Markmið BB.1 Höfn öflugur meginkjarni

- **Höfn er eina þéttbýli sveitarfélagsins.** Þar býr meirihluti íbúa (70%) og þar er öll helsta þjónusta við íbúa, svo sem heilsugæsla, hjúkrunarheimili, félagsleg þjónusta, bæjarskrifstofur, leikskóli, grunnskóli og framhaldsskóli. Þaðan starfar sjávarútvegurinn sem er ein af meginstöðum atvinnulífs í sveitarfélaginu.
- **Með því að styrkja Höfn sem meginkjarna** sveitarfélagsins er stuðlað að því að þar dafni öflug verslun og þjónusta sem nýtist sveitarfélaginu sem heild. En til þess þarf m.a. að bæta vegakerfi til að stytta vegalengdir og auka umferðaröryggi. Vinnu- og þjónustusóknarsvæði Hafnar er í raun allt sveitarfélagið<sup>137</sup> og því er mikilvægt að vegakerfi sé öruggt.

## Markmið BB.2 Styrking byggðar í dreifbýli

- **Í dreifbýlinu eru nokkrir íbúðarkjarnar** eða vísar að þeim. Nesjahverfi er í grennd Hafnar og þar er íbúðarhverfi við íþróttasvæði og þjónustureit. Byggðin á Mýrum, Suðursveit og Öræfum einkennist af því að bæjarhlöð standa nokkuð þétt saman og mynda torfur s.s. Holt á Mýrum, bæjarhverfin í Suðursveit (Breiðabólssstaðartorfa, Borgarhöfn, Miðþorpið og Mörk) og Hof í Öræfum. Í Lóni er hefðbundara búsetulandslag þar sem lengra er á milli bæja. Á Hofi í Öræfum er einnig leik- og grunnskóli.
- **Byggðarmynstur í sveitunum** er í grófum dráttum eins í dag og það hefur verið í gegnum tíðina. Þó hefur það tekið

breytingum með uppbyggingu ferðaþjónustu, og vegna nýs íbúðarhúsnæðis og nýrra íbúðarsvæða án tengsla við búskap. Í flestum tilvikum er þar um að ræða íbúðalóðir á verslunar- og þjónustusvæðum í tengslum við ferðaþjónustu.

- **Í dreifbýlinu hefur verið vaxandi þörf fyrir íbúðarhúsnæði** vegna atvinnuþróunar og hefur við mótun nýs aðalskipulags verið rætt um hvar og hvernig æskilegt er að íbúðarbyggð í sveitunum þróist. Þar hefur m.a. verið horft til þess að skilgreina einn íbúðar- og þjónustukjarna í hverri sveit þar sem verði íbúðarbyggð í bland við samfélagsþjónustu. Með því að beina íbúðarbyggðinni í kjarna verður auðveldara að þjónusta hana og vonast er til þess að með tíð og tíma skapist sterkar samfélagseiningar og aðstæður fyrir nærþjónustu s.s. leikskóla, félagsheimili og íþrótt-/tómstundaaðstöðu og jafnvel verslun. Með aukinni þjónustu í nærsamfélagi er hægt að draga úr ferðaþörf íbúa sem hefur einnig þann kost að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- **Þörf fyrir íbúðarhúsnæði er einkum í vesturhluta** sveitarfélagsins sem er fjarri eina þéttbýli sveitarfélagsins og jafnframt fjarri þéttbýli í aðliggjandi sveitarfélagi. Þar hafa komið fram óskir um íbúðauppbyggingu og verður fjallað um þær í umhverfismati aðalskipulagstillögunnar.
- **Í austurhluta sveitarfélagsins er tækifæri** til að beina nýrri íbúðarbyggð til Hafnar og Nesjahverfis, til að styrkja þar grundvöll margskonar þjónustu fyrir sveitarfélagið allt.
- **Auk íbúðarkjarna eru einnig stök íbúðarhús í sveitunum** án tengsla við hefðbundinn búskap og er gert ráð fyrir auknum

<sup>137</sup> Byggðastofnun 2020: Suðurland stöðugreining 2019

áhuga á slíkri uppbyggingu samhliða breyttum búskaparháttum og í samræmi við áherslu ríkisins á að styðja við búsetufrelsi.<sup>138</sup>

### Markmið BB.3 Tekið mið af menningarlandslagi

- **Menningarlandslag er landslag sem er mótað af fólki,** búsetu, atvinnuháttum og menningu þess og tengir nútímakynslóðir við þær sem á undan fóru. Mikilvægt er að virða tengsl fólks við landslag sitt og leitast við að þróa byggðina með virðingu fyrir þeim tengslum.
- **Bæjartorfur hafa í gegnum aldirnar einkennt** og einkenna ennþá byggðarmynstur sveitanna, einkum í Örafum og Suðursveit en einnig víðar. Á fyrri tímum þurfti við staðsetningu býla taka mið af margslunginni náttúruvá eins og flóðum og miklum verðum. Býli voru því gjarnan staðsett hátt í landi og skjólmegin við hól eða hæð. Við staðarval nýrrar byggðar þarf að gæta að sömu þáttum og virða sögulegt menningarlandslagið. Áframhaldandi uppbygging í torfum hefur auk þess þann kost að ósnortið landslag annars staðar er verndað og auðveldara er að þjónusta byggðina.

### Markmið BB.4 Vönduð mannvirkjagerð og sterkur staðarandi

- **Til þess að Höfn verði 20 mínútna heilsueflandi bær,** sem býður upp á öruggar umferðarleiðir fyrir alla ferðamáta og hefur sterkan miðkjarna sem styður við líflegt mannlíf, þarf að leggja áherslu á að byggja heildstætt net göngu- og hjólaleiða og

örugg göturými, halda íbúðarbyggð sem mest innan núverandi byggðarmarka og styrkja samfélagsþjónustukjarna sem fyrir eru, byggja upp sterkan miðbæ og fylla upp í eyður í byggðinni.

- **Virðing fyrir sögu bæjarins og landslagsumgjörð** gerir Höfn að fallegum bæ. Styrkja má staðarandann enn frekar með því að skýra sögulegan byggingararf og bæjarrými, vernda og styrkja sérkennandi línur í landslagi og mikilvægar sjónlínur til sjávar, fjalla og jökla, skapa ný kennileiti og vanda til verka við alla hönnun.
- **Auka má lífsgæði íbúa** með aðlaðandi og öruggum almenningsrymum sem eru barnvæn og hvetja alla aldurs- og getuhópa til virkra ferðamáta, útiveru og samveru. Í þeim tilgangi geta vel afmörkuð, örugg og falleg göturými skipt máli. Áherslur á þarfir fólks og gæði hins byggða umhverfis eru til þess fallnar að bæta búsetuskilyrði og vellíðan við daglegar ferðir um bæinn.

### Markmið BB.5 Virðing fyrir fornleifum og öðrum menningarminjum

- **Til menningarminja teljast,** í samhengi aðalskipulags, fornleifar, menningar- og búsetulandslag, hús og önnur mannvirki sem eru ummerki um sögu þjóðarinnar. Fornleifar eru hvers kyns mannvistarleifar sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.<sup>139</sup>
- **Fornleifar hafa verið skráðar allvíða** í sveitarfélaginu í tengslum við deiliskipulagsvinnu og framkvæmdir á einstökum

<sup>138</sup> Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036

<sup>139</sup> Sjá nánari skilgreiningu í 1. og 3. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar

stöðum.<sup>140</sup> Skýrsla um aðalskráningu fornleifa á Höfn var gefinn út árið 2023 en heildstæð aðalskráning fyrir allt sveitarfélagið hefur ekki verið gerð. Því er mikilvægt að fornleifar séu skráðar þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

---

<sup>140</sup> [Listi yfir fornleifaskráningarskýrslur úr gagnagrunni Minjastofnunar Íslands](#)

## 5.3 Samgöngur og umferð



Þjónusta vistkerfa m.t.t samgangna og umferðar

Vistkerfi geta dregið úr áhrifum náttúruhamfara á mannvirki, þar á meðal samgöngumannvirki.

### AÐALSKIPULAGSSTEFNAN Í HNOTSKURN

**Markmið aðalskipulagsins** snúa að greiðum, öruggum og vistvænum samgöngum. Á Höfn er áherslan sérstaklega á virka ferðamáta og á hálendinu á gott aðgengi fyrir ólíka ferðamáta.

**Leiðir að markmiðunum** varða úrbætur á þjóðvegi 1 og tengsl Hafnar við hann; leiðakerfi fyrir gangandi og hjólandi, almenningssamgöngur og innviði vegna orkuskipta; ferðamannaleiðir að Vatnajökulspjóðgarði, slóða utan þjóðvega, gamlar þjóðleiðir; lendingarstaði og aðstæður flugumferðar, björgunarstarfs og báta- og skipaumferðar. Sjá nánar markmið og leiðir SU.1 - SU.7.

### SKÝRINGAR VIÐ MARKMIÐ

**Hvert og eitt markmið um samgöngur og umferð** er skýrt með umfjöllun um helstu forsendur og áhrif, á næstu blaðsíðum.

## Markmið SU.1 Styttri og öruggari Hringvegur

- **Stefna sveitarfélagsins er að Höfn verði miðstöð** verslunar- og þjónustu fyrir allt sveitarfélagið. Sveitarfélagið er víðfeðmt og ferðaleiðir langar og ljóst að margir íbúanna þurfa að fara um langan veg til að sækja þjónustu eða vinnu til Hafnar.<sup>141</sup> Góðar og öruggar samgöngur eru forsenda fyrir því að þetta gangi upp. Góðar samgöngur hafa jákvæð áhrif á atvinnu og samkeppnishæfni svæða með því að gera fólki auðveldara fyrir að ferðast innan svæðisins.<sup>142</sup>
- **Næstu þéttbýli** eru Djúpvogur (103 km) og Egilsstaðir (185km) í austri og Kirkjubæjarklaustur í vestri (200 km). Næsta þéttbýli sem er talsvert fjölmennara en Höfn er Selfoss en þangað eru 400 km. Almenningsamgöngur ganga frá Höfn og um Suðurland til Reykjavíkur en ganga ekki austur fyrir Höfn. Engar aðrar almenningsamgöngur eru í sveitarfélaginu.<sup>143</sup>
- **Umferð ferðafólks** um sveitarfélagið hefur aukist gríðarlega á undangengnum áratug og ferðatími lengst. Þjóðvegur 1 er eina flutningsleið aðfanga í stóran hluta sveitarfélagsins. Það er því mikilvægt fyrir bæði umferðaröryggi og byggðaðróun að halda uppi öflugri vetrarþjónustu í sveitarfélaginu. Slysatiðni hefur aukist samhliða auknum umferðarþunga.<sup>144</sup>

<sup>141</sup> Bygðastofnun 2020: Suðurland stöðugreining 2019

<sup>142</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál, umhverfismatsskýrsla

<sup>143</sup> Bygðastofnun 2020: Suðurland stöðugreining 2019

<sup>144</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður, 26. október 2023: Umsögn um samgönguáætlun fyrir árin 2024–2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028

- **Á köflum ber Hringvegurinn ekki þann umferðarþunga** sem um hann fer. Enn eru allmargar einbreiðar brýr í sveitarfélaginu sem standast ekki kröfur sem eru gerðar til slíkra mannvirkja í dag. Víða er vegbreidd ekki nægileg og vegaxlir engar.
- **Til að auka öryggi vegfarenda** leggur sveitarfélagið áherslu á að einbreiðum brúm verði fækkað og að leitað sé leiða til að breikka vegi þar sem ekki liggur fyrir áætlun um nýlagningu. Sveitarfélagið leggur einnig áherslu á fjölgun áningarstaða og örugga útskota við þjóðveginn þar sem fólk getur stöðvað, t.d. til að njóta útsýnis og taka myndir.
- **Góðar og öruggar samgöngutengingar** milli byggða hafa jákvæð áhrif á búsetugæði, skapa öruggar flóttaleiðir og styrkja þannig viðnámsþrótt sveitarfélaga gagnvart náttúruvá.<sup>145</sup>
- **Skipulagið gerir ráð fyrir breytingum á legu Hringvegar** til að stytta leiðir og stuðla að auknu umferðaröryggi. Einnig er gert ráð fyrir að þær breytingar muni hafa jákvæð áhrif á byggðaðróun og styrkja vinnusóknarsvæði sveitarfélagsins.
- **Aðalskipulagið gerir ráð fyrir göngum** um Lónsheiði til að stytta akstursleiðir og bæta umferðaröryggi. Núverandi vegur milli Lóns og Álftafjarðar liggur um Hvalnes- og Þvottáskriður. Vegurinn veldur erfiðleikum, sérstaklega um Hvalnesskriður. Mikið grjóthrun og snjóflóðahætta ógnar öryggi vegfarenda auk þess sem hvassviðra gætir stöku sinnum. Ýmsar varnir hafa verið settar upp gegn grjóthruni. Að auki er víða hrun úr neðri kanti vegarins sem ógnar öryggi vegarins til lengri tíma. Vegurinn stendur víða tæpt. Aðstæður á veginum kunna að

<sup>145</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál, umhverfismatsskýrsla

versna enn frekar með breyttu veðurfari með meiri úrkomuákefð.<sup>146</sup>

- **Lónsheiðargöng myndu tryggja samgöngur** milli Suðurlands og Austurlands. Göngin yrðu um 6,1 km að lengd og myndu stytta hringveginn um 12,4 km. Göngin myndu einnig spara 20 m af brúargerð, bæta umferðaröryggi, og hafa jákvæð áhrif á byggðaðbróun.<sup>147</sup> Einnig kemur til greina að mati Vegagerðarinnar að bæta veginn um Hvalnes- og Þvottárskriður með ýmsum tæknilegum lausnum.<sup>148</sup>
- **Einnig er í aðalskipulaginu gert ráð fyrir** breyttri legu Hringvegar um Lón, sem mun stytta veginn um 2-5 km og fækka einbreiðum brúm um 5.
- **Legu Þjóðvegur í Öræfum** var til umfjöllunar við mótun aðalskipulagsins þar sem íbúar hafa kallað eftir öðrum legukostum en í gildandi aðalskipulagi. Vegagerðin hefur hafið vinnu við að skoða mögulega legu neðar í landinu en sú vinna er ekki komin nógu langt til að unnt sé að ákveða leguna í þessu aðalskipulagi. Því er legan sýnd óbreytt frá fyrra aðalskipulagi. Þegar Vegagerðin hefur skilgreint þá legukosti sem til greina geta komið og verða þeir metnir skv. lögum um umhverfismat og gerð tilheyrandi aðalskipulagsbreyting eftir því sem niðurstaða matsins kallar á.

<sup>146</sup> Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2022: Jarðgöng á áætlun, mat á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðaðbróun

<sup>147</sup> Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2022: Jarðgöng á áætlun, mat á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðaðbróun

<sup>148</sup> Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2022: Jarðgöng á áætlun, mat á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðaðbróun

- **Í Þingsályktunartillögu að samgönguáætlun<sup>149</sup>** eru áform um styttingu Þjóðvegur í Öræfum milli Gljúfursá og Morsár þar sem vegurinn styttist um a.m.k. 5 km og einbreiðum brúm fækkar um fjórar.
- **Sveitarfélagið telur að umferðaröryggi** aukist umtalsvert við að færa veginn fjær fjöllunum við Sandfell.<sup>150</sup>
- **Sveitarfélagið telur að mikilvægt** sé að halda áfram að fækka einbreiðum brúm á Þjóðvegi 1, með því eykst öryggi vegfarenda. Sveitarfélagið telur óásættanlegt að á samgönguáætlun sé ekki gert ráð fyrir nýrri brú yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi fyrr en eftir árið 2034.<sup>151</sup> Brúin er flöskuháls á Þjóðveginum og ber engan veginn þann umferðarþunga sem um hana er auk þess sem mikið er um gangandi og hjólandi vegfarendur á svæðinu sem eru í mikilli hættu á brúnni.<sup>152</sup>
- **Á Breiðamerkursandi** veldur sjávargangur landbroti sem gæti ógnað Þjóðvegi 1 innan fárra ára. Mikilvægt er er að verja jökulölduna og innviði við Jökulsárlón, þar sem bæði náttúruverndargildi og mikilvægir innviðir ferðamennsku eru í húfi.

## Markmið SU.2 Bætt tenging Hafnar við Hringveg

- **Þjóðvegur 99 liggur um mitt þéttbýlið á Höfn**, meðfram skóla- og íþróttasvæði, og sker bæinn í tvennt. Í suðausturhluta

<sup>149</sup> Þingsályktunartillaga um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038

<sup>150</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður, 26. október 2023: Umsögn um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028

<sup>151</sup> Þingsályktunartillaga um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038

<sup>152</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður, 26. október 2023: Umsögn um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028

Þéttbýlisins er hafnarsvæðið og stórt athafnasvæði sem veldur mikilli umferð vegna þungaflutninga í gegnum bæinn. Umferðarþungi og öryggismál á þjóðveginum hafa verið íbúum áhyggjuefni.

- **Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir færslu þjóðvegarsins** austur fyrir þéttbýlið og þaðan inn á athafnasvæðið. Þannig verði þungaumferð leidd framhjá íbúðarbyggð. Við það skapast tækifæri til að þétta byggð við Hafnarbraut og skapa öruggara og meira aðlaðandi göturými í miðju bæjarins. Einnig skapast tækifæri til að styðja betur við virka ferðamáta.
- **Nokkrir valkostir fyrir breytta legu þjóðvegars** voru skoðaðir við endurskoðun aðalskipulagsins. Sjá kafla 9.


### Markmið SU.3 Bættar aðstæður fyrir virka og vistvæna ferðamáta á Höfn

- **Vegasamgöngur eru stærsta uppspretta gróðurhúsalofttegunda** frá íslensku samfélagi, eða um þriðjungur þeirrar losunar sem íslensk stjórnvöld bera ábyrgð á.<sup>153</sup> Í flokki vegasamgangna vega fólksbílar þyngst. Losun frá vegasamgöngum hefur aukist árlega frá árinu 2020, þvert á markmið.<sup>154</sup> Íslensk stjórnvöld hafa sett sér markmið um að draga úr þessari losun um 21% til ársins 2030 miðað við árið 2005 (felur í sér samdrátt um 37% miðað við losun árið 2018). Áhersla er lögð á tvær meginleiðir, breyttar ferðavenjur og

<sup>153</sup> Umhverfisstofnun 2024: Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038

<sup>154</sup> Umhverfisstofnun, 2024: Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, Umhverfisstofnun, 2024: Bráðabirgðatölur um losun gróðurhúsalofttegunda 2023

orkuskipti.<sup>155</sup>



Skipting samfélagslosunar 2023 í undirflokk

- **Skipulag getur stutt við samdrátt þessarar losunar** t.d. með því að styðja við virka ferðamáta, einkum í þéttbýli, og með því að draga úr ferðapörf með því að koma byggð þannig fyrir að vegalengdir á milli þjónustu, atvinnustaða og íbúða séu sem stýstar.
- **Höfn byggðist að mestu eftir tilkomu einkabílsins** og því hefur skipulag almennt tekið mið af flæði bílaumferðar og rými fyrir bílastæði. Ef breyta á ferðavenjum þarf að tryggja öðrum

<sup>155</sup> Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2024: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

ferðamátum nægilegt rými á götum og hanna umhverfi þannig að virkir ferðamátar verði aðlaðandi kostur.

- **Árið 2022 voru um 75% ferða á landsbyggðinni** farnar með einkabíl. Lítil munur er á ferðavenjum fólks á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Daglegum ferðum fólks fer fækkandi og notkun einkabílsins minnkandi. Hlutfall þeirra sem nota almenningssamgöngur á landsbyggðinni hækkaði um eitt prósentustig milli ára 2019 og 2022.<sup>156</sup>
- **Til þess að fólk velji hjólreiðar oftar sem ferðamáta** þarf betri hjólastíga og betri vetrarþjónustu. Til þess að fólk noti strætó oftar þarf tíðni ferða strætisvagna að aukast, aðgengi að strætó á landsbyggðinni að batna og verð þjónustunnar að lækka.<sup>157</sup>
- **Á Höfn liggur strandstígurinn meðfram strandlengjunni** vestan megin í þéttbýlinu en austan megin er einungis stígur fyrir botni Sílavíkur. Tengingar frá strönd inn í byggð eru víðast góðar og aðgengilegar. Strandstígurinn er verðmætur fyrir heilsueflandi samfélag og stígar innanbæjar veita möguleika á ólíkum leiðum í daglegum ferðum um bæinn. Mikill ávinningur væri þó af samhangandi strandstíg meðfram allri strandlengjunni og stígatengingum með reglulegu millibili inn í byggðina.
- **Hjólreiðar og aðrir léttir ferðamátar** hafa vaxið í vinsældum á síðustu árum, sérstaklega með tilkomu rafhjóla og rafskúta. Ekki eru sérstakar hjólareinar í götum á Höfn en mögulega

<sup>156</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Ferðavenjukönnun 2022

<sup>157</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Ferðavenjukönnun 2022

mætti koma þeim fyrir á helstu umferðarleiðum við endurhönnun og endurnýjun gatna.

- **Mikilvægt er að bæta aðstæður fyrir vistvæna og virka ferðamáta** bæði í þéttbýli og dreifbýli. Í þéttbýli getur samfellt leiðakerfi fyrir gangandi og hjólandi, og aðra vistvæna ferðamáta stuðlað að því að fleiri nýti sér þá ferðamáta með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á lýðheilsu og umhverfi. Með því að auka hlutdeild virkra ferðamáta í þéttbýli og draga úr umferð er hægt að bæta loftgæði og hljóðvist. Leiðakerfi fyrir virka ferðamáta getur í leiðinni aukið gæði byggða umhverfisins<sup>158</sup> og fjölgað tækifærum til útiveru, samskipta og félagslegra tengsla.<sup>159</sup>
- **Nægjanlegt rými fyrir** innviði fyrir vistvæn ökutæki styður við orkuskipti.<sup>160</sup>

#### Markmið SU.4 Bættar aðstæður fyrir vistvæna ferðamáta í dreifbýli

- **Í dreifbýlinu er hægt að bæta aðstæður** fyrir vistvæna ferðamáta með því að fjölga og merkja betur göngu-, reið- og hjólaleiðir milli byggðarkjarna og við vinsæla ferðamannastaði, og með því að bæta aðstæður fyrir almenningssamgöngur.
- **Við þróun leiða** fyrir göngu-, hjóla- og reiðfólk er mikilvægt að þær nýtist jafnt íbúum sem gestum og gætt sé að hagsmunum hefðbundinnar landnýtingar jafnt sem ferðaþjónustunnar.
- **Vegalengdir eru gríðarlega miklar** í dreifbýlinu og því er

<sup>158</sup> Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038

<sup>159</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál, umhverfismatskýrsla

<sup>160</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Grænbók um skipulagsmál

samfelld stígagerð kostnaðarsöm. Hjóla-, reið- og göngustígar aðskildir vegakerfi eru þó mikilvægir fyrir öryggi samgangna og byggðapróun og því skynsamlegt að gera ráð fyrir sameiginlegum stíg eftir sveitarfélaginu endilöngu meðfram Hringvegi.

- **Til að styðja við orkuskipti** er mikilvægt að gert sé ráð fyrir innviðum fyrir vistvæn ökutæki. Meðal annars er framboð af rafhleðslustöðvum á og við miðhálandi Íslands ekki í nægilegu samræmi við þörf.<sup>161</sup>

## Markmið SU.5 Aðgengi að náttúru Íslands

- **Miðhálandi Íslands er mikilvæg auðlind** fyrir ferðaþjónustuna en um þriðjungur ferðamanna heimsækir miðhálandið.<sup>162</sup> Það er stefna sveitarfélagsins að stuðla að góðu aðgengi að hálendinu fyrir ólíka ferðamáta en jafnframt vernda víðerni og óbyggðaupplifun. Með vaxandi ferðaþjónustu eykst álag á hálendið og þörf skapast fyrir innviðauppbyggingu fyrir samgöngur og ferðaþjónustu. Samhliða uppbyggingu þarf að standa vörð um hefðbundin not svæðisins, og vernda óbyggð víðerni og mikilvægar landslagsheildir.<sup>163</sup> Samgöngukerfi geta haft neikvæð áhrif á hljóðvist, ásýnd svæða og upplifun við útivist. Huga þarf sérstaklega vel að þessum þáttum við mat á valkostum.<sup>164</sup>
- **Víða eru vegir að náttúruperlum** og vinsælum ferðamannastöðum í slæmu ásigkomulagi. Tryggja þarf örugga

<sup>161</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Grænbók um skipulagsmál

<sup>162</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Grænbók um skipulagsmál

<sup>163</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál

<sup>164</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál, umhverfismatsskýrsla

aðkomu að þessum stöðum og viðhald vega í samræmi við notkun veganna.

- **Sveitarfélagið er vinsælt meðal göngumanna** og innan þess er mikið af gönguleiðum, ekki síst innan Vatnajökulsþjóðgarðs.
- **Huga þarf að þróun leiðakerfis** að Vatnajökulsþjóðgarði eftir ólíkum ferðamátum með því að skilgreina ferðamannaleiðir og setja reglur um þær m.t.t. jafnvægis á milli ferðamáta og hagsmuna hefðbundinna nota s.s. beitar og smölunar. Það verði gert í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð og samráði við landeigendur. Markmið með því er m.a. að hafa áhrif á umferð ferðamanna með því að bæta aðgengi að ferðamannastöðum sem þola mikinn fjölda gesta. Sveitarfélagið leggur einnig áherslu á að stuðla að öruggum tengingum við þjónustumiðstöðvar, vinsæla áfangastaði og jaðarsvæði ferðaþjónustu.
- **Við gerð aðalskipulagsins voru slóðar/vegir utan þjóðvega** kortlagðir og skráðir.<sup>165</sup>
- **Sveitarfélagið hefur sett sér stefnu** um að vinna áfram að þróun Jöklaleiðarinnar. Jöklaleiðin er 250 km leið frá Núpsstaðaskógi til Lónsöræfa og er hugsuð sem göngu- og hjólastígur með mismunandi erfiðleikastigi. Nú þegar hafa verið skipulagðir um 42 km af stígum frá Skaftafelli í Svínafell, yfir Breiðamerkursand og frá Skálafelli í Haukafell. Jöklaleiðin yrði með lengstu skipulögðu gönguleiðum Íslands. Leiðin hefur verið í þróun í yfir 15 ár og er afrakstur samvinnu landeigenda, Vatnajökulsþjóðgarðs og sveitarfélagsins. Hægt verður að nota

<sup>165</sup> Reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands skv. lögum um náttúruvernd

fyrirliggjandi gönguleiðir og gamla vegslóða í 80% leiðarinnar.

- **Markmiðið með Jöklaleiðinni** er að skapa nýtt aðdráttarafl í ferðaþjónustu, stýra ferðamönnum um náttúruna, vernda hana og samtvinna við þjónustu- og búsetukjarna svæðisins. Leiðin á einnig að geta nýst heimamönnum til að ferðast á milli kjarna.

### Markmið SU.6 Bætt aðstaða fyrir flug

- **Áætlunarflug fer um Hornafjarðarflugvöll** sem er staðsettur um 5 km norður af Höfn. Á vellinum er 1.500 m löng flugbraut og ágæt flugstöðvarbygging. Svigrúm er til frekari uppbyggingar á flughlaði.
- **Það er byggðarlaginu mikilvægt** að áfram verði hægt að sinna áætlunarflugi frá Hornafjarðarflugvelli, vegna almennra lífsgæða íbúanna og þörf fyrir þennan kost í samgöngum, heilsugæslu, hagsmunum atvinnulífsins, ferðaþjónustu, stjórnáætlun, menntun og menningu. Íslenska ríkið leggur áherslu á að íbúar landsbyggðarinnar eigi kost á að komast til höfuðborgarsvæðisins á um 3,5 klukkustunda samþættum ferðatíma akandi, með almenningsvagni, ferju og/eða flugi.<sup>166</sup> Flugsamgöngur eru eina samgönguleiðin sem nær þessu markmiði fyrir íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði.
- **Það er stefna sveitarfélagsins að gera ráð fyrir svigrúmi fyrir þróun Hornafjarðarflugvallar sem millilandaflugvallar.** Það myndi styrkja enn frekar atvinnulíf í sveitarfélaginu og

<sup>166</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um samgöngumál - Drög að stefnumótandi samgönguáætlun 2024 til 2038 og fimm ára aðgerðaáætlun

aðliggjandi sveitarfélögum og stuðla að frekari uppbyggingu og vexti Vatnajökulsþjóðgarðs. Það myndi einnig hjálpa til við dreifingu ferðamanna um landið og auka öryggi í flugi.<sup>167</sup>

- **Til þess þyrfti að gera endurbætur** á öryggis- og eftirlitsþáttum flugvallarins þannig að hann geti tekið á móti minni farþegaflugvélum í millilandaflugi og vélum í ferjuflugi.<sup>168</sup> Búið er að setja undirlag fyrir breiðari flugbraut sem aðeins á eftir að malbika.
- **Auk Hornafjarðarflugvallar eru minni flugbrautir** við Fagurhólsmýri og í Skaftafelli. Þær sinna mikilvægu hlutverki svo sem í björgunarstarfi, sjúkraflugi og ferðaþjónustu. Nauðsynlegt er fyrir öryggi íbúa og ferðamanna að tryggja að þessir flugvellir geti nýst fyrir sjúkraflug.

### Markmið SU.7 Góðar aðstæður fyrir báta- og skipaumferð

- **Hornafjarðarhöfn er stór fiski- og flutningahöfn** og eru skipalægi á fjórum stöðum sem og flotbryggja fyrir smábáta. Hafnarsvæðið nær yfir Krossey, Álaugarey og Ósland og er í aðalskipulaginu gert ráð fyrir byggingu Faxeyrarhafnar út af Óslandi. Hafnarsvæðið er af skornum skammti og því er mikilvægt að nýta það vel fyrir hafnsækna starfsemi og annað sem henni tengist. Sjá nánar í kafla 7 um þéttbýlið í skipulagsgreinargerð.

<sup>167</sup> Tillaga til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll

<sup>168</sup> Tillaga til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll

- **Hornafjarðarhöfn er eina höfnin** frá Djúpavogi að Bakkafjöru og er mikilvægi hennar fyrir atvinnulíf og byggð í sveitarfélaginu ótvírætt enda er sjávarútvegur ein grunnstoða atvinnulífsins á Höfn. Mikilvægt er því að tryggja áfram góðar og öruggar hafnaraðstæður fyrir fjölbreyttan skipaflota og góðar aðstæður fyrir siglingar. Einnig að tryggja gott landrými fyrir hafnsækna starfsemi og aðstæður fyrir fjölbreytta athafnastarfsemi. Til að ná þessum markmiðum er lögð áhersla m.a. á að viðhalda og þróa hafnarmannvirki eftir þörfum og gæta öryggis- og umhverfissjónarmiða við skipulag og hönnun. Einnig beitingu umferðar- og aðgangsstýringar til að tryggja öruggt samspil athafnalífs á hafnarsvæði og almennrar umferðar íbúa og ferðafólks, til dæmis með því að gera hluta af hafnarsvæðinu aðgengilegt ferðamönnum.
- **Höfnin hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn** enda er þar líflegt mannlíf vegna hafnarstarfsemi og á jaðri svæðisins eru veitingahús og gististaðir. Því þarf að huga vel að samspili milli ferðaþjónustu og athafna- og hafnarstarfsemi. Tryggja þarf öryggi vegfarenda og samspil í hönnun á jöðrum svæðanna.

## 5.4 Þjónusta, verslun og menningarlíf



Þjónusta vistkerfa tengd þjónustu, verslun og menningarlífi

Vistkerfi veita bæði gestum og heimamönnum menningartengda þjónustu, þ.e. fagurfræðilega upplifun, innblástur og andlega upplifun.

### AÐALSKIPULAGSSTEFNAN Í HNOTSKURN

**Markmið aðalskipulagsins** snúast um að styðja við samfélagsþjónustu og verslunar-, þjónustu- og menningarstarfsemi.

**Leiðir að markmiðunum** varða aðbúnað og aðgengi að svæðum fyrir heilbrigðisþjónustu og skólastofnanir; sveigjanleika til verslunar- og þjónustustarfsemi í dreifbýli og þéttbýli; og umhverfi sem styður við listsköpun og menningarstarf. Sjá nánar markmið og leiðir ÞV.1 - ÞV.4.

### SKÝRINGAR VIÐ MARKMIÐ

**Hvert og eitt markmið um þjónustu, verslun og menningarlíf** er skýrt með umfjöllun um helstu forsendur og áhrif, á næstu blaðsíðum.

## Markmið þV.1 Gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu

- **Á Höfn er heilsugæsla, hjúkrunarheimili og önnur þjónusta** við aldraða. Að tryggja gott rými fyrir framtíðarþróun Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Höfn er í samræmi við stefnu um að styrkja Höfn sem meginkjarna sveitarfélagsins.
- **Íbúar í dreifbýli** hafa kallað eftir auknu aðgengi að heilbrigðisþjónustu, til dæmis viðveru hjúkrunarfræðings nokkra daga í viku og hjúkrunarheimili eða öðru úrræði fyrir fólk sem vill eyða ævikvöldinu í heimahögum sínum.
- **Fjarheilbrigðisþjónusta** er ört vaxandi hluti almennrar heilbrigðisþjónustu<sup>169</sup> og eru mikil og fjölbætt tækifæri fólgin í henni, sérstaklega fyrir dreifbýli og smærri þéttbýli fjarri sjúkrahúsum. Með fjarheilbrigðisþjónustu er átt við það þegar upplýsinga- og fjarskiptatækni er notuð til að veita heilbrigðisþjónustu, en miklar framfarir hafa orðið í slíkri þjónustu undanfarin ár. Hugsanlegt er að á næstu árum fari hluti heilbrigðisþjónustu íbúa í dreifbýli fram á þennan máta. Það er stefna sveitarfélagsins að stuðla að háhraðatengingu í sveitarfélaginu öllu til þess að tryggja aðgengi allra íbúa að þessari þjónustu.
- **Bættar aðstæður fyrir sjúkraflutninga** á landi og í lofti, m.a. með almenningsamgöngum eru einnig mikilvægar fyrir heilbrigðisþjónustu.
- **Öruggt og öflugt fjarskiptakerfi** í sveitarfélaginu öllu er forsenda fyrir byggðaðróun, m.a. vegna aðgengis að

fjarheilbrigðisþjónustu, möguleikum á fjarnámi og aðstæðum til samskipta milli stofnana, sérstaklega í dreifbýli. Það er einnig öryggismál að bæta samband á ferðamannastöðum. Umfjöllun um fjarskipti er einnig að finna í kafla 6.3. Veitur og fjarskipti.

## Markmið þV.2 Menntun og þekkingaröflun

- **Á Höfn er öflugt skóla- og þekkingarstarf.** Þar er leikskólinn Sjónarhóll, Grunnskóli Hornafjarðar, Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu og Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu. Þar er einnig rannsóknasetur Háskóla Íslands. Í Hofgarði í Öræfum starfar Leikskólinn Lambhagi og Grunnskólinn í Hofgarði, en þeir eru samreknir. Grunn- og leikskóli í Öræfum starfar í samstarfi við grunnskóla Hornafjarðar og leikskólann Sjónarhól á Höfn.
- **Grunnskólabörn í Öræfum** sækja ákveðinn hluta skólastarfs til Hafnar, s.s. sundkennslu.
- **Grunnskóli Hornafjarðar og Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu** bjóða upp á formlegt nám í smíði, textíl, myndmennt, ljósmyndun og fatahönnun (fatasaum). Í framhaldsskólanum er einnig boðið upp á fjallamennskunám.
- **Mikil áhersla er lögð á nýsköpun, rannsóknir og þekkingu** í Sveitarfélaginu Hornafirði og er meðal annars unnið metnaðarfullt þekkingarstarf undir samstarfshatti Nýheima þekkingarseturs. Þar starfa ólíkar stofnanir á sviði menntunar, menningar, nýsköpunar og rannsókna. Tilgangur Nýheima er m.a. að efla samvinnu ólíkra stofnana og skapa sterkt þekkingarsamfélag á landsbyggðinni en slíkt skiptir miklu máli

<sup>169</sup> Lög nr. 48/2024 um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 (fjarheilbrigðisþjónusta)

þegar kemur að byggðapróun og lífsgæðum á landsbyggðinni. Nýheimar leggja áherslu á verkefni sem styðja við uppbyggingu samfélagsins og lífsgæði í sveitarfélaginu.

- **Stofnanir sem starfa innan Nýheima** eru: Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Fræðsluskrifstofa Hornafjarðar, Háskólafélag Suðurlands, Mátis, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Náttúrustofa Suðausturlands, Nýsköpunarmiðstöð, Ríki Vatnajökuls, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, Vatnajökulspjóðgarður og Vöruhúsið.
- **Sveitarfélagið hefur sett sér þá stefnu að bæta aðgengi** að menntun og hlúa að þekkingaröflun með því að búa vel um öll skólastig og rannsóknarstofnanir; bæta háhraðatengingar til að styðja við fjarnám og samskipti á milli stofnana og stuðla að bættu vegakerfi og aðstæðum fyrir almenningsamgöngur á landi og í lofti til að auðvelda skólasókn og samskipti.

### Markmið ÞV.3 Aðgengi að verslun og þjónustu

- **Miðsvæðið á Höfn er stórt** og nær yfir fjölbreytta verslunar- og þjónustustarfsemi í bland við íbúðarbyggð. Önnur verslun- og þjónusta dreifist vítt um bæinn, s.s. meðfram Hafnarbraut og inn á athafnasvæði ofan hafnarsvæðis. Talsverð uppbygging er áætluð á þessum svæðum og enn er svigrúm til þéttingar á nánast öllum svæðum sem ætti að huga að áður en nýtt land er tekið undir verslun- og þjónustu. Það myndi styrkja heildarmynd Hafnar og skapa gönguvænni bæ.
- **Aðgengi að þjónustu í nærumhverfi** dregur úr ferðabörf og

hvetur til vistvænna ferðamáta, sem hvort tveggja dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Stefna um eflingu miðbæjar á Höfn og 20 mínútna bæinn er tækifæri til að auka gæði byggðar og almenningsrýma og skapa tækifæri til ánægjulegrar útiveru, félagslegra tengsla og samskipta.<sup>170</sup>

- **Góð umgjörð um verslunar-, þjónustu- og menningarstarfsemi** á Höfn og þróun miðbæjar, er til þess fallin að efla atvinnulíf og almenn búsetugæði. Til þess að auka fjölbreytileika þjónustu á Höfn mætti bæta aðstöðu fyrir bæði lítil og stór fyrirtæki og bjóða upp á mismunandi lóðir.
- **Í dreifbýlinu má styðja við þróun þjónustustarfsemi** með því að heimila minniháttar verslunar- og þjónustustarfsemi á landbúnaðarsvæðum, völdum íbúðarsvæðum, og svæðum samfélagsstofnana. Stefna um samgöngubætur og bættar aðstæður fyrir almenningsamgöngur eru einnig liðir í að bæta aðgengi íbúa að verslun og þjónustu.

### Markmið ÞV.4 Fjölbreytt menningarlíf og skapandi greinar

- **Sveitarfélagið hefur sett fram menningarstefnu** fyrir árin 2024-2030.<sup>171</sup> Þar er m.a. lögð áhersla á fjölbreytileika menningarlífs og aðgengi allra að því, bæði sem þátttakendur og neytendur. Áhersla er einnig lögð á sjálfbærni og að draga úr vistspori lista- og menningarstarfsemi.
- **Menningarmiðstöð Hornafjarðar** vinnur að metnaðarfullri menningarstarfsemi innan sveitarfélagsins en innan hennar eru

<sup>170</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Grænbók um skipulagsmál

<sup>171</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður, Menningarstefna 2024-2030

starfrækt 5 söfn. Önnur söfn eru bókasafn í Nýheimum og Listasafn Svavars Guðnasonar. Vöruhúsið býður íbúum og skólum aðstöðu fyrir listir, handverk og tólmstundir.

- **Þekkingarsetrið Nýheimar** gegnir mikilvægu hlutverki við að stuðla að jákvæðri byggðaðróun og lífsgæðum á Suðausturlandi, með rannsóknum og ýmiskonar frumkvöðla- og framþróunarverkefnum á sviðum menntunar, menningar og nýsköpunar.
- **Í skipulagi þarf að huga að svæðum fyrir hátíðir og ýmiskonar viðburði.** Ár hvert má sækja heim viðburði á Hornafirði og er þar fyrst að nefna Humarhátíð á Höfn. Hátíðin er haldin undir merkjum humarsins enda Höfn þekkt fyrir veiðar og vinnslu á humri og var humarinn eitt af einkennum bæjarins. Þorrablót og Góuhóf eru haldin í hverri sveit og sjómanna dagurinn er haldinn hátíðlegur ár hvert. Blúshátíð er árleg tónlistarhátíð. Árs hátíð Grunnskóla Hornafjarðar og Grunnskólans í Hofgarði er veisla fyrir heimamenn þar sem mikið er lagt í skreytingar, leik og söng nemenda skólanna.
- **Fjölbreyttri og blómlegri menningarstarfsemi** er viðhaldið í sveitarfélaginu með góðri félagslegri virkni einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja. Íbúar eiga stóran þátt í menningarlífi samfélagsins en þungamiðja menningarlífs eru hin ýmsu félagasamtök og tónlistarfólk, kórar, leikfélag, gallerí, listamannastofur og veitingahús.<sup>172</sup> Þetta blómlega menningarlíf eykur lífsgæði íbúa, styður við byggðafestu og fjölbreytni atvinnulífs.

- **Styðja má við fjölbreytt menningarlíf og öflugar skapandi greinar** með því að sinna vel viðhaldi menningar- og samkomuhúsa svo þau nýtist sem best fyrir viðburði og annað menningarstarf, í þágu íbúa. Einnig með því að skapa sem best umhverfi fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs.

---

<sup>172</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður: Menningarstefna 2024-2030

## 5.5 Útivist, íþróttir og leikir



Þjónusta vistkerfa tengd útivist, íþróttum og leikjum

Vistkerfi skapa umhverfi fyrir margskonar útivist, svo sem göngur, hjólréiðar, siglingu.

### AÐALSKIPULAGSSTEFNAN Í HNOTSKURN

**Markmið aðalskipulagsins** snúast um tækifæri til margvíslegrar útivistar og íþróttaiðkunar, sem og til að bregða á leik og njóta samveru.

**Leiðir að markmiðunum** varða græn svæði; minni og stærri almenningsrými; skóga; göngu- og hjólastíga, reiðstíga, leiksvæði, íþróttasvæði og íþróttamannvirki. Sjá nánar markmið og leiðir ÚÍ.1 - ÚÍ.3.

### SKÝRINGAR VIÐ MARKMIÐ

**Hvert og eitt markmið um útivist, íþróttir og leiki** er skýrt með umfjöllun um helstu forsendur og áhrif, á næstu blaðsíðum.

## Markmið Úí.1 Góðar aðstæður fyrir leik og útivist á Höfn

- **Göturými og önnur almenningsrými** geta verið mikilvæg fyrir útiveru og samveru ef hugað er að því við hönnun þeirra. Útivistarsvæði og almenningsrými skapa tækifæri til útiveru og hreyfingar í daglegu lífi. Eins og kemur fram í kafla 5.1 um íbúa, húsnæði og lýðheilsu getur hreyfing og útivist í náttúrunni verið heilsueflandi- og verndandi.
- **Með því að huga að gróðursæld á opnum svæðum** og almenningsrýmum má auka snertingu fólks við náttúruna og einnig hafa jákvæð áhrif á umhverfi og vistkerfi.<sup>173</sup> Snerting við náttúru hefur jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu. Tækifærum til matjurtaræktunar í grennd við þéttbýli fylgja margvíslegir heilsufarslegir kostir fyrir iðkendur.<sup>174</sup>
- **Vönduð leiksvæði innan eða í grennd við íbúðarbyggð** stuðla að leik og útiveru barna og samveru kynslóða. Þannig geta útivistarsvæðin styrkt félagsleg tengsl og stuðlað að samveru.
- **Á Höfn er töluvert af grænum svæðum** sem dreifast jafnt um bæinn. Svæðin eru ýmist manngerð innan bæjar eða náttúruleg við strandlengjuna. Öll svæðin hafa mikla möguleika sem góð græn svæði með skýran tilgang og sérstöðu án mikils tilkostnaðar.
- **Manngerðu svæðin eru ætluð til mismunandi notkunar** og á þeim er t.d. að finna minigolfvöll, tjaldsvæði, frísbíggvöll og leiksvæði. Á náttúrulegu svæðunum við strandlengjuna eru víða

bekkir og aðstaða til að njóta útsýnis til sjávar og fjalla. Við skóla og íþróttasvæði er stórt útivistar og afþreyingarsvæði með ærslabelg, boltavöllum, hjólabrettavelli, leikvelli, hlaupaketti og þess háttar tækjum. Lítið er um minni leikvelli innan íbúðarbyggðar.

- **Skipulag og hönnun almenningsrýma** er tæki til að skapa fyrirmyndaraðstæður fyrir margskonar útiveru og heilsueflingu allra aldurs- og félagshópa. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á þróun heildstæðs kerfis grænna svæða í og við þéttbýlið, sem tengjast með stígum og bjóða upp á margvíslega hreyfingu og tengingu við náttúru. Þannig er hægt að flétta náttúru inn í almenningsrými, fjölga áningarstöðum fyrir börn og fullorðna innan íbúðarhverfa. Kostir við slíkt net grænna svæða eru m.a. að það getur stutt við notkun virkra ferðamáta, styrkt vistkerfi og skapað áhugavert umhverfi fyrir íbúa.
- **Fjölþættur ávinningur er af því að hlúa að grænum svæðum** í þéttbýli. Með því að gróðursetja á þeim má fegra byggðina og skapa skjól á útivistarsvæðum. Hægt er að nýta græn svæði til að taka við regnvatni og létta á fráveitukerfi þegar úrkomuákefð er mikil (blágrænar ofanvatnslausnir). Þá bindur gróðursetning trjáplantna kolefni og aukinn gróður styður við líffræðilega fjölbreytni, sérstaklega ef gróðurinn fær að vaxa án sláttar á einhverjum svæðum eða hlutum svæða. Nánar er fjallað um net grænna svæða og áherslur fyrir uppbyggingu hvers svæðis fyrir sig í kafla 7.4 Grænt grunnkerfi í þéttbýliskafla.

<sup>173</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Grænbók um skipulagsmál

<sup>174</sup> Soga, Gaston & Yamaura 2016: Gardening is beneficial for health: A meta-analysis

## Markmið ÚÍ.2 Góð íþróttaaðstaða á Höfn

- **Íþróttaiðkun gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki** og nýtur mikilla vinsælda. Sveitarfélagið leggur áherslu á að efla íþróttastarf og eru íþróttasvæði víða í sveitarfélaginu.
- **Ungmennafélagið Sindri heldur úti öflugum íþróttastarfi** á Höfn. Aðstaðan til íþróttar er mjög góð en á íþróttasvæði Hafnar er glæsilegur grasvöllur og flott aðstaða til iðkunar frjálsra íþróttar (Sindravellir/Jökulsvöllur). Á Höfn er einnig íþróttahúsið Báran sem er yfirbyggt knattþús og íþróttahús með 600 m<sup>2</sup> sal sem þjónar inni íþróttum. Sundlaug Hafnar, sem er 25 m útilaug með heitum og köldum pottum, vaðlaug, rennibrautum og gufu, er rómuð á landsvísu. Einnig eru motocrossbraut og 9 holu golfvöllur á Höfn, Silfurnesvöllur, sem býður upp einstakt útsýni til jökla.
- **Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi** fyrir skóla- og íþróttasvæðið á Höfn (12.04.2023) er ráðgert að lagfæra skólalóðir og þróa svæðið sem aðlaðandi útivistarsvæði til samverustunda og mannfagnaðar. Á svæðinu er einnig fyrirhuguð frekari uppbygging samfélagsþjónustu í bland við íþróttastarfsemi og þjónustu sem styður við núverandi byggðarmynstur. Það mun styrkja miðsvæði bæjarins og styðja við íþróttaiðkun bæjarbúa. Á deiliskipulagsupprætti er nýtt íþróttahús, nýjar stúkur að íþróttavelli og fimleikahús.

## Markmið ÚÍ.3 Góðar aðstæður til útivistar og leikja í sveitum

- **Í Nesjum er íþróttavöllur og leikfimiðhús** við Mánagarð og skeiðvöllur og reiðhöll er við Fornustekka. Íþróttavellir eru við Holt á Mýrum, Hrollaugsstaði í Suðursveit og Hofgarð í Öræfum.
- **Nokkur ungmennafélög í sveitunum** bjóða upp á fjölbreytta starfsemi. Sú starfsemi er þó háð einstaklingsframtaki og hefur því verið stoppul undanfarna áratugi.
- **Sveitarfélagið býr yfir fjölmörgum útivistarperlum** frá náttúrunnar hendi. Stutt er fyrir flesta íbúa sveitanna í ósnortna náttúru og friðlýst svæði. Sveitarfélagið Hornafjörður er í samstarfi við Vatnajökulþjóðgarð um uppbyggingu áningarstaða og skipulagningu á útivist innan þjóðgarðsins.
- **Merking gönguleiða** í sveitum og aðgengi að gögnum um göngu- og reiðleiðir, s.s. í aðalskipulagsvefsjá er ein leið til styðja við útivist í sveitum. Leiksvæði við skóla og félagsheimili og í tengslum við stærri íbúðar- og ferðaþjónustureiti er önnur leið.
- **Skógrækt má beita til að skapa skjól og aðstöðu til útivistar.** Huga ætti að því að skógræktarsvæði séu gerð aðgengileg fyrir almenning þar sem því er við komið.

# 6. Atvinnulíf og grunnkerfi



## 6.1 Þróun atvinnulífs



### Þjónusta vistkerfa tengd þróun atvinnulífs

Helstu atvinnuvegir sveitarfélagsins; ferðaþjónusta, sjávarútvegur og landbúnaður, grundvallast á gæðum náttúrunnar og þjónustu vistkerfa. Því er sjálfbær nýting auðlinda sem tryggir heilbrigði vistkerfa hagar bæði íbúa og fyrirtækja sveitarfélagsins.

Flest ferðafólk sækir Hornafjörð heim til að komast í snertingu við náttúru svæðisins og því nýta ferðaþjónustuaðilar náttúruna til atvinnusköpunar. Vistkerfi veita bæði gestum og heimamönnum menningartengda þjónusta, þ.e. útivistargildi, fagurfræðilega upplifun, innblástur og andlega upplifun. Ferðaþjónusta sem raskar eða skaðar vistkerfi er ósjálfbær þar sem hún veikir sínar eigin stöðir.

Vistkerfi skapa skilyrði til fæðuframléiðslu með landbúnaði. Fæðan kemur úr manngerðum landbúnaðarvistkerfum en náttúran sér þó um

ýmislegt s.s. vatnshringrás, jarðvegsmyndun, hringrás næringarefna, frumframleiðslu lífmassa, ljóstillífun, ferskt vatn, orku, fjóvgun og að einhverju leyti dreifingu fræja. Vistkerfi veita einnig vörn gegn meindýrum. Þá er líffræðilegur fjölbreytileiki mikilvægur fyrir fæðuöryggi. Landbúnaður getur ýmist stutt við heilbrigði vistkerfa eða dregið úr því en landbúnaður er aðeins sjálfbær sé hann stundaður í sátt við vistkerfi.

Vistkerfi sjávar og ferskvatns skapa skilyrði fyrir sjávarútvegi. Einnig tryggja vistkerfi hringrás vatns, frumframleiðslu, viðhald erfðafjölbreytileika sem er grundvöllur fyrir afkomu dýrastofna.

## AÐALSKIPULAGSSTEFNAN Í HNOTSKURN

**Markmið aðalskipulagsins** snúast um fjölbreytt atvinnulíf sem byggir á sérkennum og auðlindum sveitarfélagsins; með áherslu á landbúnað, ferðaþjónustu, sjávarútveg og aðra sjávar tengda starfsemi, skapandi greinar og nýsköpun.

**Leiðir að markmiðunum** varða sjálfbæra nýtingu auðlinda; hringrásarhagkerfi; sveigjanleika fyrir ýmiskonar starfsemi á landbúnaðarsvæðum; starfsemi tengda Vatnajökulspjóðgarði; kröfur til landnotkunar og mannvirkjagerðar í ferðaþjónustu og landbúnaði; umbúnað um hafnsækna starfsemi, iðnaðar- og athafnastarfsemi; og gott búsetuumhverfi sem aftur styður við atvinnulíf. Sjá nánar markmið og leiðir ÞA.1 - ÞA.7.

## SKÝRINGAR VIÐ MARKMIÐ

**Hvert og eitt markmið um þróun atvinnulífs** er skýrt með umfjöllun um helstu forsendur og áhrif, á næstu blaðsíðum.

## Markmið þA.1 Sjálfbær nýting auðlinda og hringrásarhagkerfi

- **Hugtakið náttúruauður** tekur til allra þátta náttúrunnar sem nýtast manningum, s.s. loft, vatn, sjór, jarðefni, jarðvegur, jarðhiti, orkulindir, land, landslag, gróður, fuglar, fiskar og smádýr og erfðaeefni<sup>175</sup> Saman mynda þessir lífrænu og ólífrænu þættir vistkerfi í afmörkuðum rýmum.<sup>176</sup>
- **Vistkerfi veita margvíslega þjónustu** sem líf mannfólks byggir á og einstaklingar og samfélög hafa efnahagslegan og menningarlegan ávinning af.
- **Mikilvægt er því að nýting auðlinda** til neyslu og framleiðslu styðji við heilbrigði vistkerfa og virði þolmörk náttúru til að tryggja undirstöðu atvinnulífs og lífsgæða í sveitarfélaginu.<sup>177</sup>
- **Við uppbyggingu atvinnustarfsemi** þarf jafnframt að gæta að þolmörkum innviða og samfélagsins sjálfs og gæta að möguleikum komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum í samræmi við stefnu um sjálfbæra þróun.<sup>178</sup>
- **Þróun hringrásarhagkerfis**<sup>179</sup> er viðleitni til í að nýta staðbundnar auðlindir á skilvirkan og ábyrgan hátt og draga úr sóun. Með hringrásarhagkerfi er átt við hagkerfi þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi, með aukinni endurnýtingu og endurvinnslu hráefna. Með því er hægt að lágmarka bæði auðlindanotkun og úrgangsmýndun auk þess sem áherslan hvetur til nýsköpunar.<sup>180</sup>

<sup>175</sup> Stjórnarráð Íslands: Auðlindir

<sup>176</sup> 5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013

<sup>177</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál, umhverfismat

<sup>178</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál, umhverfismat

<sup>179</sup> Reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023

<sup>180</sup> Reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023



Náttúruauður og vistkerfisþjónusta veita ýmiskonar ávinning og verðmæti<sup>181</sup>

## Markmið þA.2 Fjölbreytni atvinnulífs

- **Burðarstólpar atvinnulífs sveitarfélagsins** eru ferðaþjónusta, sjávarútvegur og landbúnaður en á Höfn gegna ýmis önnur störf mikilvægu hlutverki í atvinnulífinu, s.s. í samfélagsþjónustu, fræðastarfsemi, verslunar-, gisti- og veitingarekstri, auk ýmiskonar þjónustu við atvinnulíf og einstaklinga. Fjölbreytni atvinnulífs er því nokkur og getur skipulag stutt við hana, s.s. með nægjanlegu rými á ákjósanlegum stöðum og sveigjanlegum ákvæðum fyrir ýmiskonar starfsemi sem og fyrir búsetumöguleika.
- **Reiknað er með áframhaldandi eflingu burðarstólpanna.** Í ferðaþjónustu liggja þegar fyrir áform um nokkuð umfangsmikla uppbyggingu í dreifbýlinu. Sjávarútvegur stendur styrkum stoðum en þar skiptir miklu máli að viðhalda góðum hafnaraðstæðum. Umfang landbúnaðar hefur minnkað á síðustu árum en áfram er stundaður fjölbreyttur landbúnaður í öllu sveitarfélaginu<sup>182</sup> og ástæða til að styðja við hann s.s. með

<sup>181</sup> LUC 2024: What are natural capital and ecosystems services?

<sup>182</sup> Matvælaráðuneytið, mælaborð landbúnaðarins

verndun góðs ræktunarlands.<sup>183</sup>

- **Bein og óbein störf í tengslum við Vatnajökulspjóðgarð** skipta einnig miklu máli og eru vonir bundnar við að jákvæð áhrif þjóðgarðs á atvinnulífið styrkist enn frekar. Frá stofnun hans árið 2007 hefur það verið meðal markmiða að þjóðgarðurinn efli og styrki nærsamfélag sitt m.a. með því að stuðla að öflugri atvinnuuppbyggingu í ferðapjónustu.
- **Stafræn tækni styður við störf án staðsetningar** og geta fjölbreyttir búsetumöguleikar stutt við fjölgun slíkra starfa. Tæknin getur jafnframt auðveldað smáframleiðendum að koma vöru sinni á markað og þannig stutt við slíka framleiðslu sem þarf sitt rými.<sup>184</sup>

### Markmið þA.3 Sjálfbær ferðapjónusta

- **Ferðapjónusta telst sjálfbær ef hún stuðlar að jafnvægi** á milli efnahags-, umhverfis- og samfélagslegra þátta og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á þessi þrjú svið sjálfbærrar þróunar en hámarka þau jákvæðu.<sup>185</sup>
- **Sjálfbærni er leiðarljós** ferðamálastefnu Íslands, Áfangastaðaáætlunar Suðurlands og stefnunnar Hornafjörður náttúrulega!<sup>186</sup>
- **Ferðapjónusta hefur undangenginn áratug vaxið mjög ört** í sveitarfélaginu og hefur verið drifkraftur hagvaxtar í sveitarfélaginu. Árið 2019 aflaði greinin um 25%

<sup>183</sup> [Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2021: Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar](#)

<sup>184</sup> [Innviðaráðuneytið 2023: Grænbók um skipulagsmál](#)

<sup>185</sup> [Sustainable Tourism Network: What is Sustainable Tourism?](#)

<sup>186</sup> [Ferðamálastefna og aðgerðaáætlun til 2030, Áfangastaðaáætlun Suðurlands, Hornafjörður, náttúrulega!](#)

heildaratvinnutekna. Sama ár voru 565 heilsársstörf í ferðapjónustu sem samsvarar 35,6% af öllum heilsársstörfum í sveitarfélaginu. Þá hafði störfum í greininni fjölgað um 380% frá árinu 2008.<sup>187</sup>

- **Langtímaspá Ferðamálastofu** gerir ráð fyrir að raunhæft sé að erlendir ferðamenn geti orðið allt að 3,5 milljónir árið 2030 sem er um 50% fjölgun frá árinu 2018.<sup>188</sup> Eðli málsins samkvæmt er mikil óvissa um þessa spá en ef hún reynist rétt og hlutur Sveitarfélagsins Hornafjarðar helst sá sami gætu gistinætur í Sveitarfélaginu Hornafirði verið tæplega 700 þúsund árið 2030. Mikil tækifæri geta falist í auknum ferðamannastraumi á svæðið.
- **Ferðapjónustan er öflug atvinnugrein allan ársins hring** í sveitarfélaginu. Stór og fjölbreyttur hópur ferðamanna sækir sveitarfélagið heim á ári hverju. Vetrarferðapjónustan hefur aukist sérstaklega mikið á síðustu árum en hún snýst að miklu leyti um jöklaferðir og aðra afþreyingu tengda jöklum.<sup>189</sup>
- **Gistimöguleikar í sveitarfélaginu eru fjölbreyttir:** Gæðahótel, stærri og minni gistiheimili, smáhýsi, íbúðir, hefðbundin bændagisting og tjaldsvæði. Alls bauð 81 fyrirtæki upp á gistingu árið 2022.<sup>190</sup> Á Höfn voru haustið 2023 14 íbúðir í útleigu á bókunarmiðluninni Airbnb á Höfn, auk gistiheimila og herbergja. Utan Hafnar voru voru 10 hús eða íbúðir til leigu á Airbnb, auk sérstakra gistiheimila, sumarhúsa, herbergja. Það eru samtals 2,7% allra íbúða í sveitarfélaginu.

<sup>187</sup> [Ragnhildur Jónsdóttir 2023: Þróun ferðamennskusamfélags, Samtök ferðapjónustunnar: Mælaborð yfir ferðagögn](#)

<sup>188</sup> [Intellecon 2022: Spálíkan um ferðapjónustu](#)

<sup>189</sup> [Ragnhildur Jónsdóttir 2023: Þróun ferðamennskusamfélags](#)

<sup>190</sup> [Ragnhildur Jónsdóttir 2023: Þróun ferðamennskusamfélags](#)

- **Gistinætur í Hornafirði** voru 465.404 árið 2019. Í júlí og ágúst voru gistinæturnar um 80 þúsund í hvorum mánuði og í fámennasta mánuðinum, janúar, voru gistinæturnar um 14 þúsund. Árstíðarsveiflan er því töluverð, en hlutfall gistinátta sem eiga sér stað á þremur vinsælustu mánuðunum er 48%. Þetta er þó hvorki mikil né lítil sveifla í samanburði við önnur sveitarfélög á suðurlandi.
- **Hornafjörður fær 5,5% allra gistinátta ferðamanna á Íslandi** sem er hæsta hlutfallið meðal sveitarfélaga að Reykjavík undanskilinni. Samanborið við önnur sveitarfélög á Suðurlandi fær Hornafjörður flestar gistinætur allan ársins hring en munurinn er mestur á sumrin.
- **Mikil uppbygging hefur verið í dreifbýlinu** á síðustu árum samhliða fjölgun ferðafólks. Mjög víða hefur verið byggð gistiaðstaða. Þegar eru um 2400 gistirými í sveitunum auk plássá á tjaldsvæðum<sup>191</sup> og er líklegt að eftirspurn aukist m.v. spár um þróun í fjölda ferðamanna til Íslands. Áform er um áframhaldandi uppbyggingu í dreifbýlinu, þ.á.m. í ferðapjónustu.
- **Veitinga- og afþreyingarstarfsemi er einnig öflug.** Í veitingageiranum er 31 fyrirtæki, 27 fyrirtæki bjóða leiðsögn og 13 aðra afþreyingu, þ.m.t. Golfklúbbur Hornafjarðar, sundlaug og söfn. Upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðafólk eru staðsettar á Höfn og í Skaftafelli.
- **Ferðapjónustan og landbúnaðurinn starfa í miklu návígi** og nýta í sumum tilvikum sömu svæði og auðlindir. Styðja þarf við báðar greinar og búa svo um að þær dafni í góðu sambýli hvor við aðra og með sem jákvæðustu áhrifum á samfélagið í heild.

<sup>191</sup> Ragnhildur Jónsdóttir 2023: Þróun ferðamennskusamfélags

Samvinna milli aðila og greina skiptir þar miklu máli. Sveitarfélagið tekur virkan þátt í stjórnun Vatnajökulsþjóðgarðs meðal annars með þetta markmið að leiðarljósi.

- **Grundvöllur ferðapjónustunnar** er, umfram annað, fjölbreytt og sérstök náttúruvegur og landslag. Fjölmörg svæði skera sig úr sem aðalaðdráttarafl fyrir ferðamenn og eru einstök á lands- og heimsvísu. Margvísleg þjónusta hefur verið byggð upp í kringum mörg þeirra og hefðir skapast í umgengni. Saga og menning er einnig afgerandi og vaxandi grundvöllur ferðapjónustu. Hægt er að skapa einstaka upplifun ferðafólks með því að því að leggja áherslu á sérstöðu sveitarfélagsins, sem er mögnuð náttúra og landslag með áhugaverða sögu og samfélag.
- **Miðhálandi Íslands er mikilvæg auðlind** fyrir ferðapjónustuna en um þriðjungur ferðamanna heimsækir miðhálandið. Aukið álag sem fylgir vaxandi ferðapjónustu getur skapað þörf fyrir innviðaupbyggingu fyrir samgöngur og ferðapjónustu, en samhliða uppbyggingu þarf að standa vörð um hefðbundin not svæðisins, og vernda óbyggð víðerni og mikilvægar landslagsheildir.<sup>192</sup>
- **Við skipulag mannvirkjagerðar og innviða** vegna ferðapjónustu þarf að vernda aðdráttarafl ferðapjónustunnar til að tryggja sjálfbærni hennar, þ.e. landslag, menningu, og náttúru. Huga þarf að því hvernig mannvirki falla að þessum þáttum. Einnig þarf að huga að samgöngum og samlegðaráhrifum uppbyggingar fyrir samfélag og náttúru. Með því að dreifa umferð ferðafólks og beina henni á ákveðin svæði er hægt að draga úr álagi á viðkvæma náttúru og staði sem þola

<sup>192</sup> Innviðaráðuneytið, 2023: Grænbók um skipulagsmál

ekki mikla umferð fólks. Það er til dæmis hægt að gera með því að skilgreina áfangastaði og leiðir.

- **Vefsja aðalskipulagsins** sýnir gögn um náttúru, landslag, minjar og sögustaði til þess að auðvelda framkvæmdaraðilum og landeigendum að taka mið af þessum þáttum við uppbyggingu og starfsemi með sjálfbærni að leiðarljósi. Í vefsjanni er einnig hægt að sjá vegi í náttúru Íslands utan þjóðvegakerfis sem hafa verið flokkaðir eftir greiðfærni. Þessar upplýsingar geta nýst m.a. ferðaþjónustunni og landeigendum.

#### Markmið ÞA.4 Fjölbreyttur og vistvænn landbúnaður

- **Hefðbundinn landbúnaður er stundaður í öllum sveitum** Hornafjarðar. Árið 2022 voru 137 búfjáreigendur<sup>193</sup> sem samsvarar um 5,4% íbúa sveitarfélagsins en það er u.þ.b. sama hlutfall og á Suðurlandi öllu (5,9%). Algengast er að halda sauðfé (58 bú) og næstflestir halda hross (56). Ellefu manns halda nautgripi, átta halda geitur og fjórir alifugla.<sup>194</sup> Ein mesta kartöflurækt á landinu er í sveitarfélaginu og einnig er að finna loðdýrarækt, fiskeldi, korn- og repjurækt. Að öðru leyti er lítið um garðyrkju í sveitarfélaginu.
- **Umfang landbúnaðar hefur dregist saman** á undangengnum áratug sem er í takt við þróun á Suðurlandi. Sauðfé hefur fækkað um u.þ.b. 30% milli 2012 og 2022. Alifuglum hefur fækkað mikið. Fjöldi annarra dýrategunda hefur nokkurn veginn staðið í stað en fjöldi nautgripaeigenda hefur fækkað jafnt og þétt. Eigendum hesta hefur fjölgað í sveitarfélaginu.<sup>195</sup>

<sup>193</sup> [Matvælaráðuneytið: Mælaborð landbúnaðarins](#)

<sup>194</sup> [Matvælaráðuneytið: Mælaborð landbúnaðarins](#)

<sup>195</sup> [Matvælaráðuneytið: Mælaborð landbúnaðarins](#)

- **Fjölbreytni í landbúnaði styður við þol samfélagsins** gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Landbúnaðurinn þarf að geta þróast í takt við breytta eftirspurn og aðstæður til ræktunar svo eitthvað sé nefnt.<sup>196</sup>
- **Víða eru góð skilyrði fyrir nýjungar í landbúnaði** eins og korn- og repjurækt og hefur matvælaráðuneytið sett fram aðgerðaáætlun um eflingu kornræktar á Íslandi.<sup>197</sup> Í samvinnu við ríkisvaldið hefur Flateyjarbúið ehf. látið reisa kornþurrkstöð og birgðatanka. Öðrum bændum í sveitinn standa til boða afnot af tækjum og búnaði búans.
- **Þó kjörlendi til akuryrkju á Íslandi** sé takmarkað eru það styrkleikar grænmetisframleiðslu að hér er aðgengi að hreinu vatni og endurnýjanlegri orku.<sup>198</sup> Verði hlýrri sviðsmyndir loftslagsbreytinga að veruleika munu möguleikar á ræktun nytjaplantna, s.s. korni, aukast. Auknar sveiflur í veðurfari, sníkjudýr, þurrkar og gróðureldar auka þó aftur á móti áhættu í ræktun.<sup>199</sup>
- **Land er takmörkuð og dýrmæt auðlind** og aukin eftirspurn eftir landi til skógræktar og annarrar ræktunar, undir ferðaþjónustu og frístundabyggð, orkuöflun og íbúðauppbyggingu veldur því að samkeppni ríkir um land í dreifbýli.
- **Mikilvægt er að vernda gott ræktarland** fyrir matvælaframleiðslu og hafa fæðuöryggi og aukna matvælaframleiðslu til framtíðar að leiðarljósi við ákvarðanir um

<sup>196</sup> [Matvælaráðuneytið 2023: Matvælastefna Íslands til ársins 2040](#)

<sup>197</sup> [Landbúnaðarháskóli Íslands 2023: Bleikir akur. Aðgerðaráætlun um aukna kornrækt](#)

<sup>198</sup> [Matvælaráðuneytið 2023: Matvælastefna Íslands til ársins 2040](#)

<sup>199</sup> [Veðurstofa Íslands 2023: Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar](#)

landnotkun og mannvirkjagerð.<sup>200</sup> Í þeim tilgangi hafa verið gefnar út leiðbeiningar um flokkun lands m.t.t. hæfni til ræktunar<sup>201</sup> og hefur matvælaráðuneytið hafið slíka flokkun á landsvísu.<sup>202</sup>

- **Í nágrenni hefðbundins búreksturs** hefur mikil uppbygging tengd ferðapjónustu átt sér stað. Mikilvægt er að báðar atvinnugreinar geti dafnað í sambýli hver við aðra þannig að allir njóti góðs af. Samráð og samvinna milli aðila og greina skipta þar miklu máli.
- **Vistvænn og sjálfbær landbúnaður** þrífst ekki án líffræðilegs fjölbreytileika og heilbrigðra vistkerfa.<sup>203</sup> Meirihluti lands innan sveitarfélagsins utan óbyggðra svæða er landbúnaðarland. Það gefur því auga leið að meðferð landbúnaðarlands hefur áhrif á líffræðilega fjölbreytni í sveitarfélaginu. Það er til bóta ef nýting landbúnaðarsvæða er fjölbreytt og byggir á rannsóknum og vöktun og tekur tillit til vistkerfa sem mikilvæg eru til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni.<sup>204</sup>
- **Mikil tækifæri eru til kolefnisbindingar** á landbúnaðarsvæðum með verndun votlendis, endurheimt jarðvegs og gróðurs og loftslagsvænum ræktunaraðferðum. Útblástur vegna landnotkunar og skógræktar nemur þegar allt er tekið saman 62% af heildarlosun Íslands. Þar er stærsti orsakavaldurinn útblástur koltvísýrings frá framræstu votlendi

<sup>200</sup> [Matvælaráðuneytið 2021: Landbúnaðarstefnan, ræktum Ísland, Reglugerð nr. 670/2024 um sjálfbæra landnýtingu, Landsskipulagsstefna 2024-2038](#)

<sup>201</sup> [Innviða- og nýsköpunarráðuneytið 2021: Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar](#)

<sup>202</sup> [Matvælaráðuneytið 2024: Ræktunarland kortlagt á landsvísu](#)

<sup>203</sup> [Matvælaráðuneytið, 2021: Landbúnaðarstefnan, ræktum Ísland, Matvælaráðuneytið, 2023:](#)

[Matvælastefna Íslands til ársins 2040](#)

<sup>204</sup> [Matvælaráðuneytið, 2023: Matvælastefna Íslands til ársins 2040](#)

en ræktarland losar einnig umtalsvert magn koltvísýrings.<sup>205</sup>

- **Skógrækt er vaxandi landbúnaðargrein** á Íslandi ekki síst til kolefnisbindingar en einnig til timburframleiðslu sem aftur veitir hráefni fyrir ýmsar atvinnugreinar.<sup>206</sup>
- **Í sveitarfélaginu er ræktaður skógur á nokkrum svæðum**, yfirleitt við býli, en einnig í frístundabyggðinni við Hvanngil í Lóni.<sup>207</sup> Ýmsar tegundir eru ræktaðar á þessum svæðum, t.d. birki, reynir, lerki og fura. Stærsta staka svæðið er við Fagurhólsmýri í Öræfum en einnig eru fjögur stór svæði í Nesjum með skömmu millibili.
- **Á síðustu árum hafa komið fram áætlanir** um all umfangsmikla skógrækt sem bendir til að áhugi á henni sé vaxandi. Ætla má að áhugi muni aukast enn frekar.
- **Skipuleggja þarf skógrækt vel** að teknu tilliti til jarðvegs, gróðurfars, fugla- og annars dýralífs, líffræðilegrar fjölbreytni, landslags, minja, hættu á gróðureldum og áhrifum á nágrennasvæði. Einnig til að skógur geti mögulega nýst til útivistar og myndað sem best skjól þar sem það á við.<sup>208</sup>
- **Áhrif skógræktar á landslag geta verið veruleg** ekki síst á flatlendi eins og er víðast í sveitum Hornafjarðar. Sveitarfélagið er langt og mjótt þannig að á góðum degi sést yfir mjög stórt svæði, sem er þáttur í upplifun fólks af stórfenglegu landslaginu. Við þessar aðstæður geta breytingar á landnotkun, s.s. skógrækt, haft sjónræn áhrif á mjög stóru svæði, langt umfram

<sup>205</sup> [Umhverfisstofnun 2024: Landsskýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda 1990-2022](#)

<sup>206</sup> [Matvælaráðuneytið 2022: Land og líf. Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031](#)

<sup>207</sup> [Skógræktin: Skóglendisvefsjá](#)

<sup>208</sup> [Matvælaráðuneytið 2022: Land og líf. Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031, Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál, umhverfismatsskýrsla](#)

hefðbundið áhrifasvæði. Skógrækt getur lokað sjónlínunum og breytt yfirbragði svæða. Því er mikilvægt að hafa landslagssérkenni og sjónræn áhrif í huga við val á landi og trjátegundum til skógræktar.

## Markmið þA.5 Sjávarútvegur og önnur hafnsækin starfsemi

- **Ísland hefur skuldbundið sig**<sup>209</sup> til að standa vörð um heilbrigði hafsins og líffræðilega fjölbreytni þess og sett sér stefnu þess eðlis,<sup>210</sup> enda er hafið ein þeirra auðlinda sem grundvallar lífsafkomu og hagsæld þjóðarinnar.
- **Á komandi áratugum** munu loftslagsbreytingar, súrnun sjávar og breytingar hafstrauma valda breytingum og álagi á lífríki sjávar, með neikvæðum áhrifum á sjávarútveg.<sup>211</sup> Það er því mikilvægt að halda öðru álagi, s.s. vegna ofnýtingar, mengunar og búsvæðarasks, í lágmarki.
- **Sjávarútvegur byggir á nýtingu fiskistofna og annarra lífvera** og hefur því áhrif á lífríki hafsins. Einnig verða óbein áhrif vegna rasks.<sup>212</sup> Mikilvægt er að veiðar byggji á góðri þekkingu á vistkerfum hafsins og á rannsóknum.<sup>213</sup>
- **Fiskeldi er að ryðja sér rúms** meðal frumframleiðslugreina hér á landi.<sup>214</sup> Ekkert fiskeldi er stundað í Sveitarfélaginu Hornafirði. Hugsanlegt er að á næstu árum skapist tækifæri á fiskeldi í

<sup>209</sup> [Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna \(UNCLOS\)](#), [Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni \(CBD\)](#)

<sup>210</sup> [Stjórnarráðið, 2004: Hafið, stefna íslenskra stjórnvalda, Umhverfisstofnun: Vatnaáætlun Íslands 2022-2027, Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038](#)

<sup>211</sup> [Veðurstofa Íslands 2023: Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar](#)

<sup>212</sup> [Matvælaráðuneytið 2023: Matvælastefna Íslands til ársins 2040](#)

<sup>213</sup> [Matvælaráðuneytið 2023: Matvælastefna Íslands til ársins 2040](#)

<sup>214</sup> [Matvælaráðuneytið 2023: Matvælastefna Íslands til ársins 2040](#)

úthafskvíum út af Suðurlandi.<sup>215</sup> Slík þróun í samspili við seiðaræktun á landi myndi skapa ný tækifæri í sveitarfélaginu.

- **Öflugur sjávarútvegur er stundaður á Höfn** og stendur hann styrkum stoðum.<sup>216</sup> Sjávarútvegurinn er ein meginstoða undir atvinnulífinu í Hornafirði og er mikilvægi hans fyrir byggð í sveitarfélaginu ótvírætt.
- **Hornafjarðarhöfn flokkast sem stór fiski- og flutningahöfn** og er hún eina fiskihöfnin frá Djúpavogi að Þorlákshöfn. Aflamagn í Hornafjarðarhöfn hefur verið fremur stöðugt.<sup>217</sup> Veiddur er bæði uppsjávarfiskur (um 50.000tonn) og aðrar tegundir (um 10.000 tonn)<sup>218</sup> auk þess sem strandveiðar eru stundaðar á 20 smábátum. Áætluð er uppbygging í vinnslu á uppsjávarfiski og bygging nýs frystiklefa.<sup>219</sup>
- **Vegna loftslagsbreytinga rís land** á suðausturhorni landsins<sup>220</sup> sem kallað hefur á viðhaldsdýpkun hafnarinnar og innsiglingarinnar. Áframhaldandi uppbygging í sjávarútvegi og annarri hafntengdri starfsemi á Höfn er háð því að Grynnslin í innsiglingu Hornafjarðarhafnar verði dýpkuð svo stærri skip komist til bryggju og til að höfnin og innsiglingin uppfylli öryggiskröfur. Ekki liggur fyrir varanleg lausn á því en Vegagerðin mun í samstarfi við Hornfirðinga móta langtímaaðgerðir til að tryggja rekstrarhæfi hafnarinnar auk þess sem verður áfram unnið að rannsóknum á svæðinu.<sup>221</sup> Það er mikilvægt atvinnulífi og samfélaginu á Höfn að rannsóknum á

<sup>215</sup> [Matvælaráðuneytið 2023: Staða og framtíð lagareldis á Íslandi](#)

<sup>216</sup> [HMS: Húsnæðisáætlun 2022](#)

<sup>217</sup> [Byggðastofnun 2020: Suðurland stöðugreining 2019](#)

<sup>218</sup> [Byggðastofnun 2020: Suðurland stöðugreining 2019](#)

<sup>219</sup> [Morgunblaðið 2023: Viðtal við bæjarstjóra](#)

<sup>220</sup> [Veðurstofa Íslands 2023: Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar](#)

<sup>221</sup> [Sveitarfélagið Hornafjörður 2023: Framkvæmdir sveitarfélagsins](#)

Hornafjarðarósi verði haldið áfram ásamt umbótum á innsiglingunni um Hornafjarðarós.

- **Á svæði Hornafjarðarhafnar þarf að huga vel að samspili ferðaþjónustu og hefðbundinnar hafnarstarfsemi.** Á jaðri hafnarsvæðisins eru veitingahús og gististaðir og höfnin laðar að sér gesti og gangandi. Tryggja þarf öryggi vegfarenda og nægilegt svigrúm fyrir atvinnulífið, m.a. til að lágmarka slysaþættu á svæðinu.

### Markmið þA.5 Önnur iðnaðar- og athafnastarfsemi

- **Ýmiskonar iðnaðar- og athafnastarfsemi er mikilvæg** í atvinnulífi Hornafjarðar, einkum á Höfn þar sem tryggja þarf nægjanleg og hentug svæði og gott aðgengi.
- **Einnig þarf að huga að** samspili starfseminnar við aðra landnotkun, öryggismál og ásýnd.

### Markmið þA.6 Þjónusta, þekkingarstarfsemi og skapandi greinar

- **Metnaðarfullt fræðastarf** er unnið undir samstarfshatti Nýheima þekkingarseturs á Höfn. Þar starfa ólíkar stofnanir á sviði menntunar, menningar, nýsköpunar og rannsókna. Tilgangur Nýheima er m.a. að efla samvinnu ólíkra stofnana og skapa sterkt þekkingarsamfélag á landsbyggðinni. Nýheimar leggja áherslu á verkefni sem styðja við uppbyggingu samfélagsins og lífsgæði í sveitarfélaginu.
- **Innan Nýheima starfa** eftirfarandi stofnanir: Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Fræðsluskrifstofa Hornafjarðar, Háskólafélag Suðurlands, Matís,

Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Náttúrustofa Suðausturlands, Ríki Vatnajökuls, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, Vatnajökulspjóðgarður og Vöruhúsið.

- **Efling þessara stofnana og annarrar álíka starfsemi** styður við fjölbreytt atvinnulíf og þar með byggðapróun. Þjónustan sem skóla- og menningarstofnanir veita skiptir líka miklu máli fyrir lífsgæði íbúa.
- **Sveitarfélagið hefur sett fram menningarstefnu** fyrir árin 2024-2030.<sup>222</sup> Menningarstefnan leggur áherslu m.a. á fjölbreytileika menningarlífs og aðgengi allra að því, bæði sem þátttakendur og neytendur. Áhersla er einnig lögð á sjálfbærni og að draga úr vistspori lista- og menningarstarfsemi. Markmiðið er að nýta þau tækifæri sem menning hefur upp á að bjóða til að auðga atvinnulíf sveitarfélagsins, og bæta vellíðan.
- **Skipulag getur stutt við** skapandi greinar og ýmiskonar menningar- og fræðastarfsemi með því að heimila slíka starfsemi víða, s.s. á landbúnaðarsvæðum, verslunar- og þjónustusvæðum svæðum fyrir samfélagsþjónustu og í íbúðarbyggð.

### Markmið þA.7 Búsetuumhverfi sem styður við atvinnulíf

- **Traustir innviðir eru forsenda fyrir öflugum atvinnulífi** og þar með þróun byggðar. Örugg samgöngu-, raforku- og fjarskiptakerfi eru augljós krafa, sem og gott aðgengi að samfélagsþjónustu. Aðlaðandi umgjörð um íbúðarbyggð skiptir

<sup>222</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður, Menningarstefna 2024-2030

líka máli.<sup>223</sup>

- **Með aukinni ferðapjónustu og auknum möguleikum á fjarvinnu** hafa skapast forsendur fyrir meiri íbúðarbyggð í dreifbýli án tengsla við hefðbundinn búskap. Skipulag getur stutt við þá þróun með því að gefa gott svigrúm fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitunum.
- **Áhersla á vandað búsetuumhverfi á Höfn** er til þess fallin að bæta lífsgæði íbúa og laða nýja að.

---

<sup>223</sup> Innviðaráðuneytið 2023: Hvítbók um skipulagsmál

## 6.2 Orkuframleiðsla og -flutningur



### Þjónusta vistkerfa m.t.t. orkuframleiðslu og orkuflutnings

Orkuöflun með endurnýjanlegum orkugjöfum byggir á sjálfbærri nýtingu vistkerfa og auðlinda. Endurnýjanleg orka kemur frá náttúrunni, s.s. sem lífmassi, vatnsafl, vindorka og sólarorka.

Heilbrigð vistkerfi eru grundvöllur fyrir slíkri orkuöflun. Til dæmis hefur fjölbreytt lífríki áhrif á framleiðni lífmassa. Vatnsaflsvirkjanir þarfnast stöðugs vatnsaflsstraums frá vatnshringrás vistkerfa.

Orkuframleiðsla og flutningskerfi getur haft neikvæð áhrif á landslag og útivistarsvæði sem eru hluti af menningarþjónustu vistkerfa. Hægt er að haga uppbyggingu þannig að hún skerði ekki þessi gæði.

## AÐALSKIPULAGSSTEFNAN Í HNOTSKURN

**Markmið aðalskipulagsins** snúast um sjálfbæra nýtingu orkulinda, öruggan flutning raforku og innviði vegna orkuskipta.

**Leiðir að markmiðunum** varða orkuframleiðslu með vatnsafl og jarðvarma; smávirkjanir; ræktun orkujurta; og örugga afhendingu raforku sem hefur sem minnst neikvæð áhrif á landslag og stuðlar að orkuskiptum. Sjá nánar markmið og leiðir 00.1-00.2.

## SKÝRINGAR VIÐ MARKMIÐ

**Hvert og eitt markmið um orkuframleiðslu og -flutning** er skýrt með umfjöllun um helstu forsendur og áhrif, á næstu blaðsíðum.

## Markmið OO.1 Vel undirbúin orkuvinnsla

- **Öruggt aðgengi að endurnýjanlegri raforku og varma**, stuðlar að lífsgæðum íbúa og að öflugu atvinnulífi.<sup>224</sup>
- **Mikilvægasta verkefni samtímans** er að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis sem veldur loftslagsbreytingum. Ísland hefur skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þar gegna endurnýjanlegir orkugjafar lykilhlutverki.<sup>225</sup>
- **Mögulegar endurnýjanlegar orkulindir** eru jarðvarmi, vatnsafl, vindorka, lífmassi og orkujurtir, sólarorka og sjávarfallaorka.
- **Nýting endurnýjanlegra orkulinda** er þó ekki laus við umhverfisáhrif svo sem losun gróðurhúsalofttegunda og mengunarefna,<sup>226</sup> og fórnarkostnaður gagnvart dýralífi, gróðri, vistkerfum og ásýnd getur verið nokkur.<sup>227</sup> Við alla nýtingu orkuauðlinda þarf því að meta möguleg áhrif á umhverfi, samfélag og efnahag með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif og beita mótvægisáðgerðum til að draga úr þeim áhrifum sem ekki verður komist hjá.<sup>228</sup>
- **Mikilvægt er að huga að samlegðaráhrifum** margra áforma um orkuöflun á sama svæði, þ.e. að umhverfisáhrif nýrra virkjana séu skoðuð í samhengi við fyrirliggjandi virkjanir og áform. Vönduð beiting umhverfismats á áætlana- og framkvæmdastigi er hér lykilatriði.

<sup>224</sup> [Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2020: Sjálfbær orkuframtíð, orkustefna til ársins 2050, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2024: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum](#)

<sup>225</sup> [Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2020: Sjálfbær orkuframtíð, orkustefna til ársins 2050, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið 2024: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum](#)

<sup>226</sup> [Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2020: Sjálfbær orkuframtíð, orkustefna til ársins 2050,](#)

<sup>227</sup> [Innviðaráðuneytið 2023: Grænabók um skipulagsmál](#)

<sup>228</sup> [Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2020: Sjálfbær orkuframtíð, orkustefna til ársins 2050](#)

- **Vatnsföll hafa lengi nýst Hornfirðingum** við gerð heimarafstöðva og stærri vatnsaflsvirkjana. Sjö virkjanir eru innan sveitarfélagsins en fimm þeirra eru heimarafstöðvar gangsettar á árunum 1925-1959. Auk þeirra eru tvær vatnsaflsvirkjanir, Smyrlabjargaárvirkjun, gangsett 1969 (uppsett afl 1000kW) og Setbergsvirkjun, gangsett 2019 (uppsett afl 37kW).
- **Engin háhitasvæði eru innan sveitarfélagsins** en eitthvað er af lághitasvæðum. Lítið er um jarðhita á yfirborði en þó eru laugar á þremur stöðum í það minnsta, þ.e. í Vandræðatungum í Viðborðsdal, í Vatnsdal í Heinabergsfjöllum og í Jökulfelli í Morsárdal.<sup>229</sup> Jarðhitasvæði í Hoffelli sér Höfn og Nesjahverfi fyrir heitu vatni.
- **Vindorka hefur ekki verið nýtt** í sveitarfélaginu til þessa og ekki liggja fyrir neinar óskir um slíka uppbyggingu en aukinn áhugi er á þessum orkugjafa á landsvísu. Mikilvægt er að undirbúa slíkar framkvæmdir vel.
- **Hvorki sjávarfallaorka né sólarorka** hefur verið nýtt á Íslandi en hugsanlegt er að slík áform komi fram á skipulagstímabilinu.
- **Hægt er að framleiða eldsneyti úr lífmassa og orkujurtum** og eitthvað hefur verið um repjurækt í sveitarfélaginu. Framleiðsla lífeldsneytis þarf að vera sjálfbær og má ekki ganga á viðkvæm svæði eða land sem nýtt er fyrir matvælaframleiðslu. Framleiðslan þarf auk þess að uppfylla viðmið um minni losun gróðurhúsalofttegunda samanborið við jarðefnaeldsneyti.<sup>230</sup>

<sup>229</sup> [Náttúrufræðistofnun Íslands 2006: Náttúrufar og náttúruminjar umhverfis Vatnajökul](#)

<sup>230</sup> [Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2020: Sjálfbær orkuframtíð, orkustefna til ársins 2050](#)

- **Virkjanir teljast til smávirkjana** ef uppsett rafafli þeirra er minna en 200 kW. Almennt í aðalskipulagi eru slíkar virkjanir heimilar innan landnotkunarflokksins landbúnaðarsvæðis og kalla ekki á afmörkun iðnaðarsvæðis. Engu að síður eru þær framkvæmdaleyfisskyldar og þurfa vandaðan undirbúning.
- **Virkjanir með uppsett afl milli 200 kW og 10 MW** eru tilkynningaskyldar og stærri virkjanir eru ávallt háðar umhverfismati.<sup>231</sup>

## Markmið OO.2 Öruggur flutningur raforku og orkuskipti

- **Aðgengi að orku og öruggur flutningur raforku** er grundvöllur jákvæðrar byggðapróunar og búsetuskilyrða. Einnig stuðlar orkuöryggi að atvinnuöryggi og nýsköpun. Eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku fer vaxandi um allt sveitarfélagið vegna orkuskipta og uppbyggingar í ferðaþjónustu. Þrífösun rafmagns er líka aðkallandi.<sup>232</sup>
- **Tengivirki eru á Hnappavöllum og Hólum.** Prestbakkalína 1 liggur frá tengivirkinu Prestbakka í Skaftárhreppi að tengivirkinu Hnappavöllum. Hnappavallalína 1 liggur milli tengivirkjanna Hnappavalla og Hóla. Frá Hólum liggur Hafnarlína 1 niður í þéttbýlið og Hólalína 1 um Lón og yfir sveitarfélagsmörkin í austri. Tengivirkin og háspennulínurnar eru hluti af flutningskerfi Landsnets. Háspennulínurnar eru allar loftlínur fyrir utan hluta Hafnarlínu 1 frá Blakksvík og niður að Höfn.<sup>233</sup>

<sup>231</sup> [Lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana](#)

<sup>232</sup> [Kortasjá Landsnets](#)

<sup>233</sup> [Kortasjá Landsnets](#)

- **Með því að leggja dreifikerfi raforku í jörðu** er dregið úr neikvæðum áhrifum kerfisins á landslag.
- **Að skilgreina aðgerðir sem hægt er að grípa til í orkuskorti** t.d. af völdum veðurfars eða náttúruhamfara skiptir atvinnulíf og íbúa miklu máli.

## 6.3 Veitur og fjarskipti



### Þjónusta vistkerfa m.t.t. veitna og fjarskipta

Vatnsveitur sækja vatn úr grunnvatni, ám og lindum en vistkerfi sjá um náttúrulega síun og hreinsun vatnsins.

Hægt er að nýta ákveðin vistkerfi til að draga úr álagi á fráveitukerfi. Votlendi og gróður í byggð og við árbakka tempru flæði vatns (blágrænar ofanvatnslausnir) og vernda byggð og mannvirki með því að draga úr flóðahættu. Votlendi geta einnig síað mengunarefni úr frárennslisvatni en örverur í votlendinu geta brotið niður eitrefni.

Hráefni til mannvirkjagerðar eru hluti af nýjþjónustu vistkerfa.

Einnig nýtir fólk náttúruna til menntunar, þekkingarsköpunar og vísindarannsókna sem leiða til tækniframfara og nýsköpunar.

## AÐALSKIPULAGSSTEFNAN Í HNOTSKURN

**Markmið aðalskipulagsins** snúast um veitu- og fjarskiptakerfi sem virða umhverfið og styðja við búsetugæði og íbúa- og atvinnuþróun.

**Leiðir að markmiðunum** varða fráveitukerfi, blágrænar ofanvatnslausnir og fjarskiptabúnað. Sjá nánar markmið og leiðir VF.1 - VF.3

## SKÝRINGAR VIÐ MARKMIÐ

**Hvert og eitt markmið um veitur og fjarskipti** er skýrt með umfjöllun um helstu forsendur og áhrif, á næstu blaðsíðum.

## Markmið VF.1 Skilvirk og hagkvæm hita- og vatnsveitukerfi

- **Veitukerfi þurfa að mæta þörfum** íbúa og atvinnustarfsemi í nútíð og framtíð og er það stöðugt verkefni að viðhalda slíkum kerfum og bæta þau. Áskoranir í þeim efnum kunna að aukast á komandi árum vegna aukinnar úrkomuákefðar og breyttra rennslishátta vatns, sem hanga saman við loftslagsbreytingar.<sup>234</sup>
- **Við nýja uppbyggingu** er mikilvægt að gerð sé grein fyrir hvernig staðið verður að öflun neysluvatns og hvernig gæði þess verða tryggð.
- **Vatnsverndarsvæði hafa verið skilgreind** umhverfis vatnsból Hafnar og Nesja við Rimavatn í Laxárdal og umhverfis vatnsból í Skaftafelli, Rauðabergsfjalli á Mýrum og Össurárdal í Lóni.
- **Vatnsból, án afmarkaðs vatnsverndarsvæðis**, eru við Hnappavelli, Jökulsárlón og Breiðabólstaðartorfu en ekki liggja fyrir kortagögn yfir einkavatnsból sem þjóna einum bæ eða fleiri.
- **Haustið 2021 var gangsett hitaveita á Höfn og í Nesjum** með heitu vatni frá jarðhitasvæði í Hoffelli. Fyrir þann tíma var orkukostnaður hærri á Höfn en annars staðar á Suðurlandi.<sup>235</sup> Skipulögð leit að virkjanlegum jarðhita fyrir þéttbýlið hófst árið 1990. Hitaveita er einnig í Skaftafelli og Breiðabólstaðartorfunni. Lögð er áhersla á að halda áfram leit að nýtanlegu heitu vatni fyrir íbúa sveitarfélagsins.

<sup>234</sup> Veðurstofa Íslands 2023: Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar

<sup>235</sup> Byggðastofnun 2020: Suðurland stöðugreining 2019

## Markmið VF.2 Úrbætur í fráveitumálum

- **Álag á fráveitukerfi** er líklegt til að aukast vegna aukinnar úrkomuákefðar<sup>236</sup> og geta blágrænar ofanvatnslausnir komið að gagni við að draga úr álaginu á kerfin, með því að veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn í stað þess að veita því í hefðbundin fráveitukerfi. Stofn- og rekstrarkostnaður blágrænna ofanvatnslausna er lægri en af hefðbundnu fráveitukerfi og vatnsbúskapur verður heilbrigðari og sjálfbærari. Gróðurrásir og opin gegndræp svæði sem taka við vatninu geta líka gert umhverfi gróðurríkara og fegurra.<sup>237</sup>
- **Skólphreinsun er ábótavant í sveitarfélaginu.** Skólphreinsun frá um 70-80% íbúa sveitarfélagsins fer út í Hornafjörðinn eftir aðeins eins þreps hreinsun. Á nokkrum stöðum fer óhreinsað skólphreinsun út í viðtaka. Í aðalskipulaginu heimila skipulagsákvæði skólphreinsun við Ósland. Samkvæmt reglugerð<sup>238</sup> skal hreinsa skólphreinsun með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri hreinsun áður en því er veitt í viðtaka.
- **Uppbygging fráveitukerfis Hafnar í Hornafirði** hófst árið 2015 og er fyrstu þremur áföngum verksins lokið. Fjórði og síðasti áfanginn er nú yfirstandandi. Áfanga 4a lýkur árið 2025 og stefnt er að því að hefja áfanga 4b árið 2026. Við það fer mestöll fráveita að hreinsistöð í Óslandi.
- **Rotþrær eru** á flestum bújörðum og við nýleg frístundahús og er mikilvægt að frá þeim sé gengið eins og reglur gera ráð fyrir.<sup>239</sup>

<sup>236</sup> Veðurstofa Íslands 2023: Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar

<sup>237</sup> Alta 2017: Blágrænar ofanvatnslausnir, innleiðing við íslenskar aðstæður

<sup>238</sup> Reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skólphreinsun

<sup>239</sup> Reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skólphreinsun, Reglugerð nr. 982/2010 um fráveitur sveitarfélaga, Lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna

- **Mikilvægt er að hreinsivirki urðunarstaða séu í lagi** því annars er hætt á efnamengun grunnvatns og yfirborðsvatns í grennd.
- **Við staðarval fráveitu og umfang** þarf að taka tillit til umhverfisþátta s.s. lífríkis sjávar og ásyndar.
- **Áfram er gert ráð fyrir ratsjárstöð** og tilheyrandi starfsemi á Stokksnesi en hún er hluti af loftvarnarkerfi Landhelgisgæslu Íslands.

### Markmið VF.3 Öflugt og hagkvæmt fjarskiptakerfi

- **Fjarskiptatækni hefur þróast** þannig að fólk hefur meiri möguleika á fjarvinnu en áður og getur því valið sér búsetu án kröfu um nálægð við vinnustað. Þessi möguleiki er aðeins til staðar þar sem er öflugt fjarskiptakerfi. Háhraðatenging styður einnig við fjarnám og samskipti á milli stofnana.
- **Fjarskiptasamband er víða stopult í sveitarfélaginu**, meðal annars á svæðum þar sem ferðaþjónusta starfar og fólk ferðast á eigin vegum. Það er því brýnt öryggismál að bætt sé úr því.
- **Fjarheilbrigðisþjónusta** er ört vaxandi hluti almennrar heilbrigðisþjónustu<sup>240</sup> og eru mikil og fjölbætt tækifæri fólgin í henni, sérstaklega fyrir dreifbýli og smærri þéttbýli fjarri sjúkrahúsum. Með fjarheilbrigðisþjónustu er átt við það þegar upplýsinga- og fjarskiptatækni er notuð til að veita heilbrigðisþjónustu, en miklar framfarir hafa orðið í slíkri þjónustu undanfarin ár. Hugsanlegt er að á næstu árum fari hluti heilbrigðisþjónustu íbúa í dreifbýli fram á þennan máta. Mikilvægt er því að stuðla að háhraðatengingu í sveitarfélaginu öllu til þess að tryggja aðgengi allra íbúa að þessari þjónustu.

<sup>240</sup> [Lög nr. 48/2024 um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 \(fjarheilbrigðisþjónusta\)](#)

## 6.4 Úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfi



### Þjónusta vistkerfa m.t.t. úrgangsstjórnunar

Úrgangi fylgir mengun en til dæmis veldur urðun úrgangs mengun í jarðvegi sem getur seyflað út í grunnvatn. Örverur og skordýr í heilbrigðum vistkerfum brjóta niður úrgang og draga úr magni úrgangs á urðunarstöðum. Örverur brjóta einnig niður mengunarefni sem annars geta skilað sér út í jarðveg, vatn og andrúmsloft.

Með hringrásarhagkerfi er auðlindum forðað frá því að verða að úrgangi sem dregur úr eftirspurn eftir nýjum auðlindum og dregur úr álagi á vistkerfi vegna urðunar eða brennslu.

### AÐALSKIPULAGSSTEFNAN Í HNOTSKURN

**Markmið aðalskipulagsins** snúast um að draga úr úrgangi, auka endurnýtingu og -vinnslu og styðja við getu vistkerfa til að hreinsa vatn, jarðveg og loft sem best.

**Leiðir að markmiðunum** varða umhverfisvænar lausnir á sviði vatns- og fráveitu, svæði fyrir endurnýtanlegan úrgang. Sjá nánar markmið og leiðir ÚH.1 - ÚH.2.

### SKÝRINGAR VIÐ MARKMIÐ

**Hvert og eitt markmið um úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfi** er skýrt með umfjöllun um helstu forsendur og áhrif, á næstu blaðsíðum.

## Markmið ÚH.1 Hreinleiki og heilnæmi umhverfis

- **Með því að forða auðlindum frá því að verða að úrgangi** og með því að forða úrgangi frá urðun er dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda. Urðun úrgangs og fráveita valda stærstum hluta losunar gróðurhúsalofttegunda frá úrgangi. Mikill meirihluti losunar frá urðun er vegna urðunar lífræns úrgangs og pappírsefna.<sup>241</sup>
- **Urðun hefur einnig neikvæð áhrif á umhverfið** vegna mengunarefna sem leiðast frá urðunarstöðum út í jarðveg, grunnvatn og sjó.
- **Heilbrigð vistkerfi geta hreinsað mengunarefni** úr vatni, jarðvegi og lofti. Með því að styðja við heilbrigði vistkerfa er geta þeirra til að veita þessa þjónustu varðveitt og efl.

## Markmið ÚH.2 Úrgangur, endurvinnsla og endurnýting

- **Á Höfn og í Nesjahverfi er sorp flokkað í fjóra flokka**, pappír, plast, lífrænan úrgang og blandaðan úrgang. Í dreifbýlinu er plast, pappír og blandað rusl hirt en unnið er að því að útfæra flokkun og sorphirðu lífræns úrgangs.
- **Söfnunarstöð fyrir úrgang er við Sæbraut 1 á Höfn**. Þar má skila pappa, pappír og dagblöðum, plastumbúðum, gleri og málmumbúðum. Körfuknattleiksdeild Ungmennafélagsins Sindra sér um **flöskumóttöku** á sama svæði. Í Fjárhúsavík rétt utan við Höfn er jarðvegslosunarsvæði.

<sup>241</sup> [Umhverfisstofnun, vefsíða um úrgangsmál](#)

- **Brotajárn, heyrúlluplast, spilliefni, lítil raftæki og textill** er sótt í dreifbýli einu sinni til þrisvar á ári.
- **Urðunarsvæði** hefur verið á Mel á landi Syðri-Fjarðar í Lóni. Heimild er til að urða allt að 3.000 tonn af blönduðum neyslu- og rekstrarúrgangi á ári þar. Áætlað er að urðunarstaðurinn dugi næstu 13-21 árin og jafnvel lengur.
- **Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs<sup>242</sup> í Sveitarfélaginu Hornafirði fyrir árin 2025-2036 liggur fyrir<sup>243</sup>**. Sveitarfélagið hefur markað sér stefnu um að minnka úrgang og auka endurvinnslu og endurnýtingu, sem og að innleiða hringrásarhagkerfi,<sup>244</sup> sem er í samræmi við stefnu ríkisins.<sup>245</sup> Sveitarfélagið vill að úrgangur sem ekki tekst að koma til endurvinnslu eða endurnýtingar verði nýttur til orkuframleiðslu í stað þess að urða hann. Stefnt er að því að urðunarsvæðið í Lóni verði bara nýttur fyrir óvirkan úrgang eftir árið 2028, nema í undantekningartilvikum.
- **Með hringrásarhagkerfi er átt við hagkerfi þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi**, með aukinni endurnýtingu og endurvinnslu hráefna. Með því er hægt að lágmarka bæði auðlindanotkun og úrgangsmyndun auk þess sem áherslan hvetur til nýsköpunar.

<sup>242</sup> [Reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023](#)

<sup>243</sup> [Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir árin 2025-2036, samb. í bæjarstjórn 10.4.2025](#)

<sup>244</sup> [Umhverfis- og loftslagsstefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2022-2030](#)

<sup>245</sup> [Matvælaráðuneytið 2023: Matvælastefna Íslands til ársins 2040](#), [Matvælaráðuneytið 2021: Landbúnaðarstefnan, ræktum Ísland](#)

## 7. Samræmi við umhverfisviðmið



## 7.1 Inngangur

Í eftirfarandi köflum er dregið saman hvaða markmiði aðalskipulagsins og leiðir að þeim sem teljast vera í samræmi við viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin er að finna í gátlista í kafla 3.3.

Taflan á næstu blaðsíðu gefur yfirlit yfir þessi tengsl markmiða og umhverfisþátta. Númer í vinstri dálki vísa til markmiða (sjá hér til hliðar) en númer í fyrstu töflulínu vísa til þeirra umhverfisþátta sem skilgreindir eru lögum umhverfismat framkvæmda og áætlana en þeir eru eftirfarandi

Umhverfisþættir skilgreindir í lögum um umhverfismat

- U.1 Loftslag og náttúruvá
- U.2 Vatn
- U.3 Land og jarðvegur
- U.4 Líffræðileg fjölbreytni og teg. og búsvæði sem njóta verndar
- U.5 Landslag, víðerni, jarðmyndanir og menningarminjar
- U.6 Íbúar og heilbrigði, slyshætta, loftgæði, hljóðvist
- U.7 Efnisleg verðmæti

Samræmi bendir til þess að markmið sé fallið til að hafa jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt. Sum markmið geta haft áhrif á fleiri en einn umhverfisþátt og koma því oftast en einu sinni fyrir.

Engin markmið eru metin í ósamræmi við viðmið, enda voru viðmiðin höfð til hliðsjónar við móttöku stefnunnar. **Ekki var því talin þörf á að tilgreina sérstakar mótvægisáðgerðir.**

## Númer og meginviðfangsefni hvers markmiðs

Vistkerfi og auðlindir	Byggð og samfélag	Atvinnulíf og grunnkerfi
LN.1 Losun CO <sub>2</sub>	ÍL.1 Íbúðarhúsnæði	ÞA.1 Auðlindanýting
LN.2 Binding CO <sub>2</sub>	ÍL.2 Frístundabyggð	ÞA.2 Atvinnulíf sveita
LN.3 Aðlögun að loftslagsbreytingum	ÍL.3 Heilsuefandi, barnvænt samfélag	ÞA.3 Ferðaþjónusta
LN.4 Náttúruvá	ÍL.4 Öryggi	ÞA.4 Landbúnaður
VS.1 Grunnvatn	BB.1 Meginkjarni	ÞA.5 Hafnsækin starfsemi
VS.2 Yfirborðsvatn	BB.2 Byggð í dreifbýli	ÞA.6 Þjónusta, skapandi greinar
VS.3 Votlendi	BB.3 Byggðarmynstur	ÞA.7 Búsetuumhverfi
VS.4 Flóð, varnir	BB.4 Gæði, staðarandi	OO.1 Orkuframleiðsla
VS.5 Jarðhiti, vatnsafl	BB.5 Fornleifar	OO.2 Orkuflutningur
LJ.1 Jarðminjar	SU.1 Hrinvegur	VF.1 Hita- og vatnsveita
LJ.2 Efnistaka, -losun	SU.2 Þjóðvegur á Höfn	VF.2 Fráveita
LJ.3 Jarðvegur	SU.3 Ferðamátar á Höfn	VF.3 Fjarskipti
LJ.4 Flóðvarnir	SU.4 Ferðamátar í sveitum	ÚH.1 Umhv.ævar lausnir
LL.1 Vistkerfi, líffr.l. fjölbr.	SU.5 Leiðakerfi að þjóðgarði	ÚH.2 Úrgangmeðhöndlun
LL.2 Landslag	SU.6 Flugvellir	
	SU.7 Leiðir á sjó	
	ÞV.1 Heilbrigðisþjónusta	
	ÞV.2 Menntastofnanir	
	ÞV.3 Verslun og þjónusta	
	ÞV.4 Menningarlíf	
	ÚÍ.1 Útivist á Höfn	
	ÚÍ.2 Íþróttir	
	ÚÍ.3 Útivist í sveitum	

## Tengsl markmiða og umhverfispátta ...

... á sviði vistkerfa og auðlinda

	U.1	U.2	U.3	U.4	U.5	U.6	U.7
LN.1	■						
LN.2	■						
LN.3	■						
LN.4	■						
VS.1		■					
VS.2		■					
VS.3		■					
VS.4	■						
VS.5		■					
LJ.1			■				
LJ.2			■				
LJ.3		■					
LJ.4		■					
LL.1			■	■			
LL.2							

... á sviði byggðar og samfélags

	U.1	U.2	U.3	U.4	U.5	U.6	U.7
ÍL.1						■	
ÍL.2							■
ÍL.3						■	
ÍL.4	■						
BB.1						■	■
BB.2						■	■
BB.3					■	■	
BB.4					■	■	
BB.5					■		
SU.1						■	■
SU.2						■	■
SU.3	■					■	■
SU.4	■					■	■
SU.5				■	■	■	■
SU.6							■
SU.7							■
ÞV.1						■	
ÞV.2						■	
ÞV.3						■	
ÞV.4						■	
ÚÍ.1						■	
ÚÍ.2						■	
ÚÍ.3						■	


...á sviði atvinnulífs og grunnkerfa

	U.1	U.2	U.3	U.4	U.5	U.6	U.7
ÞA.1			■	■		■	■
ÞA.2							
ÞA.3				■	■		■
ÞA.4			■				■
ÞA.5							■
ÞA.6							■
ÞA.7							■
OO.1	■		■				■
OO.2							■
VF.1							■
VF.2							■
VF.3							
ÚH.1			■				
ÚH.2			■				

## 7.2 Loftslag og náttúruvá

Eftirfarandi markmið aðalskipulagsins voru metin vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfisþáttinn:

- LN.1 **Draga úr losun kolefnis** og annarra gróðurhúsalofttegunda.
- LN.2 **Auka bindingu kolefnis.**
- LN.3 **Vinna að aðlögun að breytingum** á loftslagi og áhrifum þeirra.
- LN.4 **Taka tillit til hættu** sem stafar af loftslagsbreytingum og annarri náttúruvá.
- VS.4 **Taka mið af vatnstengdri náttúruvá** við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda.
- LJ.3 **Vernda og byggja upp gróður og jarðveg** og standa sérstakan vörð um kolefnisríkan jarðveg.
- LJ.4 **Stöðva landbrot** og efla flóðavarnir.
- ÍL.4 **Stuðla að öryggi** íbúa og gesta gagnvart náttúruvá og slysum.
- SU.3 **Bæta aðstæður fyrir virka og vistvæna ferðamáta** á Höfn.
- SU.4 **Bæta aðstæður fyrir vistvæna ferðamáta** í dreifbýli.
- ÞA.3 **Stuðla að uppbyggingu í sjálfbærri ferðaþjónustu** sem miðar m.a. að minnkandi kolefnisspori.
- OO.1 **Tryggja að hverskonar orkuframleiðsla** sé vel undirbúin og hafi sem minnst neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.



**Leiðir að markmiðum** sem voru metnar vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfisþáttinn **loftslag og náttúruvá** snúa að:


- **Svæðum sem binda kolefni** og tekið sé mið af ástandi lands og kolefnisbúskap við ákvarðanir um mannvirkjagerð, skógrækt og aðra landnýtingu.
- **Endurheimt votlendis** og annarra vistkerfa.
- **Vernd og endurheimt náttúrulegra birkiskóga** og stuðla að frekari útbreiðslu þeirra.
- **Landgræðslu og nýskógrækt.**
- **Plöntun trjáa** og annars gróðurs í þéttbýli.
- **Aðgerðum gegn röskun vistkerfa**, slysum, manntjóni, eignatjóni og því að verðmætar menningarminjar hverfi.
- **Náttúrumiðuðum lausnum** við að takast á við loftslagsbreytingar.

- **Aukinni meðvitund** um möguleg viðbrögð við og aðlögun að loftslagsbreytingum, s.s. með fræðslu við skipulagsgerð og leyfisveitingar.
- **Nýtingu upplýsinga** um náttúruvá og loftslagsbreytingar og um áhrif þeirra.
- **Hættumati** vegna flóða, skriðu- og jökulhlaupa sem og bráðnunar sífrera á fyrirhuguðum byggðar- og framkvæmdasvæðum, þar sem við á. Bregðast við niðurstöðum hættumats með viðeigandi hætti.
- **Flóttaleiðum og brunavörnum** í byggð og á skógi vöxnum svæðum, svo sem vegna eldgosa, flóða og gróðurelda.
- **Varnarmannvirkjum.**
- **Innviðum** sem styðja við orkuskipti og vistvæn ökutæki.

## 7.3 Vatn

**Eftirfarandi markmið** aðalskipulagsins voru metin vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfisþáttinn:

- VS.1 **Stuðla að miklum gæðum og nægu framboði grunnvatns** til neyslu og fyrir atvinnustarfsemi.
- VS.2 **Koma í veg fyrir mengun** yfirborðsvatns og strandsjávar.
- VS.3 **Stöðva framræslu votlendis** og endurheimta votlendi þar sem mögulegt er.
- VS.5 **Nýta jarðhitavatn og vatnsafl** með sjálfbærum hætti.
- LJ.3 **Vernda og byggja upp gróður og jarðveg** og standa sérstakan vörð um kolefnisríkan jarðveg.
- LJ.4 **Stöðva landbrot** og efla flóðavarnir.



**Leiðir að markmiðum** sem voru metnar vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfisþáttinn **vatn** snúa að:


- **Afmörkun vatnsbóla** og vatnsverndarsvæða.
- **Blágrænum ofanvatnslausnum** og öðrum náttúrumiðuðum aðferðum við fráveitu, vatnsveitu og úrgangsméðhöndlun.
- **Hreinsun skólps** og umgengni um hættuleg efni.
- **Vernd og endurheimt** votlendis.
- **Hættumati** vegna flóða, skriðu- og jökulhlaupa sem og bráðnunar sífrera, sem og viðeigandi viðbrögðum við niðurstöðu hættumats.

- **Hreinleika** vatns og strandsjávar.
- **Uppbyggingu atvinnulífs** sem tekur mið af þolmörkum náttúru.
- **Nýtingu landbúnaðarsvæða** sem byggir á rannsóknum og vöktun á beitarlandi, gróðri og jarðvegi og tekur tillit til vistkerfa.
- **Vandaðri beitingu umhverfismats** við undirbúning orkuframleiðslu úr vatnsafla.

## 7.4 Land og jarðvegur

Eftirfarandi markmið aðalskipulagsins voru metin vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfisþáttinn:

- LJ.1 **Vernda stakar jarðminjar og jarðfræðilega merkileg svæði.**
- LJ.2 **Standa vel að efnistöku og haugsetningu jarðefna.**
- ÞA.1 **Nýta auðlindir á sjálfbæran og skilvirkan hátt og takmarka sóun eins og mögulegt er.**
- ÞA.4 **Styðja við þróun fjölbreytts og vistvæns landbúnaðar.**
- OO.1 **Tryggja að hverskonar orkuframleiðsla sé vel undirbúin og hafi sem minnst neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.**
- ÚH.1 **Stuðla að hreinleika og heilnæmi umhverfis.**
- ÚH.2 **Draga úr úrgangi til förgunar og auka möguleika á endurvinnslu og endurnýtingu.**



**Leiðir að markmiðum** sem voru metnar vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfisþáttinn **land og jarðveg** snúa að:


- **Landgræðslu og endurheimt** vistkerfa.
- **Nýskógrækt.**
- **Upplýsingum um merkilegar jarðminjar** í skipulagstillögum og/eða í byggingar- og framkvæmdaleyfisumsóknum.
- **Gagnakröfum og málsmeðferð** við veitingu framkvæmdaleyfa fyrir efnistöku og efnislosun.
- **Tilliti til ástands lands og kolefnisbúskapar** við ákvarðanir um mannvirkjagerð, skógrækt og aðra landnýtingu.
- **Varnarmannvirkjum.**
- **Hreinleika** vatns, strandsjávar, lands og lofts og góða meðhöndlun úrgangs.
- **Uppbyggingu atvinnulífs** sem tekur mið af þolmörkum náttúru.
- **Náttúrumiðuðum lausnum** til eflingar atvinnulífs og samfélags.

- **Nýtingu landbúnaðarsvæða** sem byggir á rannsóknum og vöktun á beitarlandi, gróðri og jarðvegi.
- **Kolefnisbindingu** á landbúnaðarsvæðum, s.s. með verndun og endurheimt votlendis, endurheimt jarðvegs og gróðurs og með ræktun.
- **Vandaðri beitingu umhverfismats** vegna nýtingar jarðvarma til orkuframleiðslu.
- **Ræktun orkujurta** á landbúnaðarsvæðum.
- **Úrbótum í fráveitumálum** í sveitum.
- **Blágrænum ofanvatnslausnum** til að takast á við aukna úrkomu vegna loftslagsbreytinga.
- **Viðeigandi ráðstöfunum** og umhverfisvænum lausnum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu og úrgangsmeðhöndlun.

## 7.5 Líffræðileg fjölbreytni og tegundir og búsvæði sem njóta verndar

**Eftirfarandi markmið** aðalskipulagsins voru metin vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfisþáttinn:

- LL.1 **Styrkja heilbrigði vistkerfa**, líffræðilega fjölbreytni og náttúrufarssérkenni.
- SU.5 **Þróa leiðakerfi** að Vatnajökulspjóðgarði eftir ólíkum ferðamátum.
- ÞA.1 **Nýta auðlindir á sjálfbæran og skilvirkan hátt** og takmarka sóun eins og mögulegt er.
- ÞA.3 **Stuðla að uppbyggingu í sjálfbærri ferðaþjónustu** sem leggur m.a. áherslu á einstaka upplifun heimamanna og gesta í magnaðri náttúru.



**Leiðir að markmiðum** sem voru metnar vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfisþáttinn **líffræðileg fjölbreytni, tegundir og búsvæði** snúa að:

- **Náttúrulegum birkiskógum og votlendi**, þ.m.t. vernd og endurheimt, sem og endurheimt annarra vistkerfa sem hefur verið raskað.
- **Landgræðslu og nýskógrækt** sem er vel undirbúin m.t.t áhrifa á náttúrufars, þ.m.t. val á trjátegundum og landi, og áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika.
- **Mikilvægum búsvæðum** fugla og annarra dýra, s.s. votlendis, mólendis og strandsvæða.
- **Framandi tegundum** og aðgerðum gegn ágangi þeirra.
- **Sjálfbærri nýtingu** villigróðurs og annarra lífvera.
- **Staðsetningu og hönnun mannvirkja** m.t.t. sérkenna náttúrufars. Þ.m.t. kröfum til skipulagstillagna og leyfisumsókna um að gerð sé grein fyrir hvernig tekið er mið af náttúru, hvað varðar staðsetningu og útfærslu mannvirkja og stýringu umferðar sem uppbyggingin skapar.

- **Uppbyggingu atvinnulífs** sem tekur mið af þolmörkum náttúru.
- **Náttúrumiðuðum lausnum** hvar sem hægt er.
- **Stýringu umferðar um viðkvæm svæði** með flokkun vega í náttúru Íslands utan þjóðvegakerfis.
- **Dreifingu umferðar og álags** á náttúru með dreifingu áfangastaða og vel skilgreindum leiðum.
- **Nýtingu landbúnaðarsvæða** sem byggir á rannsóknum og vöktun á beitalandi, gróðri og jarðvegi og tekur tillit til landslagseinkenna og vistkerfa sem mikilvæg eru til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni.
- **Vandaðri beitingu umhverfismats** vegna hverskonar orkuframleiðslu.
- **Skipulagsákvæðum um vindorkunýtingu.**
- **Plöntun trjáa og annars gróðurs** í þéttbýli.

## 7.6 Landslag, víðerni, jarðmyndanir og menningarminjar

**Eftirfarandi markmið** aðalskipulagsins voru metin vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfisþáttinn:

- LL.1 **Styrkja heilbrigði vistkerfa**, líffræðilega fjölbreytni og náttúruferissérkenni.
- BB.3 **Stuðla að því að þróun byggðarmynsturs** í sveitunum taki mið af menningarlandslagi.
- BB.4 **Stuðla að vandaðri mannvirkjagerð** og sterkum staðaranda.
- BB.5 **Umgangast fornleifar** með virðingu.
- SU.5 **Þróa leiðakerfi** að Vatnajökulsþjóðgarði eftir ólíkum ferðamátum.
- ÞA.3 **Stuðla að uppbyggingu í sjálfbærri ferðaþjónustu** sem m.a. leggur áherslu á einstaka upplifun heimamanna og gesta í magnaðri náttúru og einstöku landslagi, með áhugaverða sögu og samfélag.



**Leiðir að markmiðum** sem voru metnar vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfisþáttinn **landslag, jarð- og menningarminjar** snúa að:


- **Náttúrulegum birkiskógum og votlendi**, þ.m.t. vernd og endurheimt, sem og endurheimt annarra vistkerfa sem hefur verið raskað.
- **Áhrifum á verndargildi** svæða, s.s. á jaðarsvæði Þjóðgarðs.
- **Landgræðslu og nýskógrækt** m.t.t áhrifa á náttúrufar og landslag.
- **Áherslu á innlendar trjátegundir** við skógrækt og tillit til náttúrufarm landslag og minja við val á landi og trjátegundum til skógræktar.
- **Uppbyggingu atvinnulífs** með hliðsjón af þolmörkum náttúru og samfélags.
- **Tilliti til náttúrufars og landslags** við staðsetningu og hönnun mannvirkja.
- **Staðsetningu og hönnun mannvirkja** þannig að þau falli vel að náttúrlegu landslagi og búsetulandslagi, með því að greina landslagssérkenni, meta áhrif skipulags og framkvæmda á þau og leitast við að skapa fallett sjónrænt yfirbragð.

- **Verndun bygginga og annarra mannvirkja** sem teljast verðmætur menningararfur.
- **Skráningu fornleifa**, merkingu þeirra og verndun þar sem ástæða þykir til.
- **Stýringu umferðar um viðkvæm svæði** með flokkun vega í náttúru Íslands utan Þjóðvegakerfis.
- **Dreifingu umferðar og álags á náttúru** með dreifingu áfangastaða, vel skilgreindum ferðaleiðum og tilliti .
- **Samvinnu við Vatnajökulspjóðgarð** um skipulag innan hans og aðgengi að honum fyrir alla ferðamata.
- **Nýtingu landbúnaðarsvæða** sem byggir á rannsóknum og vöktun á beitarlandi, gróðri og jarðvegi og tekur tillit til landslagseinkenna og vistkerfa.
- **Vandaðri beitingu umhverfismats** vegna hverskonar orkuframleiðslu.
- **Skipulagsákvæðum um vindorkunýtingu.**
- **Plöntun trjáa og annars gróðurs** í þéttbýli.
- **Áherslu á lagningu dreifikerfa** raforku í jörð og að vandað sé til verka þegar veitur eru lagðar í dreifbýli.

## 7.7 Íbúar og heilbrigði, slysaætta, loftgæði, hljóðvist

**Eftirfarandi markmið** aðalskipulagsins voru metin vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfisþáttinn:

- ÍL.1 **Fjölga fjölbreyttum** húsnæðismöguleikum.
- ÍL.3 **Beita skipulagi til stuðnings** heilsueflandi og barnvænu samfélagi.
- BB.1 **Styrkja Höfn sem meginkjarna** sveitarfélagsins með sterkt þjónustu- og vinnusóknarsvæði.
- BB.2 **Styrkja byggð** í dreifbýli.
- BB.3 **Stuðla að því að þróun byggðarmynsturs** í sveitunum taki mið af menningarlandslagi þeirra.
- BB.4 **Stuðla að vandaðri mannvirkjagerð** og sterkum staðaranda.
- SU.1 **Stuðla að úrbótum á Hringvegi**, þjóðvegi 1.
- SU.2 **Bæta tengingu** Hafnar við Hringveg og draga úr þungaumferð í gegnum bæinn.
- SU.3 **Bæta aðstæður fyrir virka og vistvæna** ferðamáta á Höfn.
- SU.4 **Bæta aðstæður fyrir vistvæna** ferðamáta í dreifbýli.
- SU.5 **Bæta aðstöðu fyrir áætlunarflug** og flug vegna björgunarstarfa.
- ÞV.1 **Bæta aðgengi** að heilbrigðisþjónustu.



- ÞV.2 **Bæta aðgengi** að menntun og hlúa að þekkingaröflun.
- ÞV.3 **Bæta aðgengi** að verslun og þjónustu.
- ÞV.4 **Hlúa að fjölbreyttu** menningarlífi og skapandi greinum.
- ÚÍ.1 **Skapa fyrirmyndaraðstæður** á Höfn fyrir margskonar leik og útiveru allra aldurs- og félagshópa.
- ÚÍ.2 **Viðhalda vel og bæta aðstöðu** til íþróttá á Höfn.
- ÚÍ.3 **Skapa góðar aðstæður** til útivistar og leikja í sveitum.
- ÞA.1 **Nýta auðlindir** á sjálfbæran og skilvirkan hátt og takmarka sóun eins og mögulegt er.
- ÞA.6 **Hlúa að þróun** ýmiskonar þjónustu, þekkingarstarfsemi og skapandi greina.
- ÞA.7 **Stuðla að sem bestu** búsetuumhverfi sem veitir lífsgæði og styður þannig við atvinnulíf.

**Leiðir að markmiðum** sem voru metnar vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfispáttinn **íbúar og heilbrigði** snúa að:

- **Byggðarmynstri í þéttbýli** sem miðar að 20 mínútna bæ og hvetur til virkra ferðamáta.
- **Byggðarmynstri í dreifbýli** sem styður við uppbyggingu samfélagsþjónustu í nærumhverfi.
- **Íbúðarsvæðum í þéttbýli og dreifbýli** sem svara sem best áætlaðri eftirspurn hvaða varðar húsagerðir og íbúðastærðir.
- **Möguleika á stökum íbúðarhúsum** á landbúnaðarsvæðum

án tengsla við búskap.

- **Íbúðar- og þjónustukjarna** í Örafum, Suðursveit, á Mýrum og í Nesjum
- **Fjölgun minni íbúða á Höfn** til að bregðast við líklegum lýðfræðilegum breytingum.
- **Fjölgun starfa í dreifbýli** samhliða möguleika á aukinni húsnæðisuppbyggingu þar.
- **Áhersla á þrífösun** og lagningu dreifikerfa raforku í jörð.
- **Göngu- og hjólaleiðum og -stígum** í þéttbýli og dreifbýli til að styðja við virka ferðamáta íbúa og ferðafólks. Þ.m.t. göngu-/hjólástíg og reiðstíg meðfram þjóðvegi 1 og/eða eldri legu hans, sem og möguleika á að leggja stíga meðfram öðrum vegum og nýta aflagða vegi sem stíga. Einnig áframhaldandi þróun Jöklaleiðarinnar sem er leið í nágrenni jökla eftir endilöngu sveitarfélaginu.
- **Aðstæðum fyrir almenningsamgöngur.**
- **Auknu skjóli** á Höfn með **gróðursetningu** á helstu gönguleiðum.
- **Aðgengi fólks með fötlun.**
- **Aðgengi viðbragðsaðila** að fjölförnum ferðamannastöðum og öðrum þar sem hætta er talin geta skapast.
- **Auknu umferðaröryggi** með umbótum á vegakerfi og skrá yfir vegi í náttúru Íslands.
- **Fjölgun áningarstaða og öruggra útskota** við þjóðveginn

þar sem fólk getur stöðvað, t.d. til að njóta útsýnis og taka myndir.

- **Þróun Hornafjarðarflugvallar** sem millilandaflugvallar og góðu viðhaldi og bættum aðstæðum þar.
- **Flugvöllum við Skaftafell og að Fagurhólsmýri** m.t.t. sjúkraflugs.
- **Aðstæðum björgunarmiðstöðvar** á Höfn.
- **Tækifærum til hverskonar útiveru** sem veitir möguleika á hreyfingu, hvíld, endurnæringu, leik og samveru.
- **Stefnumótun um lendingarstaði og umferðarsvæði loftfara** í samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarð
- **Mati á áhrifum** skipulags og framkvæmda á lýðheilsu.

## 7.8 Efnisleg verðmæti

Eftirfarandi markmið aðalskipulagsins voru metin vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfisþáttinn:

- ÍL.2 **Veita möguleika á að dvelja tímabundið** í sveitarfélaginu og styðja þannig við þjónustustarfsemi.
- BB.1 **Styrkja Höfn sem meginkjarna** sveitarfélagsins með sterkt þjónustu- og vinnusóknarsvæði.
- BB.2 **Styrkja byggð** í dreifbýli.
- SU.1 **Stuðla að úrbótum á Hringvegi**, þjóðvegi 1.
- SU.2 **Bæta tengingu Hafnar við Hringveg** og draga úr þungaumferð í gegnum bæinn.
- SU.3 **Bæta aðstæður fyrir virka og vistvæna ferðamáta** á Höfn.
- SU.4 **Bæta aðstæður fyrir vistvæna ferðamáta** í dreifbýli.
- SU.5 **Þróa leiðakerfi** að Vatnajökulspjóðgarði eftir ólíkum ferðamátum.
- SU.6 **Bæta aðstöðu fyrir áætlunarflug** og flug vegna björgunarstarfa.
- SU.7 **Tryggja góðar aðstæður** fyrir báta- og skipaferðir.
- ÞA.1 **Nýta auðlindir á sjálfbæran og skilvirkan hátt** og takmarka sóun eins og mögulegt er.
- ÞA.3 **Stuðla að uppbyggingu í sjálfbærri ferðaþjónustu**.
- ÞA.4 **Styðja við þróun fjölbreytts og vistvæns landbúnaðar**.



- ÞA.5 **Búa vel um sjávarútveg og aðra hafnsækna starfsemi**, sem og iðnaðar- og athafnastarfsemi.
- ÞA.6 **Hlúa að þróun ýmskonar þjónustu**, þekkingarstarfsemi og skapandi greina.
- ÞA.7 **Stuðla að sem bestu búsetuumhverfi** sem veitir lífsgæði og styður þannig við atvinnulíf.
- OO.1 **Tryggja að hverskonar orkuframleiðsla** sé vel undirbúin og hafi sem minnst neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.
- OO.2 **Tryggja örugga afhendingu raforku** sem hefur sem minnst neikvæð áhrif á landslag og stuðlar að orkuskiptum.
- VF.1 **Tryggja skilvirk og hagkvæm hita- og vatnsveitukerfi**.
- VF.2 **Bæta fráveitumál** í þéttbýli og dreifbýli.

**Leiðir að markmiðum** sem voru metnar vera í samræmi við viðmið fyrir umhverfisþáttinn **efnisleg verðmæti** snúa að:

- **Fjölbreyttu atvinnulífi í þéttbýli og dreifbýli** á grundvelli sérkenna og auðlinda sveitarfélagsins, og þjóðgarðs á Heimsminjaskrá.
- **Vönduðu búsetuumhverfi** sem veitir lífsgæði og styður þannig við atvinnulíf.
- **Auknu aðdráttarafli Hafnar** fyrir fólk og fyrirtæki, með möguleikum til uppbyggingar íbúðar-, þjónustu- og atvinnuhúsnæðis í aðlaðandi umhverfi.
- **Fjölgun starfa og íbúa í dreifbýli** samhliða möguleika á

aukinni húsnæðisuppbyggingu þar.

- **Umbótum á vegakerfi í dreifbýli** til að stytta vegalengdir og auka umferðaröryggi. Þ.m.t. stytting og aukið öryggi Hringveggar með breytingu á legu í Örafum og Lóni og göngum um Lónsheiði. Einnig með breikkun þjóðveggar og öðrum breytingum sem bæta umferðaröryggi.
- **Færslu þjóðveggar í þéttbýli** yfir á austurjaðar bæjarins.
- **Innviðum** vegna orkuskipta og aðstæðum á biðstöðum almenningsvagna.
- **Göngu-, hjóla- og reiðstígum** í dreifbýli og þéttbýli.
- **Stefnumótun um lendingarstaði og umferðarsvæði loftfara** í samvinnu við Vatnajökulþjóðgarð.
- **Aðgengi að ferðamannastöðum** sem þola mikinn fjölda gesta.
- **Skráningu vega utan þjóðvega** í samræmi við reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.
- **Þróun Hornafjarðarflugvallar** sem millilandaflugvallar.
- **Flugvöllum** við Skaftafell og að Fagurhólsmýri.
- **Aðstöðu björgunarmiðstöðvar** á Höfn.
- **Uppbygging atvinnulífs** sem er í samræmi við þolmörk náttúru, innviða, samfélags og efnahags.
- **Þróun hringrásarhagkerfis** með áherslu á staðbundna styrkleika, aukna fullvinnslu, endurnýtingu hráefna og bættu nýtingu stað- og svæðisbundinna auðlindastrauma þar sem affall eins fyrirtækis er auðlind annars. Setja skipulagsákvæði

sem heimila svæði og aðstöðu fyrir endurvinnslu og endurnýtingu í þéttbýli og dreifbýli. Skipuleggja svæði fyrir söfnun á flokkuðum úrgangi sem er hæfur til endurvinnslu eða endurnýtingar. Vinna markvisst eftir svæðisáætlun um meðferð úrgangs.

- **Náttúrumiðuðum lausnum** til eflingar atvinnulífs og samfélags. Takast á við aukna úrkomu vegna loftslagsbreytinga með því að beita blágrænum ofanvatnslausnum þar sem unnt er og tryggja að fráveitukerfi muni þola álagið.
- **Búsetu án tengsla við búskap og ýmiskonar aukabúgreinum** á landbúnaðarsvæðum, þ.m.t. ferðapjónustu og vinnuaðstöðu fyrir fjarvinnu, s.s. rannsókn- og vísindastörf, sérfræðipjónustu. Einnig aðstöðu fyrir handverk, listir og aðrar skapandi greinar.
- **Aðstöðu fyrir matarfrumkvöðla og ýmiskonar vöruþróun** á landbúnaðarsvæðum og verslunar- og þjónustusvæðum í dreifbýli.
- **Kröfum um að í skipulagstillögum** sé gerð grein fyrir hvernig uppbygging fellur að stefnu aðalskipulagsins og hver áhrif hennar á atvinnulíf, húsnæðismarkað og þjónustu kunna að verða.
- **Aðstæðum fyrir sjávarútveg og aðra hafnsækna starfsemi** sem og iðnaðar- og athafnasvæði.
- **Sveigjanleika fyrir ýmiskonar þjónustu**, þekkingarstarfsemi

og skapandi greinar á landbúnaðarsvæðum og á verslunar- og þjónustusvæðum, svæðum fyrir þjónustustofnanir og í íbúðarbyggð í dreifbýli. Beita einnig í þeim tilgangi leiðum sem lýst er í kafla 7 um þéttbýlið.

- **Góðum grunnkerfum** veitna og fjarskipta. Beita viðeigandi ráðstöfunum og umhverfisvænum lausnum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.
- **Áherslu á að þrífösun rafmagns og lagning dreifikerfa** raforku í jörð verði hraðað. Einnig að gert verði ráð fyrir innviðum vegna orkuskipta í þéttbýli og dreifbýli.
- **Áherslu á vandaða beitingu umhverfismats** vegna orkuframleiðslu. Einnig skipulagsákvæði um vindorkunýtingu og ræktun orkujurta á landbúnaðarsvæðum.
- **Áherslu á samnýtingu** veitna við uppbyggingu svæða og að vandað sé til verka þegar veitur eru lagðar í dreifbýli. Sem og að unnið verði markvisst eftir aðgerðaáætlun í fráveitumálum.
- **Heimild til að leggja ljósleiðara og setja upp annan minniháttar fjarskiptabúnað** innan allra landnotkunarflokka í dreifbýli og þéttbýli á grundvelli gagna með framkvæmdaleyfisumsókn.

## 8. Helstu breytingar í þéttbýli



## 8.1 Breytingar sem eiga við alla landnotkunarflokka

**Sett eru markmið fyrir þéttbýlið** og gerð grein fyrir forsendum þeirra í 7. kafla skipulagsgreinargerðar.

**Sett eru almenn ákvæði fyrir alla landnotkunarflokka** og einnig sértæk ákvæði fyrir einstaka landnotkunarreiti. Almennu ákvæðin eru ítarlegri en í fyrra aðalskipulagi, í þeim tilgangi að stuðla að því að vel sé staðið að deiliskipulagi og framkvæmdum og að þær séu í samræmi við markmið sveitarfélagsins sem eru í stefnuhluta aðalskipulagsins. Sjá markmið fyrir þéttbýlið í 7. kafla skipulagsgreinargerðar, sem og markmið fyrir stefnusviðin þrjú í köflum 4, 5 og 6. Skýringar við stefnuna eru í samsvarandi köflum í þessari forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

**Gistirými er alls staðar talið sem gistirúm** en í fyrra aðalskipulagi gat orðið gistirými ýmist táknað herbergi eða rúm.

## 8.2 Mörk þéttbýlisuppráttar

**Nýr þéttbýlisuppráttur nær að nýjum Hringvegi en ekki norður fyrir Nesjahverfi.** Hringvegurinn markar þéttbýlismörk líkt og í fyrra aðalskipulagi og ekki þótti þörf á að gera grein fyrir landnotkun norðan hans í nánari mælikvarða en á öðrum svæðum dreifbýlis.

## 8.3 Íbúðarbyggð

**Mörkum íbúðarsvæða** er lítillega breytt á nokkrum stöðum:

ÍB-1 sameinast ÍB-6 og stækkar yfir hluta af AF-1.

ÍB-3 og ÍB-9 sameinast og kallast nú ÍB-3.

## 8.4 Miðsvæði

**Miðsvæðið M-53 stækkar niður á hafnarsvæði á milli Pakkhúss og Bátstanga** til að rúma þar ferðapjónustu í samspili við hafnarstarfsemi.

Reitur við Víkurbraut, á milli Fákaleiru og Bugðuleiru, fellur undir S-52 í stað M-53.

## 8.5 Verslun og þjónusta

**VP-600 við Hafnarbraut** stækkar til austurs.

**VP-50 við Óslandsveg, sunnan Ásgarðs,** stækkar að Ránarslóð.

**VP-6 í Álaugarey** fellur undir hafnarsvæðið og sett eru ákvæði um að verslunar- og þjónustustarfsemi þar sé víkjandi.

**S-5 Stakkaklettur** breytist í VP-52 til samræmis við núverandi landnotkun.

## 8.6 Samfélagsþjónusta

**S-2 sem er grunnskólasvæði** stækkar meðfram Víkurbraut og yfir miðsvæðið á milli Bugðuleiru og Fákaleiru.

**S-5 Stakkaklettur** breytist í VP svæði til samræmis við núverandi landnotkun.

**S-4 Miðfjárhúshóll** veður hluti af OP-4 sem er allt opna svæðið norðan bæjar.

## 8.7 Íþróttasvæði

**ÍP-2 golfvöllur** stækkar yfir AF-2 þar sem áður var gert ráð fyrir tjaldsvæði og smáhýsum til gistingar.

**ÍP-3 mótcross-braut** við Ægissíðu stækkar lítillega að reit AT-3.

## 8.8 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

**Mörk AF-1 tjaldsvæðis** breytast lítillega gagnvart ÍB-1.

**AF-2 fellur undir ÍP-2** sem möguleg stækkun golfvallar.

## 8.9 Opin svæði

**OP-2 Fiskhóll sameinast ÍB-1** og sett eru sérákvæði þar um opið svæði.

**OP-0 reitur við grunnskóla sameinast S-2** og sett eru sérákvæði um opið svæði þar.

**ÍB-9 stækkar inn á OP-3** sem er hóteltún.

**Allt opið svæði norðan bæjar** verður OP-4 og S-4 fellur undir

OP-4 með sérákvæðum.

## 8.10 Athafnasvæði

**Mörk AT-1 við Álaugarveg og Víkurbraut** breytast lítillega vegna stækkunar miðsvæðis.

**AT-1 við Sæbraut og Krosseyjarveg** stækkar þar sem áður var skilgreint hafnarsvæði.

**Mörk AT-2 norðan við Miðfjárhúshól** breytast lítillega.

**AT-3 við Fjárhúsavík** stækkar.

## 8.11 Iðnaðarsvæði

**Reitur I-10 Ósland, skólpdælustöð** er felldur undir H-1 með sérákvæðum.

**Reitur I-4 Leiðarhöfði, skólpdælustöð** er felldur út þar sem ekki er gert ráð fyrir skólpdælustöð þar.

## 8.12 Hafnarsvæði

**Mörk H-1 á milli Álaleiru og Sæbrautar** færast frá Álaugarvegi niður á Krosseyjarveg. AT-1 stækkar að sama skapi.

**Reitur VP-6 í Álaugarey** er felldur undir hafnarsvæðið með sérákvæðum.

## 8.13 Sérstök not haf- og vatnssvæða

**Afmarkaður er nýr SN-reitur** fyrir siglingaleið Hornafjarðarhafnar þar sem almenn skipulagsákvæði heimila að

endurbyggja og þróa viðlegukanta, bryggjur og landfyllingar og dýpka höfnina og siglingaleiðir, samkvæmt nánari skilgreiningu í deiliskipulagi og/eða á grundvelli umhverfismats og framkvæmdaleyfisgagna eftir því sem við á.

## 8.14 Strandsvæði

**Sjávarflötur Hornafjarðar og Skarðsfjarðar** er felldur í flokk strandsvæða.

## 8.15 Veitur

**Legu ljósleiðara og rafstrengja** er ekki sýnd á þéttbýlisuppdrætti þar sem gert er ráð fyrir að legu sé ákveðin á framkvæmdaleyfisstigi.

**Ákvæði um hreinsivirki vegna fráveitu** eru sett á viðkomandi skipulagsreit, H-1.

## 8.16 Þjóðvegur í þéttbýli

**Valkostir um þjóðveg í þéttbýli** eru nú kynntir í tillögu á vinnslustigi og leitað er álits íbúa og annarra hagsmunaaðila á þeim. Umhverfis- og skipulagsnefnd mun vinna úr þeim ábendingum og umsögnum sem berast um valkostina og kynna sinn valkost í lokatillögu sem auglýst verður formlega í samræmi við 31. gr. skipulagslaga með tilskyldum 6 vikna athugasemdafresti, haustið 2025.

### Meginforsendur

**Þjóðvegur nr. 99** liggur frá Hringvegi um Hafnarveg, Hafnarbraut, Víkurbraut og Álaugarveg að Sæbraut og inn á svæði Hornafjarðarhafnar.<sup>246</sup> Í gildandi aðalskipulagi Hafnar er gert ráð fyrir færslu vegarins þannig að hann sveigi til austurs við Merkishól. Þaðan liggja hann eftir jaðri Sílavíkur/Leiruhverfis (ÍB-2) og tengist hafnarsvæðinu um Álaugarveg.

**Frá því aðalskipulagið tók gildi** haustið 2014 hafa forsendur í umferðarmálum á Höfn breyst nokkuð. Umferð um Hafnarbraut hefur aukist<sup>247</sup> sem skýrist einkum af auknum ferðamannastraumi.<sup>248</sup> Aðdráttarafl náttúruperla sveitarfélagsins og spár um fjölgun ferðamanna til Íslands<sup>249</sup> gefa tilefni til væntinga um frekari straum. Einnig má búast má við frekari aukningu umferðar vegna áformaðrar uppbyggingar íbúða- og þjónustuhúsnæðis á miðsvæði,

<sup>246</sup> [Vegagerðin: Vegaskrá 2024](#)

<sup>247</sup> Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir 2022 og 2023: Gögn úr bílatalningum við innkomu til Hafnar 2016-2023, [Vegagerðin: Umferðartölur, Umferðaröryggisáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2018-2027](#)

<sup>248</sup> [Sveitarfélagið Hornafjörður 2023: Þróun ferðamennskusamfélags](#)

<sup>249</sup> [Ferðamálastofa 2025: Uppfærð gervigreindarspá um fjölda erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll](#)

ferðapjónustu í Útbæ og íbúðarhúsnæðis í Hagahverfi. Þá eru taldar forsendur fyrir frekari stækkun bæjarins m.v. atvinnuþróun og hlutverk bæjarins á SA-landi (sjá kafla 2 og 7 í skipulagsgreinargerð og kafla 5 og 6 í þessari forsendu- og umhverfismatsskýrslu). Til lengri tíma litið kann það að kalla á ný byggðarsvæði norðan við bæinn eða á frekari landfyllingum austan hans.



Hafnarbraut - horft í suður



- horft í norður

**Þjóðvegurinn er stofnvegur** og hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni, sbr. 7. gr. vegalaga. Stofnvegurinn nær til hafnar líkt og lögin heimila.<sup>250</sup>

**Við upphaf endurskoðunar aðalskipulags** var gerð vefkönnun um viðfangsefni í umhverfis- og skipulagsmálum og þar kom m.a. fram bæta þyrfti umferðaröryggi á Höfn, einkum á þjóðvegi m.t.t. gönguleiða barna.<sup>251</sup> Á íbúafundi á Höfn sem haldinn var í október

<sup>250</sup> Vegalög nr. 80/2007

<sup>251</sup> Ábendingar íbúa um viðfangsefni og áherslur í umhverfis- og skipulagsmálum

2023 kom einnig fram að draga ætti úr þungaumferð í bænum.<sup>252</sup>


**Með hliðsjón af framangreindu** hefur við endurskoðun aðalskipulagsins verið til umfjöllunar hvernig mætti útfæra þjóðveg um Höfn til að bæta umferðaröryggi og draga úr þungaflutningum á Hafnarbraut. Fjórir valkostir voru skoðaðir og er gerð grein fyrir hverjum og einum á næstu blaðsíðum og áhrif á umhverfi, samfélag og atvinnulíf metin út frá umhverfisþáttum sem tilgreindir eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.<sup>253</sup> Nákvæmni matsins er í samræmi við mat á áætlunarstigi.

Eftir skoðun á þessum valkostum og umfjöllun um umsagnir sem bárust við kynningu tillögu á vinnslustigi<sup>254</sup> hefur umhverfis- og skipulagsnefnd ákveðið að breyta ekki legu þjóðveggar frá gildandi aðalskipulagi. Ekki þykir tilefni til að breyta legunni að svo stöddu, m.a. með hliðsjón af því að starfsemi sem kallar á þungaumferð kann að færast norður fyrir bæinn á skipulagstímabilinu, sbr. landnotkunarreit VÞ-47 (áður VÞ-51) og stækkun reita AT-44 og 45 frá gildandi skipulagi (áður A&-2 og AT-3).

<sup>252</sup> [Alta 2023: Aðalskipulag Hornafjarðar. Höfn í nútíð og framtíð. Samantekt um íbúafund á Höfn.](#)

<sup>253</sup> [Lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana](#)

<sup>254</sup> Sbr. kynningu í Skipulagsgátt 6. júní-ágúst 2025



Fjórir valkostir um legu þjóðvegjar eru númeraðir með rauðu letri

Eftirfarandi tenglar vísa á umfjöllun um hvern valkost fyrir sig:

[Valkostur 0: Núverandi lega þjóðvegjar í þéttbýli](#)

[Valkostur 1: Aðalskipulag 2012-2030](#)

[Valkostur 2: Botn Sílavíkur](#)

[Valkostur 3: Aðalskipulag 1998-2008](#)

[Valkostur 4: Sama lega og í nr. 3 nema nær VP-51](#)

## Valkostur 0: Núverandi lega þjóðvegur í þéttbýli

### Lýsing á valkosti

**Eystri mörk þéttbýlisins á Höfn** mörkuðust lengi af Hafnarbraut og Víkurbraut og var Sílavík mun stærri en nú.<sup>255</sup> Í gegnum áratugina hefur orðið talsverð breyting á fjörum og leirum, bæði vegna landriss og landfyllinga. Fyllingarnar hafa gegnt tvennum tilgangi; annarsvegar að koma fyrir efni úr Hornafjarðarhöfn og innsiglingu hennar, sem sífellt þarf að dæla úr; og hinsvegar að skapa nýtt byggingarland sem var af skornum skammti í grennd eldri byggðar.<sup>256</sup> Vegna þessarar þróunar varð Hafnarbraut með tíð og tíma í miðju bæjarins í stað þess að vera á jaðri hans.

**Stór hluti íbúðarbyggðar** er nú vestan og norðan þjóðvegarsins en skóla- og íþróttasvæði eru austan og sunnan hans. Þetta þýðir að gönguleiðir meirihluta barna til og frá skóla liggja yfir þjóðveginn, ýmist yfir Hafnarbraut eða Víkurbraut, sem hefur skapað slyshættu.<sup>257</sup> Þegar Leiruhverfi og Hagahverfi eru fullbyggð þurfa enn fleiri íbúar að krossa brautirnar. Vegna þessa og þar sem búast má við aukinni umferð á Höfn, sbr. umfjöllun um meginforsendur í kaflanum hér á undan, er mikilvægt að skoða möguleika til að bæta umferðaröryggi á núverandi þjóðvegi, óháð því hvort hann verður færður eða ekki, þar sem Hafnarbraut og Víkurbraut verða áfram mikilvægar umferðaræðar í bænnum.

<sup>255</sup> Náttúrufræðistofnun: Loftmyndasjá

<sup>256</sup> Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2008

<sup>257</sup> Umferðaröryggisáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2018-2027

**Í umferðaröryggisáætlun sveitarfélagsins**<sup>258</sup> er gert ráð fyrir 50 km/klst hámarkshraða á stofnvegi. Það er í samræmi við viðmið Vegagerðarinnar, en það setur endurhönnun Hafnarbrautar og Víkurbrautar m.t.t. umferðaröryggis og virkra ferðamáta nokkrar skorður. Viðmið fyrir veghelgunarsvæði takmarkar líka nýtingu á landi innan bæjarins.<sup>259</sup>



Rauð lína sýnir núverandi legu þjóðvegur nr. 99.<sup>260</sup>

<sup>258</sup> Umferðaröryggisáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2018-2027

<sup>259</sup> Vegagerðin: Vegir og skipulag - veghelgunarsvæði

<sup>260</sup> Náttúrufræðistofnun: Kortasjá, Vegagerðin: Vegasjá

## Mat á valkosti 0: Núverandi lega þjóðvegjarins

Umhverfisþáttur	Kostir / jákvæð áhrif	Gallar / neikvæð áhrif
<b>Loftslag og náttúruvá</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Binding og losun kolefnis</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ekki hróflað við landi eða jarðvegi sem bindur CO<sup>2</sup> og engin losun CO<sup>2</sup> af þeim sökum.</li> </ul>	
<b>Vatn</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Yfirborðsvatn og votlendi</li> <li>• Strandsjór</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytir ekki vatni, votlendi eða strandsjó.</li> </ul>	
<b>Land og jarðvegur</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Berggrunnur</li> <li>• Jarðvegur, landrof</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ekki hróflað við landi eða jarðvegi. sem bindur CO<sup>2</sup>.</li> </ul>	
<b>Lífriki og líffr.l. fjölbr.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Búsvæði, dýralíf og gróður</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ekki hróflað við búsvæðum við ströndina.</li> </ul>	
<b>Landslag, jarðmyndanir, menningarminjar</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Landslagsgerðir, jarðminjar</li> <li>• Fornleifar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Engin breyting á landslagi og ekki hróflað við mögulegum minjum.</li> </ul>	
<b>Íbúar og heilbrigði, slyshætta, loftgæði</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Byggðarmynstur</li> <li>• Útivist og afþreying</li> <li>• Hreinleiki umhverfis</li> <li>• Umferðaröryggi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mögulegt að endurhanna Hafnarbraut til að stuðla að betra umferðaröryggi og styðja við virka ferðamáta, ef Vegagerðin og lögregla samþykkja lægri hámarkshraða en 50 km/klst.</li> <li>• Ekki farið yfir mögulegt byggingarsvæði norðan við bæinn.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sker bæinn í tvennt, m.a. vegna veghelgunarsvæða.</li> <li>• Þungaumferð, 50 km/klst hámarkshraði og mikil nálægð á kafla við íbúðarhús, íþróttasvæði og skólasvæði, með tilheyrandi slyshættu, umferðarhljóðum og loftmengun.</li> </ul>
<b>Efnisleg verðmæti</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samgöngumannvirki</li> <li>• Atvinnulíf</li> <li>• Verðmætt landbúnaðarland</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Núverandi samgöngumannvirki nýtt.</li> <li>• Ekki farið yfir landbúnaðarsvæði/óbyggt svæði norðan við bæinn. Það telst ekki verðmætt til akuryrkju eða matvælaframleiðslu en þar er beutiland og kartöflugarðar.</li> </ul>	

## Valkostur 1: Aðalskipulag 2012-2030

### Lýsing á valkosti


Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að leggja nýjan þjóðveg frá gatnamótum Hafnarbrautar og Dalbrautar, austur fyrir Merkishól og Syðrikletta og á landfyllingu eftir jaðri Leiruhverfis (ÍB2 á mynd til hliðar). Þjóðvegurinn mætir hafnarsvæðinu við gatnamót Sæbrautar og Álaugarvegjar en stofnvegur er sýndur áfram eftir Álaugarvegi, Víkurbraut og Óslandsvegi og inn á hafnarsvæði áformaðrar Faxeyrarhafnar.

Þessi lega eftir jaðri Leiruhverfis yrði á landfyllingu sem ennþá er að setjast og hefur því ekki enn verið deiliskipulögð. Mögulega þarf frekari fyllingu áður en hægt er að leggja veginn.



Landfylling og mörk deiliskipulagsreita við Sílavík<sup>261</sup>

<sup>261</sup> Deiliskipulag íbúðarsvæðis á Leirum samþ. 9.8.2007, deiliskipulag tjaldsvæðis og íbúðarsvæðis við Fiskhól samþ. 12.1.2017, deiliskipulag Hagahverfis samþ. 2.7.2024



Hvít tvöföld lína sýnir legu þjóðvegjar/stofnvegjar skv. Aðalskipulagi 2012-2030

## Mat á valkosti 1: Aðalskipulag 2012-2030

Umhverfisþáttur	Kostir / jákvæð áhrif	Gallar / neikvæð áhrif
<b>Loftslag og náttúruvá</b> • Binding og losun kolefnis	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ekki hróflað við miklu landi og losun CO<sup>2</sup> því minni en ella.</li> <li>• Styttri nýlagning vegar og losun því minni en ella.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hreyfir við leirum en þær binda kolefni.</li> </ul>
<b>Vatn</b> • Yfirborðsvatn og votlendi • Strandsjór	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytir ekki vatni eða strandsjó.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kallar á landfyllingar en land er jafnframt að rísa.</li> </ul>
<b>Land og jarðvegur</b> • Berggrunnur; • Jarðvegur, landrof	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kallar ekki á breytingar á berggrunni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kallar á landfyllingar en land er jafnframt að rísa.</li> </ul>
<b>Lífriki og líffr.l. fjölbr.</b> • Búsvæði, dýralíf og gróður		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hreyfir við leirum/búsvæðum við ströndina.</li> <li>• Gæti truflað fuglalíf.</li> </ul>
<b>Landslag, jarðmyndanir, menningarminjar</b> • Landslagsgerðir, jarðminjar • Fornleifar		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hreyfir við svæði á náttúruminjasrá C (nr. 629 Skarðsfjörður) en fyllt hefur verið upp í svæðið í kringum Sílavík í gegnum árin.</li> <li>• Hreyfir við svæði sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd, þ.e. leirur og lítt raskað votlendi skv. gögnum Náttúrufræðistofnunar.</li> </ul>
<b>Íbúar og heilbrigði, slysaætta, loftgæði</b> • Byggðarmynstur • Útivist og afþreying • Hreinleiki umhverfis • Umferðaröryggi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðir þungaumferð framhjá hluta bæjarins og dregur þannig úr slysaættu og bætir hljóðvist og loftgæði.</li> <li>• Önnur umferð um syðri hluta Hafnarbrautar kann að minnka þar sem hluti íbúa og ferðamanna velur nýju leiðina til að fara inn og úr bænum.</li> <li>• Flutningur þungaumferðar austur fyrir Leiruhverfi gefur kost á að endurhanna syðri hluta Hafnarbrautar fyrir lægri umferðarhraða og virka ferðamáta. Einnig verður hægt að byggja þar nær brautinni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þungaumferð og önnur umferð verður áfram framhjá íbúðarhverfum í norðurhluta bæjarins.</li> <li>• Önnur umferð verður áfram um syðri hluta Hafnarbrautar vegna þjónustu þar og ferðamenn kunna áfram að kjósa að aka inn í bæinn um hana, þar sem hún liggur að miðbæ.</li> <li>• Á jaðri íbúðarhverfis með tilheyrandi slysaættu, umferðarhljóðum og loftmengun. Klippir einnig Hagahverfi frá skóla- og íþróttasvæði.</li> <li>• 30 m breitt veghelgunarsvæði, skv. kröfum Vegagerðarinnar, tekur af mögulegu byggingarsvæði meðfram Hafnarbraut og í Leiruhverfi.</li> <li>• Hindrar beint aðgengi að syðri hluta Sílavíkur.</li> <li>• Börn í nýju íbúðarhverfi, Hagahverfi, þurfa að þvera veginn á leið í skóla.</li> </ul>
<b>Efnisleg verðmæti</b> • Samgöngumannvirki • Atvinnulíf • Verðmætt landbúnaðarland	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hluti núverandi vegar nýttur og því minni kostnaður við nýlagningu.</li> </ul>	

## Valkostur 2: Botn Sílavíkur

### Lýsing á valkosti

Vegagerðin hefur bent á þann möguleika að leggja veginn eftir botni Sílavíkur og þaðan austur og norður fyrir nýja a verslunar- og þjónustureitinn VP-51. Vegurinn færi því út af Hafnarvegi talsvert fyrir norðan núverandi byggð en lægi hinsvegar á jaðri nýja íbúðarhverfisins sem nýlega var deiliskipulagt á reit ÍB-5.

Vegagerðin bendir á að hægt væri að framkvæma þennan valkost í áföngum, þ.e. að leggja fyrst þann hluta sem er í samræmi við gildandi aðalskipulag með tengingu við Hafnarveg á suðurjaðri ÍB-5. Síðari áfangi væri svo að leggja veginn eftir botni Sílavíkur og norður fyrir bæinn.



Lega valkosti 2 eftir botni Sílavíkur, meðfram ÍB-5 og VP-51

## Mat á valkosti 2: Botn Sílavíkur

Umhverfisþáttur	Kostir / Jákvæð	Gallar / Neikvæð áhrif
<b>Loftslag og náttúruvá</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Binding og losun kolefnis</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ekki hróflað við miklu landi og losun CO<sup>2</sup> því minni en ella.</li> <li>• Styttri nýlagning vegar og losun því minni en ella.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hreyfir við leirum en þær binda kolefni.</li> </ul>
<b>Vatn</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Yfirborðsvatn og votlendi</li> <li>• Strandsjór</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kallar á landfyllingar en land er jafnframt að rísa.</li> </ul>
<b>Land og jarðvegur</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Berggrunnur</li> <li>• Jarðvegur, landrof</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kallar ekki á breytingar á berggrunni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kallar á landfyllingar en land er jafnframt að rísa.</li> </ul>
<b>Lífriki og líffr.l. fjölbr.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Búsvæði, dýralíf og gróður</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hreyfir við leirum/búsvæðum í Sílavík og gæti truflað botndýralíf og fuglalíf en í Skarðsfirði eru fjölmargar eyjar og sker.</li> </ul>
<b>Landslag, jarðmyndanir, menningarminjar</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Landslagsgerðir, jarðminjar</li> <li>• Fornleifar</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hreyfir við svæði á náttúruminjasrá C (nr. 629 Skarðsfjörður) en fyllt hefur verið upp í svæðið í kringum Sílavík í gegnum árin.</li> <li>• Hreyfir við svæði sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd, þ.e. leirur og lítt raskað votlendi skv. gögnum Náttúrufræðistofnunar.</li> </ul>
<b>Íbúar og heilbrigði, slysaætta, loftgæði</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Byggðarmynstur</li> <li>• Útivist og afþreying</li> <li>• Hreinleiki umhverfis</li> <li>• Umferðaröryggi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðir þungaumferð framhjá hluta bæjarins og dregur þannig úr slysaættu og bætir hljóðvist og loftgæði.</li> <li>• Önnur umferð um syðri hluta Hafnarbrautar kann að minnka þar sem hluti íbúa og ferðamanna velur nýju leiðina til að fara inn og úr bænum.</li> <li>• Flutningur þungaumferðar austur á jaðar bæjarins gefur kost á að endurhanna syðri hluta Hafnarbrautar fyrir lægri umferðarhraða og virka ferðamáta. Einnig verður hægt að byggja þar nær brautinni.</li> <li>• Engin börn þurfa að þvera þjóðveginn á leið í skóla skv. þeim svæðum sem þegar hafa verið skipulögð sem íbúðarbyggð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þungaumferð og önnur umferð verður áfram framhjá íbúðarhverfum í norðurhluta bæjarins. Nýtt Hagahverfi, ÍB-5, rammast inn af stofnvegum á þrjá vegu, en hverfið var m.a. deiliskipulagt út frá greiðu aðgengi að útivistarsvæði við strönd.</li> <li>• Önnur umferð verður áfram um syðri hluta Hafnarbrautar vegna þjónustu þar og ferðamenn kunna áfram að kjósa að aka inn í bæinn um hana, þar sem hún liggur að miðbæ.</li> <li>• Á jaðri íbúðarhverfis með tilheyrandi slysaættu, umferðarhljóðum og loftmengun..</li> <li>• 30 m breitt veghelgunarsvæði, skv. kröfum Vegagerðarinnar, tekur af mögulegu byggingarsvæði í Leiruhverfi.</li> <li>• Hindrar beint aðgengi að syðri hluta Sílavíkur.</li> </ul>
<b>Efnisleg verðmæti</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samgöngumannvirki</li> <li>• Atvinnulíf</li> <li>• Verðmætt landbúnaðarland</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hluti núverandi vegar nýttur og því minni kostnaður við nýlagningu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Færslan er rétt utan við áætluð uppbyggingarmörk á skipulagstímabilinu og því líklegt að þrýstingur um frekari færslu myndist tiltölulega fljótt aftur. Tímabundin lausn.</li> </ul>

## Valkostur 3: Aðalskipulag 1998-2008

### Lýsing á valkosti

**Pessi valkostur tekur mið af eldra aðalskipulagi** þar sem gert var ráð fyrir að þjóðvegurinn lægi í sveigju til austurs frá Miðfjánhúshóli norðan við bæinn, þaðan niður á Ægissíðu og á brú yfir á Lyngey og að hafnarsvæði.<sup>262</sup>

**Horft er aftur til þessa valkosta nú** af eftirtöldum ástæðum:

- Aukinnar umferðar um Hafnarbraut í nútíð og framtíð, vegna ferðamannastraums og vaxtar bæjarins, sbr. uppbyggingu Hagahverfis og miðbæjar auk ferðapjónustu á Óslandi.
- Aukinnar þungaumferðar vegna athafnanastarfsemi á Óslandi og áformaðrar Faxaeyrarhafnar.
- Slysahættu, einkum við skóla- og íþróttasvæði.
- Landriss sem eykst með hörfun jökla og reikna má með að leirur þurrkist upp, a.m.k. að einhverju leyti.<sup>263</sup> Sílavík kann að þorna upp sem gefur kost á að koma þar fyrir jarðefni úr höfninni og innsiglingu hennar, en þörf dýpkun er viðvarandi. Þarna gæti því skapast möguleiki á framtíðarbyggðarsvæði. Við það yrði bærinn hringlaga sem styður við markmið um 20-mínútna bæ.
- Möguleika á þróun bæjarins til norðurs til lengri tíma litið.

**Ljóst er að um dýra framkvæmd** er að ræða, sérstaklega ef þarf brú frekar en ræsi á milli Lyngeyjar og Ægissíðu.

**Sílavík er innan svæðis á náttúruminjakrá C** (nr. 629 Skarðsfjörður) og Skarðsfjörður er á lista Bird Life International

<sup>262</sup> Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2008.

<sup>263</sup> Náttúrustofa Suðausturlands 2024: Landris og leirurnar við Höfn í Hornafirði. Minnisblað

yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.<sup>264</sup> Landris kann að breyta aðstæðum í Sílavík á næstu áratugum. Í minnisblaði<sup>265</sup> sem Náttúrustofa Suðausturlands tók saman fyrir sveitarfélagið, um mögulegar afleiðingar af landrasi á leirurnar í Hornafirði og Skarðsfirði kemur fram að leirur og strandlón við Höfn eru mikilvæg vistkerfi sem byggjast upp á lífauðgi sem er undirstöðuatriði fyrir lífverur ofar í fæðukeðjunni, svo sem fugla og fiska. Í minnisblaðinu eru vísað í rannsóknir frá 2014 sem benda til að land gæti risið m 0,7-1,0 m til ársins 2050 vegna hörfunar jökla og jarðeðlisfræðilegra eiginleika jarðskorpunnar. Í minnisblaðinu er einnig vísað í mælingaröð sem nær nú til 27 ára sem gefur til kynna að meðaltal landrissins sé enn nálægt 13 mm/ár. Út frá henni megi áætlað að landið við Höfn gæti hækkað um 42 cm á næstu 30 árum og allt að 84 cm á næstu 60 árum. Spár um hækkun hnattræns meðalsjavarborðs á sama tímabili eru bilinu 6-11,5 mm á ári fram til ársins 2100. Hinsvegar er óvissa um hve mikil sjavarborðshækkun komi til með að eiga sér stað við landið og hvort hún haldist með hækkandi hnattrænu meðalsjavarborði.<sup>266</sup>


**Um breytingar sem kunna að verða á vistgerðum** vegna landrissins segir í framangreindu minnisblaði: „Ef hækkun sjávar heldur ekki í við landris gæti sá hluti leirunnar sem stendur upp úr sjónum á fjöru aukist. Ef leirurnar sem liggja næst landi hækka svo það flæði sjaldnar yfir þær má búast við því að fitjagróður nemi þar land.“ Einnig segir að sjávarfitjar sem flokkast til sjávarfitjungsvistar og gulstararfitjavistar kunni að nema land á

<sup>264</sup> Fuglavernd: Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði

<sup>265</sup> Náttúrustofa Suðausturlands 2024: Landris og leirurnar við Höfn í Hornafirði. Minnisblað

<sup>266</sup> Náttúrustofa Suðausturlands 2024: Landris og leirurnar við Höfn í Hornafirði. Minnisblað

leirum sem koma á þurrt en þar sem sjávaráhrifa gætir áfram. Þessar tvær vistgerðir sem og leirur eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 og njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.



*Hvít tvöföld lína sýnir legu Þjóðveggar/stofnveggar skv. eldra aðalskipulagi*


### Mat á valkosti 3: Aðalskipulag 1998-2008

Umhverfisþáttur	Kostir / jákvæð áhrif	Gallar / neikvæð áhrif
<b>Loftslag og náttúruvá</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Binding og losun kolefnis</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Losun CO<sup>2</sup> vegna framkvæmda á óbyggðu landi en stærstur hluti landsins hefur þó verið framræstur.</li> </ul>
<b>Vatn</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Yfirborðsvatn og votlendi</li> <li>• Strandsjór</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kallar á landfyllingu/ræsi/brú á milli Ægissíðu og Lyngeyjar sem kann að hafa áhrif á flæði sjávar inn og út úr Sílavík.</li> </ul>
Land og jarðvegur <ul style="list-style-type: none"> <li>• Berggrunnur</li> <li>• Jarðvegur, landrof</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kallar á landfyllingu/ræsi milli Ægissíðu og Lyngeyjar.</li> <li>• Fer yfir óbyggt landbúnaðarland norðan bæjar.</li> </ul>
Lífríki og líffr.l. fjölbreytni <ul style="list-style-type: none"> <li>• Búsvæði, dýralíf og gróður</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hreyfir lítillega við leirum/búsvæðum í Sílavík.</li> </ul>
Landslag, jarðmyndanir, menningarminjar <ul style="list-style-type: none"> <li>• Landslagsgerðir.</li> <li>• Jarðminjar</li> <li>• Fornleifar</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lokar mögulega fyrir hluta Sílavíkur en víkin kann að þorna upp vegna landriss.</li> <li>• Hreyfir við svæði sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd, þ.e. leirur og lítt raskað votlendi skv. gögnum Náttúrufr.stofnunar.</li> <li>• Liggur yfir óbyggt landbúnaðarland.</li> <li>• Mögulega þarf að taka klöpp/klappir niður.</li> </ul>
<b>Íbúar og heilbrigði, slysaætta, loftgæði</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Byggðarmynstur</li> <li>• Útivist og afþreying</li> <li>• Hreinleiki umhverfis</li> <li>• Umferðaröryggi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðir þungaumferð framhjá bænum og því minni slysaætta, meira umferðaröryggi og bætt hljóð- og loftgæði í byggðinni. Ekki þarf að fara yfir stofnbraut á leið í skóla eða vinnu.</li> <li>• Önnur umferð um Hafnarbraut kann að minnka þar sem hluti íbúa og ferðamanna velur nýju leiðina til að fara inn og út bænum.</li> <li>• Hægt að beina rútum nýju leiðina.</li> <li>• Gefur kost á að endurhanna Hafnarbraut fyrir lægri umferðarhraða og virka ferðamáta. Einnig verður hægt að byggja nær brautinni.</li> <li>• Getur rammað bæinn inn með því að marka norðurmörk hans.</li> <li>• Bærinn getur stækkað áfram til norðurs að veghelgunarsvæðinu.</li> <li>• Ef land rís áfram og Sílavík þornar upp, verður til nýtt byggingarland þar innan nýja stofnvegarins sem styður við 20-mínútna bæ.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umferð verður áfram um Hafnarbraut vegna þjónustu þar og a.m.k. hluti ferðafólks og íbúa muna áfram að kjósa að aka inn og út úr bænum um eldri leiðina.</li> <li>• Skerðir aðgengi að Ægissíðu sem útivistarsvæðis.</li> </ul>
<b>Efnisleg verðmæti</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samgöngumannvirki</li> <li>• Atvinnulíf</li> <li>• Verðmætt landbúnaðarland</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bætir aðgengi þungaumferðar að athafnasvæði og hafnarsvæði.</li> <li>• Veitir möguleika á að fegra og bæta göturými þar sem eru þjónustustarfsemi, sem aftur getur bætt aðgengi og aðdráttarafl. Hægt að byggja upp bæði þjónustu, verslun og íbúðir innan við veginn í áratugi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Langur nýr vegur og möguleg brú er dýr framkvæmd.</li> </ul>

## Valkostur 4: Sama lega og í nr. 3 nema nær VP-51

### Lýsing á valkosti

Þessi valkostur liggur yfir Ægissíðu líkt og valkostur 3 en sker sig frá honum með því að liggja vestar fyrir norðan bæinn (gul lína á mynd til hliðar). Reitir á milli vegarins og Hafnarvegjar eru því minni en ella.



Valkostur 4 (gul lína) liggur yfir Ægissíðu, að jaðri VP-51 og þar í norður að Hafnarvegi

## Mat á valkosti 4: Sama lega og í nr. 3 nema nema nær VP-51

Umhverfisþáttur	Kostir / Jákvæð áhrif	Gallar / Neikvæð áhrif
<b>Loftslag og náttúruvá</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Binding og losun kolefnis</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Losun CO<sup>2</sup> vegna framkvæmda á óbyggðu landi.</li> </ul>
<b>Vatn</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Yfirborðsvatn og votlendi</li> <li>• Strandsjór</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kallar á landfyllingu/ræsi/brú á milli Ægissíðu og Lyngeyjar sem kann að hafa áhrif á flæði sjávar inn og út úr Sílavík.</li> </ul>
<b>Land og jarðvegur</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Berggrunnur.</li> <li>• Jarðvegur, landrof</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kallar á landfyllingu/ræsi milli Ægissíðu og Lyngeyjar.</li> <li>• Fer yfir óbyggt landbúnaðarland norðan bæjar.</li> </ul>
<b>Lífriki og líffr.l. fjölbr.</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Búsvæði, dýralíf og gróður</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hreyfir lítillaga við leirum/búsvæðum í Sílavík.</li> </ul>
<b>Landslag, jarðmyndanir, menningarminjar</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Landslagsgerðir, jarðminjar</li> <li>• Fornleifar</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lokar mögulega fyrir hluta Sílavíkur en víkin kann að þorna upp vegna landriss.</li> <li>• Hreyfir við svæði sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd, þ.e. leirur og lítt raskað votlendi skv. gögnum Náttúrufrr.stofnunar.</li> <li>• Liggur yfir óbyggt landbúnaðarland.</li> <li>• Mögulega þarf að taka klöpp/klappir niður.</li> </ul>
<b>Íbúar og heilbrigði, slysaþætta, loftgæði</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Byggðarmynstur</li> <li>• Útivist og afþreying</li> <li>• Hreinleiki umhverfis</li> <li>• Umferðaröryggi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýtist fyrir aðgengi að VP-51. Leiðir þungaumferð framhjá bænum og því minni slysaþætta, meira umferðaröryggi og bætt hljóð- og loftgæði í byggðinni. Ekki þarf að fara yfir stofnbraut á leið í skóla eða vinnu.</li> <li>• Önnur umferð um Hafnarbraut kann að minnka þar sem hluti íbúa og ferðamanna velur nýju leiðina til að fara inn og út bænum.</li> <li>• Hægt að beina rútum nýju leiðina.</li> <li>• Gefur kost á að endurhanna Hafnarbraut fyrir lægri umferðarhraða og virka ferðamáta. Einnig verður hægt að byggja nær brautinni.</li> <li>• Getur rammað bæinn inn með því að marka norðurmörk hans.</li> <li>• Bærinn getur stækkað áfram til norðurs að veghelgunarsvæðinu.</li> <li>• Ef land rís áfram og Sílavík þornar upp, verður til nýtt byggingarland þar innan nýja stofnvegarins sem styður við 20-mínútna bæ.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umferð verður áfram um Hafnarbraut vegna þjónustu þar og a.m.k. hluti ferðafólks og íbúa muna áfram að kjósa að aka inn og út úr bænum um eldri leiðina.</li> <li>• Skerðir aðgengi að Ægissíðu sem útivistarsvæði.</li> </ul>
<b>Efnisleg verðmæti</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samgöngumannvirki</li> <li>• Atvinnulíf</li> <li>• Verðmætt landbúnaðarland</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bætir aðgengi þungaumferðar að athafnasvæði og hafnarsvæði.</li> <li>• Veitir möguleika á að fegra og bæta göturými þar sem eru þjónustustarfsemi, sem aftur getur bætt aðgengi og aðdráttarafl.</li> <li>• Hægt að byggja upp bæði þjónustu, verslun og íbúðarsvæði innan við veginn í áratugi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Langur nýr vegur og möguleg brú er dýr framkvæmd.</li> </ul>

## 9. Helstu breytingar í dreifbýli



## 9.1 Breytingar sem eiga við alla landnotkunarflokka

**Allir reitir sem eru 5 ha að stærð eða minni** eru táknaðir með hringtákni á skipulagsuppráttum. Mörk og stærð reitanna innan þessara marka skal ákveðin í deiliskipulagi.

**Sett eru almenn ákvæði fyrir alla landnotkunarflokka** og þar sem við á eru sett sértæk ákvæði fyrir einstaka landnotkunarreiti. Almennu ákvæðin eru ítarlegri en í fyrra aðalskipulagi, í þeim tilgangi að stuðla að því að vel sé staðið að deiliskipulagi og framkvæmdum og að þær séu í samræmi við markmið sveitarfélagsins sem eru í stefnuhluta aðalskipulagsins. Sjá kafla 4, 5 og 6 í skipulagsgreinargerð og skýringar við stefnuna í samsvarandi köflum í þessari forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

**Gistirými er alls staðar talið sem gistirúm** en í fyrra aðalskipulagi gat orðið gistirými ýmist táknað herbergi eða rúm.

## 9.2 Óbyggð svæði, landbúnaðarsvæði, strandsvæði og skógræktarsvæði

**Svæði sem hafa bæst við Vatnajökulspjóðgarð** eru færð úr flokki landbúnaðarsvæða í óbyggð svæði.

**Sett eru almenn ákvæði um að minni áningarstaðir** séu heimilir á óbyggðum svæðum og að innan þjóðgarðs séu þeir í samræmi við stefnu og ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar. Slíkir reitir í fyrra aðalskipulagi voru skilgreindir sem afþreyingar og ferðamannasvæði (AF-reitir) en falla nú út. Almenn ákvæði fyrir landbúnaðarsvæði heimila einnig minni áningarstaði án þess að AF-reitur sé afmarkaður fyrir þá í aðalskipulagi.

**Allt friðlandið í Lónsöræfum** er sett í flokk óbyggðra svæða í samræmi við markmið friðlýsingar. Mörk gagnvart landbúnaðarsvæðum eru jafnframt lítillega lagfærð.

**Hverfisverndarsvæði í Hoffellsdal** er fært úr flokki landbúnaðarsvæða í óbyggð svæði í samræmi við ákvæði hverfisverndar í fyrra aðalskipulagi. Hverfisverndin fellur við það út.

**Hverfisvernd á svæði neðan Fláajökuls og Heinabergsjökuls** (Öldur og Flateyjaraurar) felld út þar sem forsendur hennar liggja ekki fyrir og almenn ákvæði á landbúnaðarsvæðum eru talin nægja til verndar, enda eru þau sambærileg við hverfisverndarákvæði í fyrra aðalskipulagi.

**Hverfisvernd votlendis í Lambey** er felld út þar sem gildandi ákvæði þar ganga ekki lengra en almenn ákvæði fyrir landbúnaðarsvæði.

**Þorgeirsstaðafjara og Papafjörður** er færður úr flokki landbúnaðarsvæða í flokk strandsvæða í samræmi við sambærileg svæði í Hornafirði, Skarðsfirði og Lónsfirði.

**Sett eru ítarlegri almenn skipulagsákvæði** fyrir landbúnaðarsvæði um starfsemi og mannvirkjagerð sem er heimil á svæðunum.

**Sett eru almenn ákvæði um nýskógrækt** og ítarleg ákvæði um framkvæmdaleyfi fyrir nýskógrækt. Öll nýskógrækt sem er  $\geq 10$  ha er framkvæmdaleyfisskyld. Mörkin miða við hvað lágmarksstærð sem þarf til að fá opinberan stuðning.<sup>267</sup>

**Sett er 25 ha hámarksstærð á nýskógrækt** á landbúnaðarsvæðum. Ef farið er yfir mörkin þarf að afmarka skógræktarsvæði (SL-reit) með aðalskipulagsbreytingu. Núverandi samningssvæði við Land og skóg sem eru yfir þessum mörkum eru færð inn á skipulagsuppdrætti dreifbýlis.

**Ný almenn ákvæði á landbúnaðarsvæðum** heimila stök frístundahús og stök íbúðarhús og því þarf ekki að afmarka frístundabyggðarreit/íbúðarbyggðarreit fyrir þau.

<sup>267</sup> Land og skógur: Skógrækt á lögbýlum

## 9.3 Íbúðarbyggð

**Sett er stefna um fjóra sveitarkjarna;** í Hofi, að Hrollaugsstöðum, í Holti og Nesjahverfi.

**Svæði fyrir íbúðarbyggð í Hofi/Hofgarði er stækkað** og sameinað reit fyrir samfélagsþjónustu.

**Nýr íbúðarreitur er skilgreindur að Hrollaugsstöðum** á svæði sem áður var innan VP-reits.

**Sett eru nánari almenn og sértæk ákvæði** fyrir íbúðarbyggðarreitina.

**Nánari skýringar við skipulag íbúðarhúsnæðis** í dreifbýli er í kafla 9.8.

## 9.4 Verslun og þjónusta og afþreyingar- og ferðamannasvæði

**Sett eru ítarlegri almenn skipulagsákvæði** fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu á VP-reitum.

**Sett eru almenn skipulagsákvæði um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis** á VP-reitum sem eru á eða við bæjartorfur. Sjá nánari umfjöllun í kafla 9.8.

**Skilgreindur er nýr VP-reitur í landi Freysness (VP-880)** við fyrirhuguð gatnamót nýs og eldri Hringveggar, neðan Skaftafells. Þar er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir ferðaþjónustuaðila, verslun og

veitingaaðstöðu ásamt fjölorkustöð.

**Skilgreindur er nýr VP-reitur í landi Freysness (VP-650)** við afleggjara að þjónustusvæði Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli. Þar er gert ráð fyrir gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónustu, auk íbúða. Hámarks umfang er 120 gistirúm, 15 íbúðir. Sjá nánari umfjöllun í kafla 9.8.

**Heimiluð er uppbygging allt að 15 íbúða á reit VP-44** í landi Skaftafells III og IV. Sjá nánari umfjöllun í kafla 9.8.

**Skilgreindur er nýr AF-reitur við veginn að Múlagljúfri (AF-332).** [Reitur settur inn skv. óskum sveitarfélagsins eftir afgr. umhverfis- og skipulagsnefndar 18.2.2026]

**Gert er ráð fyrir nýjum VP-reit á jörðinni Byrgi í Borgarhöfn, Suðursveit (VP-480).** Sjá viðauka við þessa umhverfismats-skýrslu. [Reitur settur inn skv. óskum sveitarfélagsins eftir afgr. umhverfis- og skipulagsnefndar 18.2.2026]

**Skilgreindur er nýr AF-reitur fyrir áningarstað** við Svínafellsjökul, í landi Freysness í Örafum (AF-650).

**AF-reitir innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir minniháttar áningarstöðu** eru felldir út og gert ráð fyrir að þeir séu ákveðnir í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.

## 9.5 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

**Svæðum er ekki fjölgað frá fyrra aðalskipulagi en sett eru nánari ákvæði** um málsmeðferð g skýrum kröfum til gagna með framkvæmdaleyfisumsókn, sem m.a. er ætlað að stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfisáhrifa við ákvörðun um magn, mörk

reits og tilhögun efnistöku. Sjá einnig skýringar í kafla 9.14 í skipulagsgreinargerð.

## 9.6 Þjóðvegur 1

**Leggja þjóðvegur í Örafum** var til umfjöllunar við mótun aðalskipulagsins þar sem íbúar hafa kallað eftir öðrum legukostum en í gildandi aðalskipulagi. Vegagerðin vinnur að rannsóknum og skilgreiningu valkosta en sú vinna er ekki komin nógu langt til að hægt sé að fjalla nánar um hana í þessari aðalskipulagstillögu. Valkostir verða metnir skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða þegar þeir liggja fyrir og gerð aðalskipulagsbreyting með tilheyrandi kynningu, umsögnum og athugasemdafresti.

**Leggja þjóðvegur í Lóni** er sýnd í samræmi við áætlanir Vegagerðarinnar og er óbreytt frá fyrra aðalskipulagi.

## 9.7 Náttúruvá

**Unnið hefur verið hættumat vegna mögulegs berghlaups** í Svínafellsheiði í Örafum. Hættumatið er tvískipt og nær annars vegar til ársins 2040 og hinsvegar 2070. Ástæður þess eru að hættan breytist eftir því sem lón framan við Svínafellsjökul stækkar samfara áætlaðri hopun jökulsins. Hættan fyrir mannvirki sem af berghlaupinu stafar er fyrst og fremst vegna vatnsflóðs þegar berg fellur í lónið fyrir framan jökulinn.<sup>268</sup>

<sup>268</sup> Veðurstofa Íslands 2025: Hættumat fyrir svæðið neðan Svínafellsjökuls vegna berghlaups úr Svínafellsheiði.

Á skipulagsupprætti eru sýndar hættumatslínur fyrir árið 2040 en í aðalskipulagsvefsjá má einnig sjá línur fyrir árið 2070 til viðmiðunar. Sveitarfélagið leggur áherslu á að við gerð deiliskipulags og veitingu leyfa sé litið til hættumats til lengri tíma, þ.e. til 2070. Ennfremur leggur sveitarfélagið áherslu á að hættumatið sé endurskoðað reglulega eftir því sem breytingar á svæðinu kalla á.

Í umsögn um aðalskipulagstillögu á vinnslustigi benti Skipulagsstofnun á að lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, gildi ekki beinlínis um hættumat vegna vatnsflóða, og þ.a.l. gilda reglugerðir settar á grunni laganna ekki um slíkar aðstæður. Hins vegar er byggt á því í aðalskipulaginu og tekið fram, að miðað sé við reglugerð nr. 505/2000 í skipulagsákvæðum varðandi slík hættusvæði, enda koma þar fram viðmið sem eru í raun einu tiltæku viðmiðin sem sækja má í löggjöf um slík málefni. Sú staða að lög nr. 29/1997 og þ.a.l. reglugerðir settar á grunni laganna hafi takmarkað gildissvið vegna vatnsflóða hefur m.a. komið fram í bréfum ráðuneytisins til sveitarfélagsins varðandi málefni hættusvæðis vegna sprungu í Svínafellsheiði.


Í aðalskipulagstillögu er takmörkun á byggingarheimildum byggð á hættumatslínunum fyrir árið 2040 og byggir sú ákvörðun á eftirfarandi:

- **Margvísleg óvissa er í forsendum hættumatsins** s.s. um stærð, tímasetningu og hegðun eftir að berghlaup fellur og um stærð lóns sem hlaupið fellur í.<sup>269</sup>

<sup>269</sup> Kynning á hættumati vegna berghlaups úr Svínafellsheiði 27. mars 2025

- **Reiknað er með að vöktun sprungunnar** og viðbragðsáætlun Almannavarna veiti svigrúm til rýminga ef/þegar hætta steðjar að. Rétt er þó að taka fram að óvissa er í vöktuninni sbr. kynningu Veðurstofunnar í mars 2025.<sup>270</sup>
- **Reikna má með að áætlanir fyrir ferðaþjónustu** í Freysnesi, með tilheyrandi íbúðarhúsnæði fyrir starfsfólk horfi til 15-20 ára fremur en 50 ára, sbr. einnig skipulagstímabil tillögu að nýju aðalskipulagi sem er 2025-2040. Í samhengi við þetta er hér eftirfarandi dregið fram sem kom fram í glærुकynningu Veðurstofunnar á íbúafundi í mars 2025:

Hættumat sem miðast við núverandi aðstæður og þróun til 20 ára er hugsað fyrir ákvarðanir sem tengjast núverandi umsvifum, t.d. ákvörðun um viðbyggingar eða nýjar byggingar sem ekki breyta heildaráhættu umtalsvert.




Glæra úr kynningu Veðurstofunnar 27.3.2025

Á grunni framangreinds eru sett skipulagsákvæði fyrir hættusvæði A sem eru í samræmi við ákvæði um nýtingu slíkra svæða í 19. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Þar segir um hættusvæði A:

<sup>270</sup> Kynning á hættumati vegna berghlaups úr Svínafellsheiði 27. mars 2025

„Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II.“

Ekki er gert ráð fyrir byggingum á hættusvæði B og C. Mörkum landnotkunarreita er þó ekki breytt frá gildandi aðalskipulagi, heldur er gert ráð fyrir að þau verði uppfærð við deiliskipulagsgerð en á Freysmörk þarf að breyta deiliskipulagi vegna hættumatsins. Sjá einnig umfjöllun um íbúðarhúsnæði í dreifbýli í næsta kafla.



*Hættusvæði A er innan gulu breiðu línunnar skv. hættumati fyrir árið 2040. Sjá nánar í [aðalskipulagsvefsjá](#)*

## 9.8 Skýringar við skipulagsákvæði um íbúðarhúsnæði í dreifbýli

Við mótun nýs aðalskipulags hefur þróun íbúðarbyggðar í dreifbýli verið til umræðu og þá sérstaklega í Öræfum þar sem húsnæði vantar. Í þessum kafla er farið yfir:

- Hvað segir um íbúðir í gildandi aðalskipulagi.
- Hvaða hugmyndir og óskir hafa komið fram um íbúðarbyggð, þ.m.t. í landeigendakönnun og á íbúafundum.
- Hvaða áherslur liggja til grundvallar skipulagsákvæða um íbúðar í dreifbýlinu.

### Gildandi aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi eru skilgreind fjögur „hrein“ íbúðarsvæði, eitt í hverri sveit (ef Hrollaugstaðir eru meðtaldir þar sem tillaga að aðalskipulagsbreytingu hefur verið kynnt<sup>271</sup>). Á tilteknum verslunar- og þjónustusvæðum er einnig gert ráð fyrir íbúðarbyggð, sbr. kortið að neðan. Auk þess heimilar aðalskipulagið uppbyggingu á tilteknum bæjarhlöðum/bæjartorfum, sbr. aðalskipulagsbreytingu sem samþykkt var árið 2023.



Í framangreindri aðalskipulagsbreytingu um „þéttingu byggðar á landbúnaðarlandi á bæjartorfum“ segir: „Heimilt er að byggja upp íbúðarhúsnæði, á landbúnaðarlandi, á þeim „bæjarhlöðum“ sem vísað er til í kafla 7.1 Ferðapjónusta, í samræmi við stefnu sem sett er fram í kafla 7.1.1 um uppbyggingu. Uppbygging íbúðarhúsnæðisins er tengd uppbyggingu ferðapjónustu og skal ávallt deiliskipulögð.“

Hugtakið „bæjartorfa“ er notað í heiti aðalskipulagsbreytingar en í kafla 7.1 í gildandi aðalskipulagi er talað um „bæjarhlöð“ og eru þau þar listuð eftir því hvaða „megin-seglum“ í ferðapjónustu þau tengjast:

### Segull 1: Skaftafell / Öræfi

Bæjarhlöð: Freysnes, Svínafell, Hof, Fagurhólsmýri og Hnappavellir.

<sup>271</sup> [hornafjordur.is](http://hornafjordur.is): Aðal- og deiliskipulag á Hrollaugstöðum

## **Segull 2: Jökulsárlón / Breiðamerkursandur**

Bæjarhlöð: Reynivellir og Breiðabólsstaðartorfa.

## **Segull 3: Þormóðshnúta / Kálfafellsdalur / Suðursveit**

Bæjarhlöð: Miðþorp, Borgarhöfn, Vagnsstaðir, Uppsalar og Smyrlabjörg.

## **Segull 4: Skálafell / Hjallanes / Heinaberg / Haukafell / Mýrar**

Bæjarhlöð: Á Skálafelli og á Mýrum [ath. ekki er ljóst hvort átt er við öll bæjarhlöð á Mýrum].

## **Segull 5: Hoffell / Núpar / Hoffellsdalur / Nes**

Bæjarhlöð: Nesjahverfi og innbæir í Nesjum [ath. ekki er ljóst hvort átt er við öll bæjarhlöð innbæja á Mýrum].

## **Segull 6: Kollumúli / Lónsöræfi / Lón**

Bæjarhlöð: í Lóni (Stafafell, Brekka og Þórisdalur) [ath. ekki er ljóst hvort átt er við alla bæi í Lóni eða einungis þá þrjá sem taldir eru upp í sviga].

Eins og sjá má í listanum, þá eru tilteknar bæjartorfur tilgreindar nema á Mýrum, í Nesjum og í Lóni. Ekki er því ljóst hvort ákvæði þar eiga við við öll bæjarhlöð/allar bæjartorfur. Skipulagsákvæði nýs aðalskipulags miða að því að skýra þetta, með því m.a. að skilgreina hvað átt er við með bæjartorfum.

## **Óskir og hugmyndir um íbúðarbyggð í Öræfum**

Á vinnslutíma tillögu að nýju aðalskipulagi hafa komið fram hugmyndir og/eða óskir um íbúðarbyggð á eftirfarandi stöðum:

**Skaftafelli I**, þ.e. í Sandaseli sem skilgreint er sem afþreyingar-

og ferðaþjónustusvæði (AF-21).

**Skaftafelli III og IV** sem nú er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði (VP-44).

**Freysnesi** á hluta reits sem nú er skilgreindur sem frístundabyggð (F-17) og á nýjum reit í grennd Skaftafells.

**Svínafelli**, á bæjartorfunni, sem skilgreind er sem verslunar- og þjónustusvæði (VP-32).

**Hofgarði/Borgartúni**, stækkun núverandi svæðis fyrir íbúðarbyggð (ÍB-13).

Á **íbúafundum** sem haldnir voru í nóvember 2023 kom fram að fjölga þurfi íbúðarhúsnæði og styrkja byggðakjarna í dreifbýli með fjölbreyttum húsakosti og þjónustu. Þátttakendum fannst að halda ætti í núverandi byggðarmynstur, þ.e. torfurnar og huga að heildarmynd og landslagi við uppbyggingu. Fundargestum var umhugað um að auka húsnæði til að stuðla að fastri búsetu fólks í sveitunum. Talið var að draga þyrfti úr því að starfsfólk sé háð vinnuveitanda sínum um húsnæði. Tillögur þátttakenda um hvernig má ná þessu markmiði voru meðal annars að byggja leiguíbúðir og hagstæðar litlar íbúðir fyrir einstaklinga og pör og fyrir fólk sem er ekki með tengsl við landbúnað. Nánar tiltekið voru helstu skilaboðin um dreifingu íbúðarbyggðar þessi:

- **Halda í byggðarmynstur og byggja upp kjarna en ekki of dreifða byggð.** Skipulag nýrrar byggðar sé í samræmi við það sem fyrir er, t.d. torfurnar. Tekið sé tillit til íbúa og til byggðasögunnar. Núverandi byggðarkjarnar verði styrktir, t.d. Hrollaugsstaðir og Hofgarður. Hugað verði að heildarmyndinni þegar verið er að byggja hús, þ.e. ef það eru

byggð stök hús víða rýrnar landslag og náttúra.


- **Fólk hafi samt einnig kost á að búa sér.** Sumt fólk sem velur að búa t.d. í Öræfum er að sækjast eftir því að vera eitt, ekki í kjarna. Fólk vill fjölbreytni.
- **Halda byggðinni öðru megin við Hringveginn** til að auka öryggi íbúa.

Á íbúafundi í Öræfum í október 2024 var aftur rætt um þróun íbúðarbyggðar í sveitinni og þar spurt spurninganna á myndinni að neðan þeir sem tjáðu sig á fundinum virtust sammála um að dreifa mætti byggðinni og að uppbygging réðist af vilja landeigenda.

*Hvert á að beina íbúðauppbýggingu í Öræfum?*

*Hvaða svæði koma til greina og hverjir eru kostir og gallar þeirra?*

- Hofgarður / Borgartún ?
  - Svínafell ?
  - Freysnes ?
  - Skaftafell III og IV ?
  - Aðrir?
- **Veðurskilyrði**
  - **Þjónusta**
  - **Störf**
  - **Öryggi**



*Hverjir eru kostir og gallar þess að*

- dreifa íbúðum á nokkur/mörg minni íbúðarsvæði?
- þjappa íbúðum saman í einn eða fáa kjarna?

## Tillögur að nýju aðalskipulagi

Með hliðsjón af framkomnum sjónarmiðum, hugmyndum og óskum, voru settar fram tillögur að stefnu, áherslum og almennum ákvæðum fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli.

Í stefnuhluta aðalskipulagstillögu á vinnslustigi eru einkum eftirfarandi markmið sem varða íbúðarhúsnæði í dreifbýli:

### ÍL.1 Fjölga fjölbreyttum húsnæðismöguleikum fyrir alla aldurs- og félagshópa með því að:

- Gera ráð fyrir íbúðarsvæðum bæði í þéttbýli og dreifbýli sem svara sem best áætlaðri eftirspurn og skipulagsákvæði þeirra tryggi fjölbreytni í húsagerðum og íbúðastærðum.
- Veita möguleika á stökum íbúðarhúsum á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búskap.
- Veita möguleika á áframhaldandi þróun Nesjahverfis sem íbúðarsvæðis og gera ráð fyrir íbúðar- og þjónustukjarna í hverri sveit.

### BB.2 Styrkja byggð í dreifbýli með því að:

- Stuðla að fjölgun starfa í dreifbýli með möguleika á aukinni húsnæðisuppbyggingu þar, ýmist í stærri íbúðarkjarna í hverri sveit, í minni hverfum á eða við bæjartorfur, eða stökum húsum við núverandi býli, samkvæmt almennum og sértækum ákvæðum fyrir viðeigandi landnotkunarflokka.

### BB.3 Stuðla að því að þróun byggðarmynsturs í sveitunum taki mið af menningarlandslagi þeirra með því að:

- Staðsetja nýja byggð í dreifbýli á bæjartorfum eða í

þyrpingum líkt og hefð er fyrir víða í sveitarfélaginu.

#### BB.4 **Stuðla að vandaðri mannvirkjagerð og sterkum staðaranda** með því að:

- Setja ákvæði um að mannvirkjagerð taki mið af sögulegu samhengi, byggingarhefðum, landslagi og staðháttum og hafi sem minnst kolefnisspor.
- Stuðla að verndun bygginga og annarra mannvirkja sem teljast verðmætur menningararfur.
- Taka mið af sérkennum í landslagi og náttúrufari við hönnun mannvirkja og almenningsrýma og leitast við að skapa fallett sjónrænt yfirbragð.

**Markmið BB.2 er sett fram með hliðsjón af stefnu** núgildandi aðalskipulags og byggðarmynstri sem lýst er á skýringarmyndinni að neðan sem sýnir stærðarskiptingu þéttbýlis-/þjónustukjarna eftir íbúafjölda og umfangi þjónustu:



Í landnotkunarluta í tillögu að nýju aðalskipulagi er þessari stefnu um byggðarmynstur fylgt eftir með:

- **Áherslum** sem leggja línur yfir landnotkunarákvæði í hverjum landnotkunarflokki.
- **Almennum ákvæðum** sem gilda fyrir alla reiti í landnotkunarflokknum.
- **Sértækum ákvæðum** fyrir einstaka reiti í landnotkunarflokknum.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að uppbygging íbúða í dreifbýli geti samræmst þremur landnotkunarflokkum: Íbúðarbyggð, verslun og þjónusta og landbúnaðarsvæðum. Meginhugsunin er þessi:

- **Íbúðir í kjarna** á þar til gerðum svæðum fyrir íbúðarbyggð, sem auðvelt er að þjónusta (mokstur, gatnagerð, veitur) og þar sem samfélagsþjónusta eins og t.d. leikskóli getur þróast með tíð og tíma.
- **Svigrúm til að byggja minni þyrpingar** á núverandi bæjartorfum án tengsla við búskap, á
  - verslunar- og þjónustusvæðum (sbr. ákvæði fyrir þau)
  - landbúnaðarsvæðum (sbr. ákvæði fyrir þau)

**Í aðalskipulagstillögunni er jafnframt gert ráð fyrir** að unnt sé að heimila íbúðarhúsnæði í litlum þyrpingum utan við bæjartorfur ef góð rök liggja fyrir. Óskir um slíka uppbyggingu komu fram hjá landeigendum í Freysnesi og Skaftafelli III og IV. og er hér í næsta undirkafla fjallað sérstaklega um þær.

## Íbúðir í vesturhluta Öraefa, vestan Sandfells

Í **Freysnesi liggja fyrir óskir** um að heimilað verði íbúðarhúsnæði, annarsvegar við afleggjara að þjónustumiðstöð Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli og hinsvegar á Freysmörk (frístundabyggðarsvæði F-17 í gildandi aðalskipulagi). Á fyrrnefnda reitnum er einnig óskir um að reisa safn og hótél með 120 gistirúm. Á síðarnefnda reitnum snúa áform að íbúðarhúsnæði fyrir starfsfólk á hluta reits F-17 í gildandi aðalskipulagi, innan hættusvæðis A skv. hættumati vegna mögulegs berghlaups úr Svínafellsheiði.<sup>272</sup>

Í **samræmi við óskir landeigenda og grundvelli** eftirfarandi mats eru, í framlagðri aðalskipulagstillögu á vinnslustigi, afmarkaðir tveir nýir VP-reitir í landi Freysness, með heimild fyrir íbúðarhúsnæði í bland við þjónustustarfsemi.

Í **landi Skaftafells III og IV** er, samkvæmt óskum landeigenda, einnig gert ráð fyrir möguleika á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis innan þegar reits VP-44

**Sjá matstöflur** á næstu blaðsíðum.

---

<sup>272</sup> Kynning á hættumati vegna berghlaups úr Svínafellsheiði 27. mars 2025

Mat á heimild fyrir 10 íbúðum á VP-215 (áður VP-57) á Freysmörk

Umhverfis-þáttur	Kostir / Jákvæð áhrif	Gallar / Neikvæð áhrif
<b>Loftslag og náttúruvá</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Umferð frá íbúðarbyggðinni í Hofi til vesturhluta Örnefa lendir oft í erfiðleikum vegna vindafars við Sandfell og munu þær aðstæður ekki breytast fyrr en búíð er að færa Hringveg neðar í landi líkt og gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Reiturinn er á hættusvæði A en möguleikar til uppbyggingar utan hættusvæðis í grennd núverandi þjónustustarfsemi í Freysnesi eru takmarkaðir.</li> </ul>
<b>Vatn</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Engar breytingar á vatnafari.</li> </ul>	
<b>Land og jarðvegur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lítill hluti reitsins fer yfir ræktað land.</li> </ul>	
<b>Lífríki og líffr.l. fjölbr.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Áhrif talin óveruleg.</li> </ul>	
<b>Landslag, jarðmyndanir og fornleifar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ráðgerð eru hús á einni hæð og verða þau því lítt áberandi.</li> </ul>	
<b>Íbúar og heilbrigði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Uppbyggingin myndi svara þörf fyrir húsnæði fyrir starfsmenn í Freysnesi.</li> <li>Líkur á að starfsfólk vilji setjast að aukast.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íbúðarkjarni í Hofi stækkar hægar ef heimilúð er íbúðaruppbygging vestan Sandfells..</li> <li>Stangast á við almenn ákvæði í tillögu að nýju aðalskipulagi um að beina nýrri íbúðarbyggð í íbúðarkjarna og á bæjartorfu. En í tillögunni er þó gert ráð fyrir að unnt sé að setja sérákvæði um íbúðir utan íbúðarkjarna og bæjartorfa, með rökstuðningi.</li> </ul>
<b>Efnisleg verðmæti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Rafmagn og vatn er komið í Freysmörk.</li> <li>Vegur liggur að reitnum.</li> </ul>	

Mat á heimild fyrir 15 íbúðum á VP-199 (áður VP-650) austan við þjónustumiðstöð Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli

Umhverfis-þáttur	Kostir / Jákvæð áhrif	Gallar / Neikvæð áhrif
<b>Loftslag og náttúruvá</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Reiturinn er utan hættusvæða vegna mögulegs berghlaups úr Svínafellsheiði.</li> <li>Umferð frá íbúðarbyggðinni í Hofi til vesturhluta Öræfa lendir oft í erfiðleikum vegna vindafars við Sandfell og munu þær aðstæður ekki breytast fyrir en búið er að færa Hringveg neðar í landi líkt og gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir.</li> </ul>	
<b>Vatn</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Engar breytingar á vatnafari.</li> </ul>	
<b>Land og jarðvegur</b>		<ul style="list-style-type: none"> <li>Óraskað land tekið til uppbyggingar.</li> </ul>
<b>Lífríki og líffr.l. fjölbr.</b>		<ul style="list-style-type: none"> <li>Kann að raska kjarri.</li> </ul>
<b>Landslag, jarðmyndanir og fornleifar</b>		<ul style="list-style-type: none"> <li>Breytir sjónrænum eiginleikum þessa hluta Vatnajökuls- þjóðgarðs sem aðdráttarafli og verndargildi þjóðgarðsins byggir m.a. á.</li> <li>Upplifun af þessum hluta þjóðgarðs á Heimsminjaskrá breytist.</li> </ul>
<b>Íbúar og heilbrigði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Möguleikar starfsfólks í ferðaþjónustu til að setjast að aukast, sem aftur styrkir samfélagið í Öræfum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íbúðarkjarni í Hofi stækkar hægar ef heimiluð er íbúðaruppbygging vestan Sandfells..</li> <li>Stangast á við almenn ákvæði í tillögu að nýju aðalskipulagi um að beina nýrri íbúðarbyggð í íbúðarkjarna og á bæjartorfur. En í tillögunni er þó gert ráð fyrir að unnt sé að setja sérákvæði um íbúðir utan íbúðarkjarna og bæjartorfa, með rökstuðningi.</li> </ul>
<b>Efnisleg verðmæti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vegur að Skaftafellsstofu nýtist sem aðkomuvegur.</li> <li>Stutt er að sækja rafmagn frá Skaftafelli og upphitun væri með rafmagni sem og heitt vatn.</li> <li>Auðvelt er að sækja vatn með því að bora eftir því.</li> </ul>	

Mat á heimild fyrir 15 íbúðum á VP-199 (áður VP-44) í landi Skaftafells III og IV

Umhverfis-þáttur	Kostir / Jákvæð áhrif	Gallar / Neikvæð áhrif
<b>Loftslag og náttúruvá</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Reiturinn er utan hættusvæða vegna mögulegs berghlaups úr Svínafellsheiði.</li> <li>• Umferð frá íbúðarbyggðinni í Hofi til vesturhluta Öræfa lendir oft í erfiðleikum vegna vindafars við Sandfell og munu þær aðstæður ekki breytast fyrr en búið er að færa Hringveg neðar í landi líkt og gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir.</li> </ul>	
<b>Vatn</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Engar breytingar á vatnafari.</li> </ul>	
<b>Land og jarðvegur</b>		
<b>Lífríki og líffr.l. fjölbr.</b>		
<b>Landslag, jarðmyndanir og fornleifar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Er á þjónustusvæði sem þegar hefur verið samþykkt í aðalskipulagi.</li> <li>• Falleg sýn að jökli og fjallahring.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ásýnd frá Skaftafellsheiði og þjónustusvæðis í Skaftafelli</li> <li>• Í umsögn Náttúrufræðistofnunar dags. 6.8.2025 um aðalskipulagstillögu á vinnslustigi segir: „Vatnajökulsþjóðgarður gerði athugasemd við þessa uppbyggingu þegar breyting var gerð á aðalskipulagi og tekur Náttúrufræðistofnun undir að hér virðist vera um töluvert inngrip hvað varðar ásýnd og rask á viðkvæmu umhverfi en stofnunin þyrfti að skoða nánar umhverfisáhrif þessara framkvæmda.</li> <li>• Landeigendur, í umsögn um aðalskipulagstillögu á vinnslustigi, benda á að ekki sé fyrirhugað að byggingar á reitnum verði hærrí eða meira áberandi (litaval) en varnargarður sem þarna er, sem sé grár og yfir 6 metra hár. Einnig að reiturinn sé 10 m y s lægra í landi en þjónustusvæðið í Skaftafelli, þannig að 5 m há hús á reitnum, rísi aldrei yfir sjöndeildarhring frá þjónustusvæðinu séð.</li> <li>• Landeigendur benda einnig á að frá skerinu sunnan og austan við Svartafoss sem er um 240 m y s sé 2,5 km í sjónlínu að VP-44. Sannreyna megi að vegna fjarlægðar sé sjónmengun af sundurlausum 5 m háum, 200 rúmmetra, sandgráum byggingum dreifðum á 16 ha miklu minni en af 5 km löngum, beinum, samfelldum og um 6 m háum milljón rúmmetra varnargarði.</li> </ul>

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Landeigendur benda á að á svæðum hærra og lengra inn á heiðinni byrgi gróður og fjölbreytt landslag fólki þar að miklu leiti sýn á flest það sem er nærri fjallinu. 8 m há og 5000 rúmmetra bygging við flugvöllinn sé t.d. máluð þannig að hún stingi ekki mikið í augu þótt stór sé.</li> </ul>
<b>Íbúar og heilbrigði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Möguleikar starfsfólks í ferðapjónustu til að setjast að aukast, sem aftur styrkir samfélagið í Öræfum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Íbúðarkjarni í Hofi stækkar hægar ef heimiluð er íbúðaruppbygging vestan Sandfells..</li> <li>• Stangast á við almenn ákvæði í tillögu að nýju aðalskipulagi um að beina nýrri íbúðarbyggð í íbúðarkjarna og á bæjartorfur. En í tillögunni er þó gert ráð fyrir að unnt sé að setja sérákvæði um íbúðir utan íbúðarkjarna og bæjartorfa, með rökstuðningi.</li> </ul>
<b>Efnisleg verðmæti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ætlunin er að virkja jarðhita sem er að finna á svæðinu.</li> </ul>	

# *Viðauki:*

Umhverfismatsskýrsla fyrir tillögu að nýjum VB-reit í landi Byrgis í Borgarhöfn

Viðaukinn er í sér skjali.